ALEX BJÖRN BÜLOW

*Gerði bestu kaupin í óvæntri Póllandsferð*

ferðir jól bílar

allt Í MIÐJU BLAÐSINS




ÍSLENSK JÓL

*Jólaminning Magneu frá Kleifum*

Sérblað um íslensk jól og hefðir

FYLGIR FRÉTTABLAÐINU Í DAG










# FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

12. desember 2007 — 338. tölublað — 7. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 512 5000


## MIÐVIKUDAGUR

### Umferðaröryggi aðalmálið



Félag íslenskra bifreiðaeigenda er 75 ára.

TÍMAMÓT 26

### Stal senunni með rappi



Helgi Björnsson fær Paris Hilton í mat.

FÓLK 46

### Listin að lesa

Lesefnið sem nú er lagt fyrir íslensk skólabörn er mun minna og að sama skapi rýrara að innihaldi en það var áður, skrifar Haraldur Ólafsson.

UMRÆÐAN 22

### Ánægð með liðsfélagana



Kesha Watson úr Keflavík var kosin best í fyrstu níu umferðum Iceland Express-deildar kvenna.

ÍÞRÓTTIR 40

## VEÐRIÐ Í DAG




**Rólegt fyrripartinn** en rok eða stormur sunnanlands og vestan í kvöld. Hiti yfir frostmarki víðast hvar. Úrkoma við suður- og vesturströndina.

VEÐUR 4








**SKÓLABÖRN KANNA JÓLIN Í MIÐBORGINNI** Börnin úr Norðlingaskóla dönsuðu í kringum jólatréð á Austurvelli í gær. Björn Kristjánsson kennari segir heimsókn í miðbæinn hluta af jólasmiðju skólans og ferðin hafi verið ánægjuleg en honum hafi komið á óvart að sum barnanna sögðust nær aldrei hafa komið í miðborgina áður. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Húsnæðisskortur á gjörgæsludeild Landspítalans:

# Tvö hundruð bíða hjartaþræðingar

**HEILBRIGÐISMÁL** Rúmlega 200 manns bíða eftir að komast í hjartaþræðingu á Landspítalanum. Þá eru fimmtíu manns á biðlista eftir að komast í hjartaskurðaðgerð sem oft er nauðsynleg eftir hjartaþræðingu. Tíu þeirra sjúklinga bíða á hjartadeild þar sem þeir eru of veikir til að vera heima hjá sér. Þeir komast ekki í hjartaskurðaðgerð vegna húsnæðisskorts á gjörgæsludeild.

Gestur Þorgeirsson, yfirlæknir á hjartadeild Landspítalans, segir stöðuna óvenju slæma nú þar sem hvatt hafi verið til að deildin taki við fleiri sjúklingum í hjartaþræðingu til að vinna á biðlistanum.

„Það er ekki hægt að halda uppi átaki í hjartaþræðingum ef sjúklingar komast ekki í þær aðgerðir sem reynast nauðsynlegar eftir þær,“ segir Gestur. Hann bendir á að hjartadeildin búi einnig við húsnæðisskort og oft þurfi sjúklingar að liggja á göngum eftir hjartaþræðingu.

„Mér finnst þessi staða með ólíkindum. Það er engin manneskja að gamni sínu á biðlista eftir hjartaaðgerð heldur vegna þess að hún þarfnast aðgerðarinnar bráðnauðsynlega. Líf og heilsa fólks er í veði,“ segir Bjarni Torfason, yfirlæknir hjarta- og lungnaskurðdeildar, og bætir við „þetta mál þolir enga bið.“ - kdk

Háhýsið við Smáratorg:

## Upp á topp á 20 sekúndum

**KÓPAVOGUR** Lyfturnar í háhýsinu við Smáratorg, sem teknar verða í notkun á allra næstu dögum, verða þær hraðskreiðustu á landinu. Lyfturnar munu ferðast fjóra metra á sekúndu, sem er helmingi meiri hraði en áður hefur þekkst í lyftum hér á landi. World Class verður með líkamsræktarstöð á 15. hæð hússins og mælir eigandinn Björn Leifsson með því að fólk noti stigana. - vig / sjá síðu 34

Þriðju kynslóðar farsímar:

## Hár reikningur

**VIÐSKIPTI „Reikningurinn var miklu hærri en ég bjóst við. Bara viðurstyggilega hár,“ segir Anna Einarsdóttir, sem notað hefur þriðju kynslóðar farsíma um tveggja mánaða skeið. Hún segist samt einkum nota hann í venjuleg símtöl og SMS.**



ANNA EINARSDÓTTIR Símreikningurinn kom á óvart.

**Þrjú fyrirtæki bjóða þriðju kynslóðar farsímaþjónustu: Nova, Síminn og Vodafone.**

**Upplýsingafulltrúar fyrirtækjanna benda á að hver og einn geti fylgst með notkun sinni. „Við höfum ekki áhuga á því að fólk fái himinháa reikninga sem það gerði ekki ráð fyrir,“ segir Linda Waage hjá Símanum.** - ikh / Sjá Markaðinn

# Auralausir á aðventu

**Á annan tug starfsmanna Jarðvéla hafa ekki fengið laun fyrir síðasta mánuð. Fyrirtækið skuldar milljónir króna í launagreiðslur. Það verður enginn svangur um jólin segir forsvarsmaður Jarðvéla, launin verði greidd á næstu dögum.**

**VINNUMARKAÐUR** Á annan tug starfsmanna verktakafyrirtækisins Jarðvéla hefur leitað til verkalýðsfélags þar sem þeir hafa engin laun fengið fyrir nóvember.

Ágúst Þorláksson hjá verkalýðsfélaginu Eflingu segir að þeir sem leitað hafi til félagsins vegna Jarðvéla eigi inni milljónir króna. Vandinn sé trúlega meiri því ólíklegt sé að allir sem svo sé ástatt um hafi leitað til félagsins.

Jarðvélar vinna nú að tvöföldun Reykjanesbrautar. Jónas Snæbjörnsson, umdæmisstjóri Vegagerðarinnar, segir að þar á bæ hafi menn orðið varir við að verkið hafi gengið hægt síðustu tvo mánuði. Vel verði fylgst með framvindu málsins.

„Þetta er alveg hrikaleg staða, ég viðurkenni það alveg,“ segir Sigurjón Ingi Gíslason, trúnaðarmaður starfsmanna Jarðvéla.

Laun fyrir október voru greidd rúmri viku of seint. Sigurjón segir að þá hafi yfirmenn lofað að það myndi ekki gerast aftur. Engu síður hafi fjöldi starfsmanna séð hvert stefndi og hætt störfum. Um 100 starfsmenn hafi verið hjá fyrirtækinu en nú séu um 50 eftir.

Sigurjón segir að um síðustu mánaðamót hafi aftur dregist að greiða starfsmönnum. Hann segist vita til þess að starfsmenn sem hafi hætt eftir síðustu mánaðamót hafi enn ekki fengið greitt fyrir vinnu í nóvember.

Starfsmenn fá engin svör um framhaldið og bendir Sigurjón fólki á að geyma launaseðla. Hann sjálfur hafi til dæmis ekki fengið framlög vinnuveitenda vegna viðbótarsparnaðar síðustu mánuði og ekkert hafi verið greitt í lífeyrissjóð eða til stéttarfélags.

„Það verður enginn svangur um jólin,“ segir Vilhjálmur Vilhjálmsson, verkefnisstjóri hjá Jarðvélum. Hann staðfestir að greiðslur hafi dregist en segir að þeir sem eigi inni laun fái greitt á næstu dögum.

Vilhjálmur segir að verið sé að minnka fyrirtækið og fækka starfsmönnum. Jafnframt sé verið að endurskipuleggja fjármálin.

Mislangan tíma tekur fyrir verkalýðsfélag að innheimta ógreidd laun hjá fyrirtæki sem ekki hefur greitt, segir Ágúst. „Í þessu tilviki, þar sem hreinlega virðast ekki vera til peningar, getur þetta tekið einhvern tíma. Það lítur út fyrir að staðan hjá Jarðvélum sé ekki góð.“ - bj







**SPURNING DAGSINS**



*Svavar, var hraunað yfir ykkur?*

„Nei, þetta var frábær reynsla. Meira gos en hraun.“

Hljómsveitin Hraun komst í undanúrslit í hljómsveitakeppni breska ríkisútvarpsins BBC en hreppti ekki hnossið í lokakeppninni úti. Svavar Knútur er söngvari Hrauns.

Dmítrí Medvedev skorar á Vladimir Pútín að verða forsætisráðherra:

# Vill stjórna við hlið Pútíns

**RÚSSLAND, AP** Dmítrí Medvedev skoraði í gær á Vladimír Pútín að taka að sér að vera forsætisráðherra Rússlands eftir forsetakosningarnar 2. mars næstkomandi. Daginn áður hafði Pútín lýst yfir stuðningi við Medvedev sem arftaka sinn á forsetastólnum. Medvedev, sem er aðstoðarforsætisráðherra Rússlands og stjórnarformaður orkufyrirtækisins Gazprom, segir að Pútín hafi „komið í veg fyrir hrun efnahagslífsins og félagslega vettvangsins í landi okkar, en sú stefna forðaði okkur frá borgarastyrjöld.“ Þess vegna sé afar nauðsynlegt að Pútín gegni áfram „mikilvægasta embættinu í ríkisstjórn okkar“.



**MEDVEDEV OG FLOKKSLEIÐTOGARNIR** Dmítrí Medvedev, fyrir miðri mynd, átti í gær fund með leiðtogum fjögurra stjórnmálaflokka sem hafa eins og Pútín lýst yfir eindregnum stuðningi við forsetaframboð hans. NORDICPHOTOS/AFP

Miklar vangaveltur hafa mánuðum saman verið um það hvað Pútín ætlist fyrir að loknum forsetakosningum í mars. Samkvæmt stjórnarskrá landsins má hann ekki bjóða sig fram til þriðja kjörtímabils, en nú virðist nokkuð ljóst að hann ætli sér að taka við forsætisráðherraembættinu eftir að Medvedev er orðinn forseti.

Þó kann enn að vera inni í myndinni sá möguleiki að Hvíta-Rússland og Rússland sameinist og Pútín ætli sér nýtt leiðtogahlutverk sameinaðs ríkis. Í það minnsta ætlar Pútín nú í þessari viku að eiga fund með rússneskum og hvít-rússneskum ráðamönnum til að ræða samstarf ríkjanna tveggja. - gb

Stærsta aðgerðin í hálft ár:

# Ísraelskir skriðdrekar á Gaza

**GAZA, AP** Ísraelsk stjórnvöld sendu skriðdreka og jarðýtur ásamt orrustuþotum inn í suðurhluta Gazastrandarinnar í gær í stærstu aðgerð þar frá því að Hamas-samtökin tóku völdin í júní. Fimm palestínskir skæruliðar féllu og einn í loftárás í norðurhluta Gaza.

Fyrr um daginn voru fyrstu formlegu friðarviðræðurnar milli Ísraela og Palestínumanna í tæp sjö ár. Ísraelsk yfirvöld sögðu aðgerðina á Gaza venjubunda aðgerð gegn hryðjuverkastarfsemi en palestínskir embættismenn sökuðu Ísraela um að reyna að skaða friðarviðræðurnar. - sdg

Ákærður og játar sök:

# Var með tvö kíló af kókaíni

**DÓMSMÁL** Karl Bjarni Guðmundsson, fyrrverandi Idol-stjarna, hefur verið ákærður fyrir Héraðsdómi Reykjaness fyrir tilraun til að smygla miklu magni af fíkniefnum til landsins.

Honum er gefið að sök að hafa í byrjun júní reynt að smygla til landsins tæpum tveimur kílóum af kókaíni. Hann kom frá Frankfurt og var handtekinn við komuna til landsins. Karl Bjarni játaði sök fyrir dómi, að því er fram kemur á Vísir.is Hann kvaðst einungis hafa verið burðardýr. - jss

Vegamálastjóri hættir störfum:

# Unnið hjá Vegagerðinni í 43 ár

**SAMGÖNGUR Jón Rögnvaldsson vegamálastjóri hefur tilkynnt samgönguráðherra að hann hyggist láta af störfum 1. mars næstkomandi.**



JÓN RÖGNVALDSSON

**Jón hefur starfað hjá Vegagerðinni í 43 ár. Í tilkynningu frá Vegagerðinni segir að Jón telji heppilegt að láta af störfum á þessum tímapunkti. Hann verður orðinn 69 ára þegar hann lætur af störfum. Lögum samkvæmt mun samgönguráðherra skipa nýjan vegamálastjóra til fimm ára frá og með 1. mars.** - bj

**NÁTTÚRA**

**Jörð skelfur við Upptyppinga**

Hátt í 500 jarðskjálftar hafa orðið í nágrenni Upptyppinga norðan Vatnajökuls síðan á sunnudag. Skjálftar á svæðinu í gærkvöldi voru á þréttan til fimmtán kílómetra dýpi.

# Fangar ósáttir við léttari lyftingalóð

**Þyngstu lóðin í lyftingasal fangelsisins á Litla-Hrauni hafa verið fjarlægð. Þessu hafa fjölmargir fangar mótmælt harðlega. Íþróttafulltrúi fangelsisins segir að reynt sé að beina föngum að fjölbreyttari heilsurækt en kraftlyftingum.**

**FANGELSISMÁL** „Þessu hefur verið harðlega mótmælt og fjölmargir fangar hafa leitað til okkar,“ segir Magnús Einarsson, formaður Afstöðu, félags fanga á Litla-Hrauni. Í byrjun mánaðarins voru gerðar breytingar á líkamsræktaraðstöðu fanga og þyngstu lóðin í lyftingasalnum fjarlægð. Í staðinn komu tæki sem Magnús segir að fáir noti. „Það er mikill áhugi á lyftingum í fangelsinu og það er ansi hart að taka þessa betrun af okkur,“ segir Magnús.

Laus 25 kílóa lóð hafa verið fjarlægð svo nú geta fangarnir ekki hlaðið eins miklu á lyftingastangirnar og varla tekið meira en 120 kíló í bekkpressu.

Einar Loftur Högnason, íþróttafulltrúi fangelsisins, segir að í fangelsum erlendis sé þess víða gætt að lóðin séu ekki af þyngstu gerð.

„Íþróttaiðkun er bráðnauðsynleg fyrir þessa stráka en með árunum hafa kraftlyftingarnar aukist og við erum að reyna að stemma stigu við því,“ segir Einar. Hann segir vel hægt að ná jafn góðum árangri með léttari lóðum og bendir á að fjölbreyttari líkamsrækt henti betur á stað sem þessum.

„Kraftlyftingar geta ýtt undir steranotkun. Þegar menn ná vissum árangri fara þeir oft að leita í slík efni,“ segir Einar en bætir því við að það hafi ekki verið athugað sérstaklega hvort steranotkun tengist kraftlyftingum á Litla-Hrauni.

Magnús er þessu ósammála og segir að með því að fækka lóðunum sé þvert á móti líklegra að menn freistist til að taka ólögleg efni til að flýta fyrir árangri.

„Ég held að þetta sé svolítið vanhugsað enda veit ég dæmi þess að menn hafi hreinlega misst áhugann á að mæta í líkamsræktarsalinn. Þetta hefur letjandi áhrif frekar en hvetjandi sem er slæmt því það er afar mikilvægt að hafa eitthvað fyrir stafni í fangelsinu,“ segir Magnús. Hann segir að fangar hafi spurt sig hvort fangelsisyfirvöld óttist að fangarnir verði of sterkir. „Ég held að sú sé ekki raunin og hef í raun fulla trú á að við fáum lóðin aftur,“ segir Magnús.

Einar segir að menn óttist ekki að kraftlyftingar geri fangana að hættulegum mönnum þegar þeir losna úr fangelsinu. „Ég hef verið viðloðandi þennan kraftlyftingaheim um árabil og til allrar hamingju er það nú oft þannig að þeir sem eru sterkastir eru rólegastir,“ segir Einar Loftur Högnason.

thorgunnur@frettabladid.is



**LITLA-HRAUN** Fangar hafa spurt fangelsisyfirvöld hvort þau óttist að fangar verði of sterkir. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN



**LÓÐ** Stök 25 kílóa lóð hafa verið fjarlægð úr lyftingasalnum á Litla-Hrauni.



**HERSKIP** Flugmóðurskipið Kuznetsov aðmíráll leiðir flotann. NORDICPHOTOS/AFP

Flotadeild í efnahagslögsögu:

# Rússarnir koma

**UTANRÍKISMÁL Rússnesk flotadeild með ellefu herskipum sigldi framhjá Íslandi í gær, innan 200 mílna efnahagslögsögunnar en langt utan 12 mílna landhelginnar.**

**Um er að ræða eina lengstu siglingu rússneskrar flotadeildar frá því í kalda stríðinu, segir Þórir Ibsen, skrifstofustjóri varnarmálaskrifstofu utanríkisráðuneytisins. Skipin koma frá Barentshafi og stefna inn á Miðjarðarhaf.**

**Eitt skipanna var flugmóðurskip og segir Þórir að fylgst verði með því hvort flugvélar taki á loft frá því. Komi sú staða upp verði upplýsingar sendar bandalagsþjóðum Íslands í NATO, sem taki ákvarðanir um það hvort orrustuþotur verði sendar til móts við vélar Rússa.** - bj

Tillaga þingmanna allra flokka:

# Raflínur verði grafnar í jörð

**ALÞINGI** Þingmenn allra flokka á Alþingi hafa lagt fram þingsályktunartillögu um lagningu raflína í jörð. Er lagt til að ríkisstjórnin skipi nefnd til að móta stefnu um hvernig megi leggja raflínur sem nú eru á yfirborðinu í jörð á næstu árum og áratugum.

Í greinargerð með tillögunni segir að umtalsverður hluti umhverfisáhrifa orkuflutningsleiðslu sé sjónmengun af háspennulínum. Nú séu nær allar fjarskiptalagnir lagðar í jörð og svipuð þróun eigi eftir að verða hvað varðar raforkulínur. - bj




1 gjafabréf – 3 ferðaskrifstofur!

*Þú getur valið úr fjölbreyttu úrvali ferða hjá þremur ferðaskrifstofum. Allt í einu gjafabréfi.*

Úrval-Útsýn: 585 4000
Sumarferðir: 514 1400
Plúsferðir: 535 2100

ÚRVAL-ÚTSÝN SUMARFERÐIR plús FERÐIR


Niðurstaða tæknideildar norsku lögreglunnar vegna banaslyssins í Reykjanesbæ:

# Trefjar á bílnum úr fötum drengsins sem lést í slysinu

**LÖGREGLUMÁL** Efnisþræðir sem fundust á bíl manns sem grunaður er um að hafa orðið fjögurra ára dreng að bana í Reykjanesbæ samsvara efnisþráðum sem teknir voru úr fatnaði drengsins.

Við rannsókn banaslyssins sem átti sér stað föstudaginn 30. nóvember sendi lögreglan á Suðurnesjum, með aðstoð embættis ríkislögreglustjóra, til tæknirannsóknar hjá tæknideild norsku lögreglunnar umrædda efnisþræði sem fundust á bifreið sem haldlögð var í þágu rannsóknar slyssins. Styður niðurstaðan enn frekar þá tæknirannsókn sem gerð hafði verið á bifreiðinni og unnin var af tæknideild lögreglu á Suðurnesjum og á höfuðborgarsvæðinu með aðkomu réttarlæknis og sérfræðings frá fræðslumiðstöð bílgreina.

Sá sem talinn er hafa ekið bifreiðinni hefur þrálfaldlega neitað að hafa valdið slysinu en hann hefur setið í gæsluvarðhaldi frá 2. desember. Lögreglan á Suðurnesjum krafðist þess í Héraðsdómi Reykjaness í gær að honum yrði gert að sæta gæsluvarðhaldi í fjórar vikur. Héraðsdómur Reykjaness úrskurðaði að hann skyldi sæta farbanni til 8. janúar. Sá úrskurður var af hálfu lögreglu þegar kærður til Hæstaréttar Íslands. - jss



**HARMI SLEGNIR** Íbúar Reykjanesbæjar hafa kveikt á kertum á staðnum þar sem banaslysið varð.

# ÞAÐ ERU 2.152 ÁSTÆÐUR FYRIR ÞVÍ AÐ VIÐ VORUM VALIN BESTI BANKI Á ÍSLANDI 2007



ANNA KRISTÍN GUÐMUNDSDÓTTIR
SÉRFRÆÐINGUR HJÁ GLITNI

[ HÉR ER EIN ÞEIRRA ]

## 2.152 STARFSMENN GLITNIS ÞAKKA FYRIR SIG

**Tímaritið The Banker, sem tilheyrir Financial Times Group og er elsta tímarit heims um alþjóðlega bankastarfsemi, hefur valið Glitni „Banka ársins 2007“ á Íslandi.**

Dómnefnd The Banker hreifst af stefnu Glitnis í yfirtökum og 80% hagnaðaraukningu bankans. Í desemberhefti tímaritsins var bankanum hrósað fyrir að auka veg og virðingu bankakerfisins á Íslandi. Fjármálatímaritið Global Finance hefur einnig valið Glitni „Besta bankann á Íslandi 2007“ í flokknum „World's Best Developed Market Banks“.

Glitnir þakkar þennan glæsilega árangur þeim einstaka mannnauði sem bankinn byggir á – samhentum hópi sem nær árangri.

The Banker Awards 2007

GLITNIR

## GENGIÐ 11.12.2007

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 61,09 | 61,39 |
| Sterlingspund | 125,17 | 125,77 |
| Evra | 89,72 | 90,22 |
| Dönsk króna | 12,023 | 12,093 |
| Norsk króna | 11,19 | 11,256 |
| Sænsk króna | 9,544 | 9,6 |
| Japanskt jen | 0,545 | 0,5482 |
| SDR | 96,69 | 97,27 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR
118,6671

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Aðilar vinnumarkaðarins eru svartsýnir á kjarasamninga fyrir áramót:

# Rætt um kaupliðina í dag

**VINNUMARKAÐUR** Nánast útilokað er að kjarasamningar náist fyrir áramót. Þetta er mat Vilhjálms Egilssonar, framkvæmdastjóra Samtaka atvinnulífsins, SA. Kristján Gunnarsson, formaður Starfsgreinasambandsins, SGS, segir að eitthvað mikið þurfi að gerast til að gangi saman fyrir áramót. Það skýrist þó betur í dag.

Á samningafundi SGS, Flóabandalagsins og atvinnurekenda verður í dag í fyrsta skipti rætt um sjálfa kaupliðina sem kallað er, það er peningakröfur verkalýðshreyfingarinnar.

Kristján segir að nú fáist „fyrstu formlegu viðbrögð á aðalkröfur sambandanna“ og að útlínur á næsta kjarasamningi geti hugsanlega skýrst.



KRISTJÁN GUNNARSSON

Fyrir utan hækkun lægstu launa og fjögurra prósenta almenna launahækkun hefur Starfsgreinasambandið meðal annars lagt fram kröfur um fleiri skattþrep. Kristján segir að ekki sé útilokað að fara aðra leið sem virki með sama hætti þannig að lágtekjufólk borgi lægri skatta. Ýmsar útfærslur komi til greina, til dæmis á persónuafslætti, sem gætu komið lágtekjufólkinu mjög til hagsbóta.

Vilhjálmur er svartsýnn á að kjarasamningar takist fyrir áramót. „Þetta er miklu meira verk og miklu skemmra á veg komið en maður var að vonast til að gæti orðið á þessum tíma.

Tíminn er farinn þannig að þetta klárast ekki fyrir jól. Við höldum áfram þessari vinnu og hún verður í gangi en þetta klárast ekki fyrir áramót,“ segir hann. - ghs

Serbar leita til Alþjóðadómstóls:

# Haag úrskurði um sjálfstæði

**SERBÍA, AP** Serbnesk stjórnvöld munu leita til Alþjóðadómstólsins í Haag til að fá fyrirhugaðri sjálfstæðisyfirlýsingu Kosovohéraðs hnekkt, að því er forseti Serbíu, Boris Tadic, greindi frá í gær.

Óskað verður eftir því að öryggisráð SÞ fái álit dómstólsins á lögmæti yfirlýsingarinnar. „Við verðum að gera allt til að koma í veg fyrir sjálfstæði Kosovo ... á friðsaman og skipulagðan hátt,“ sagði Tadic í gær. „Ef ákvörðunin er tekin verðum við að ógilda slíka einhliða aðgerð með því að hefja lagalegt ferli frammi fyrir alþjóðlegum stofnunum.“ - sdg



**Í SKÓLA** Brugðist verður við nýlegri könnun um námsárangur. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Viðbrögð við PISA-könnun:

# Námsárangur greindur frekar

**MENNTAMÁL** Menntaráð Reykjavíkur ætlar að óska eftir því að Námsmatsstofnun greini nánar árangur reykvískra grunnskólabarna í PISA-könnun sem nýverið var kynnt. Þá samþykkti menntaráð að skipa aðgerðahóp sem ræði við menntamálaráðuneyti, menntastofnanir og skólaþróunarsamtök um samstarf.

Í skýrslu Námsmatsstofnunar um PISA-niðurstöður 2006 kemur fram að staða íslenskra nemenda hefur versnað nokkuð á milli áranna 2000 og 2006. Lesskilningi hefur hrakað marktækt öll þrjú árin sem PISA-rannsóknin hefur verið lögð fyrir, í stærðfræði er staðan einnig nokkuð lakari en lítil breyting hefur orðið á árangri í náttúrufræði. - shá

## FRAKKLAND

### Atvinnuleysi minnkar

Atvinnuleysi í Frakklandi mældist 8,3 prósent á þriðja ársfjórðungi þessa árs og minnkar um 0,2 prósentustig frá öðrum ársfjórðungi. Á sama tímabili í fyrra mældist atvinnuleysi 9,3 prósent.

## LEIÐRÉTTING

Séra Sighvatur Karlsson, sóknarprestur á Húsavík, var rangfeðraður í blaðinu á mánudag. Beðist er velvirðingar á því.

# 105.000 tonn af síld veidd í Grundarfirði

**Síldarflotinn er búinn að veiða tvo þriðju af útgefnum síldarkvóta. Aflinn hefur að stærstum hluta fengist á litlum bletti í Grundarfirði. Hafrannsóknastofnun er við mælingar og þarf aðstoð frá smábátum, svo grunnt heldur síldin sig.**

**SJÁVARÚTVEGUR** Síldveiðiflotinn er búinn að veiða tvo þriðju af útgefnum síldarkvóta. Þessi afli hefur nær allur veiðst á litlu svæði í Grundarfirði. Margir bátar eru langt komnir með kvótann. Hafrannsóknastofnun er við rannsóknir í firðinum en í fyrra mældi stofnunin gífurlegt magn síldar á því svæði sem nú gefur ævintýralega veiði.

Samkvæmt tölum Fiskistofu er síldveiðiflotinn búinn að veiða 105 þúsund tonn af síld á þessari vertíð. Af þeim nítján skipum sem hafa beitt sér af krafti eru ellefu sem eru langt komin með kvóta sína. Fjöldi síldarbáta hefur verið við veiðar á firðinum síðustu daga, líkt og verið hefur síðan í októberbyrjun. Hafa allt að fimmtán bátar verið við veiðar á sama tíma, á litlu svæði nálægt landi. Mörg skipin kasta á svo grunnu vatni að þau festa og rífa veiðarfærin sem helst hefur verið til að spilla fyrir nokkuð þægilegri vertíð. Áhafnir skipanna almennt fagna því að ganga að síldinni vísri inn á firði þar sem skjól er fyrir veðri og vindum. Útgerðir skipa sem landa afla sínum á höfnum á Austurlandi efast þó um að útkoma vertíðarinnar gefi mikið í aðra hönd þar sem langar siglingar eru mjög kostnaðarsamar.

Hafrannsóknastofnun er nú við mælingar á Grundarfirði en í fyrra mældi stofnunin 618 þúsund tonn af fullorðinni síld í Grundarfirði.

Hrygningarstofninn mældist um 750 þúsund tonn svo megnið af fullorðinni síld á Íslandsmiðum var í Grundarfirði. Hvað þessu veldur er óútskýrt en til marks um hversu sérstakar aðstæður mæta síldarsjómönnum í Grundarfirði þá hefur Hafrannsóknastofnunin þurft að fá trillur til að vinna hluta verksins og menn með þekkingu til að sigla milli skerja og upp í harða fjöru til mælinga. Hafrannsóknaskipið Bjarni Sæmundsson fór út í gær til að halda áfram mælingum á svæðinu en niðurstöður eru ekki væntanlegar strax.

svavar@frettabladid.is



**GEFA SÍLD** Köstin eru mörg hver stór, yfir þúsund tonn í nokkrum tilfellum, og því er umframsíldinni dælt í næsta bát. Hér er Jóna Eðvalds að miðla til Áskels EA 48. MYND/SVERRIR



**MÖRG SKIP** Þröngt er á þingi þegar mörg skip eru á firðinum við veiðar. MYND/KJARTAN



**HUGINN VE 55** Það virðist sem síldarskipin standi á þurru landi, svo nærri fara þau landi við veiðarnar. MYND/SVERRIR

Engin þjóðaratkvæðagreiðsla:

# Þingið staðfesti nýjan sáttmála

**DANMÖRK, AP** **Dönsk stjórnvöld tilkynntu í gær að hinn nýi umbótasáttmáli Evrópusambandsins yrði ekki borinn undir þjóðaratkvæði.**

**Samkvæmt dönsku stjórnarskránni á að bera undir þjóðina ákvarðanir sem þýða að Danmörk gefi eftir hluta af fullveldi sínu til alþjóðlegra stofnana.**

**Anders Fogh Rasmussen, forsætisráðherra Danmerkur, sagði stjórn sína hafa komist að þeirri niðurstöðu að ekki væri um að ræða framsal á fullveldi til ESB í nýja sáttmálanum, umfram það sem þegar er orðið, og því væri það í verkahring þingsins að staðfesta hann.** - sdg



**LESTIN KEMUR** Byggingaefni var flutt með lest frá Suður-Kóreu til Norður-Kóreu í gær.

Norður-Kórea og Suður-Kórea:

# Lestarferðir eftir 50 ára hlé

**SUÐUR-KÓREA, AP** Nágrannaríkin Norður-Kórea og Suður-Kórea hófu í gær lestarferðir yfir landamærin milli ríkjanna eftir fimmtíu ára hlé. Flutningalest flutti í gær byggingarefni frá S-Kóreu yfir til N-Kóreu og sneri svo til baka með varning sem framleiddur er í N-Kóreu. Er þetta ein birtingarmynd þess árangurs sem náðist á fundi Kim Jong-il, leiðtoga N-Kóreu, og Roh Moohyun, forseta S-Kóreu, í október.

Óvíst er hvort farþegalestir fara að ganga milli ríkjanna í bráð. - sdg




## VEÐURSPÁ



Elín Björk Jónasdóttir veðurfræðingur

**ENDALAUS LÆGÐASÚPA** Í dag nálgast landið lægð og áhrifa hennar fer að gæta síðdegis. Þá hvessir um sunnan og vestanvert landið, með úrkomu sunnan og suðaustan lands. Veðurhæðin verður mest allt að 22 m/s á milli kl. 21 og 24, en þá fer að lægja. Aðra nótt nálgast svo enn ein lægðin, og sú reiknast í dag 943 mb. Það má því búast aftur við stormi og mikilli rigningu. Hlýnar um allt land, 4-8 stiga hiti á morgun.

**BORGINNI Í DAG** Hvassviðri með skúrum í kvöld.




um hádegi »

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Kaupmannahöfn | 4°C bjart | London | 7°C bjart | Eindhoven | 5°C skýjað |
| Billund | 3°C bjart | París | 6°C bjart | Basel | 5°C skýjað |
| Osló | -2°Cbjart | Frankfurt | 3°C rigning | Alicante | 14° bjart |
| Stokkhólmur | 3°C él | Friedrichshafen | 2°C slydda | Róm | 13°C skýjað |
| Gautaborg | 2°C bjart | Berlín | 7°C rigning | Las Palmas | 23°C bjart |

* Vindhraði er í metrum á sekúndu.

# Jólagleði



**Puma Aqua dömu gjafakassi.**
Edt. 20 ml, sturtugel 50 ml, body lotion 50 ml.

**Puma Aqua herra gjafakassi.**
Edt. 30 ml, 2 x sturtugel 50 ml.

1.989 kr.

1.989 kr.



2.029 kr.

**Naomi Campell Cat At Night**
Edt.15 ml, sturtugel 50 ml, body lotion 50 ml.



2.529 kr.

**Van Gils – Tendenza**
Edt. 40 ml, sturtusápa, 100 ml, fylgir frítt með.



5.799 kr.

**Clarins herrataska**
Dekurtaska, full af því mikilvægasta fyrir herra á öllum aldri.



2.539 kr.

**L´Oréal herrataska**
Inniheldur mjög rakagefandi og gott krem fyrir herra á öllum aldri.
*Kaupauki*: Rakagel og hreinsigel.



2.989 kr.

**L'Oréal Age Re-Perfect Pro-Calsium**
er einstaklega nærandi og gefur húðinni góðan raka.
***Kaupauki:*** Hreinsimjólk og andlitsvatn.



20% afsláttur

**Surgi Vaxtæki og vaxfyllingar**
Einföld og fljótleg háreyðingarmeðferð sem endist í 6–8 vikur. *20% afsl. fram til jóla.*



## JÓLABÓKIN Í ÁR

Handbók um lyf á Íslandi – þarfaþing á hverju heimili.

## GJAFAPOKI FYLGIR GJAFAVÖRUM

Komdu og skoðaðu
frábært úrval af jólagjöfum.
Fallegur gjafapoki fylgir gjafavörum.



Lágmúli - Smáratorg - Laugavegur - Smáralind - Spöngin - Garðatorg - Setberg - Keflavík - Grindavík - Selfoss - Laugarás - Borgarnes - Stykkishólmur
Grundarfjörður - Búðardalur - Ísafjörður - Bolungarvík - Patreksfjörður - Sauðárkrókur - Blönduós - Hvammstangi - Skagaströnd - Húsavík - Kópasker
Raufarhöfn - Þórshöfn - Egilsstaðir - Seyðisfjörður - Fáskrúðsfjörður - Höfn - Neskaupstaður - Reyðarfjörður - Eskifjörður

www.lyfja.is

LYFJA
- Lifið heil

ÍSLENSKA/SIA.IS/LYF 40051 12/07

## KJÖRKASSINN



*Telur þú að það sé of auðvelt að falsa lyfseðla?*

| | |
|---|---|
| Já | 68,2% |
| Nei | 31,8% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG:**

*Telur þú að maðkar séu í mysunni vegna sölu á ríkiseignum á Keflavíkurflugvelli?*

Segðu þína skoðun á visir.is — vísir

Fyrrverandi starfsmaður CIA segir vatnsbrettaaðferðina vera pyntingar:

# Sæmir ekki Bandaríkjunum

**BANDARÍKIN** „Það var eins og kveikt væri á rofa,“ segir John Kiriakou, fyrrverandi starfsmaður bandarísku leyniþjónustunnar CIA, um áhrif vatnsbrettaaðferðarinnar á fangann Zayn Abidin Muhammed Hussein abu Zubaida, fyrsta háttsetta Al Kaída-liðann sem Bandaríkjamenn yfirheyrðu.

Í viðtali við bandaríska dagblaðið Washington Post segist Kiriakou líta svo á að þessi harkalega yfirheyrsluaðferð sé ekkert annað en pyntingaraðferð og sem slík ekki Bandaríkjunum sæmandi, en vill þó ekki neita því að þessi aðferð geti bjargað mannslífum.



**JOHN KIRIAKOU** Lýsir yfirheyrslum í leynifangelsum CIA í Pakistan þar sem pyntingar voru stundaðar. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Kiriakou tók þátt í yfirheyrslum yfir Zubaida á sjúkrahúsi í Pakistan eftir að hann var handtekinn þar vorið 2002. Zubaida segist reyndar ekki hafa verið viðstaddur þegar vatnsbrettaaðferðinni var beitt, en getur þó lýst því sem gerðist.

Hann segir í Washington Post að Zubaida hafi verið afar ósamvinnuþýður allt þangað til félagar hans í CIA festu hann niður á bekk, vöfðu plastfilmu yfir nef og munn hans og helltu síðan vatni yfir sem hafði þau áhrif að Zubaida fannst eins og hann væri að drukkna.

Ekki þurfti nema 35 sekúndur af þessari meðferð, þá gaf Zubaida sig og daginn eftir var hann fús til að gefa Bandaríkjamönnunum allar þær upplýsingar sem þeir vildu. - gb

Siðareglur ríkisstarfsmanna:

# Óheimilt verði að kaupa kynlíf

**ALÞINGI Þrír þingmenn hafa lagt fram á Alþingi tillögu um að settar verði siðareglur fyrir opinbera starfsmenn í vinnuferðum. Í þeim á að leggja bann við kaupum á kynlífsþjónustu í vinnuferðum erlendis.**

**Það eru þingmennirnir Kolbrún Halldórsdóttir, Siv Friðleifsdóttir og Árni Þór Sigurðsson sem leggja þetta til.**

**Í greinargerð með tillögunni er bent á að Norðmenn hafi þegar sett slíkar siðareglur. Það hafi verið gert eftir að í ljós kom að töluverður hluti opinberra starfsmanna hafði keypt kynlífsþjónustu á ferðalögum. - bj**

**Óska eftir að kaupa enskt lingapon námskeið**

óska eftir að kaupa enskt lingpon námskeiða sem samanstendur af einni bók innbundini sem kilju. Kassettur eða geisladiska og neðanmáls við enska textan er íslenska þýðing.

Upplýsingar í síma 865 7013
Björgvin Ómar Ólafsson

# Náttúrufræðistofnun benti á mistökin

**Forstjóri Náttúrufræðistofnunar kveður borgarstjóra ekki hafa kannast við að reitur G tilheyrði Náttúrufræðisafni þegar viljayfirlýsing um Listaháskóla í Vatnsmýri var kunngjörð. Hún var svo samþykkt án mótatkvæða í borgarráði.**

**REYKJAVÍK** „Ég gerði athugasemdir við þetta strax í vor, en þá neitaði borgarstjóri því að ég hefði rétt fyrir mér,“ segir Jón Gunnar Ottósson, forstjóri Náttúrufræðistofnunar.

Greint hefur verið frá því að Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson, fyrrverandi borgarstjóri, hafi óafvitandi gengið á eignir Háskólans þegar hann lofaði Listaháskóla reit G í Vatnsmýri. Að auki er reiturinn merktur Náttúrufræðistofnun á skipulagi borgarinnar.

Jón Gunnar rifjar upp að þegar viljayfirlýsing um lóð handa Listaháskóla var kynnt opinberlega hafi hann bent borgarstjóra á að lóðin væri „kyrfilega merkt náttúrufræðisafni og stofnuninni og að ekki væri hægt að breyta því nema með lögformlegu ferli“.

Hann kveður Vilhjálm hafa neitað þessu í fyrstu. „En hann viðurkenndi seinna að ég hefði rétt fyrir mér, reyndar ekki opinberlega,“ segir Jón Gunnar.

Tveimur mánuðum seinna hafi verið ákveðið að leysa húsnæðisvandamál Náttúrufræðistofnunarinnar með útboði. „En þá var ekkert inni í myndinni að við fengjum þessa lóð.“

Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson segir á móti að einmitt vegna þess að lóðin er merkt Náttúrufræðistofnun hafi hann óskað eftir því að haft yrði samráð við rektor Háskóla Íslands, til að vita hvort Háskólinn gerði athugasemdir við þetta. Annað hafi hann ekki um málið að segja.

„Og ég gerði þetta nú ekki upp á mitt einsdæmi. Ég undirritaði yfirlýsinguna með fyrirvara um samþykki borgarráðs. Yfirmaður menntamála, Þorgerður Katrín, undirritaði hana líka og fjármálaráðherra og rektor Listaháskóla.

Þá lá engin formleg lóðaúthlutun til Náttúrufræðistofnunar fyrir. Í borgarráði var þetta svo samþykkt án mótatkvæða. Reyndar bókuðu Vinstri grænir sínar athugasemdir,“ segir Vilhjálmur.

klemens@frettabladid.is



JÓN GUNNAR OTTÓSSON

VILHJÁLMUR Þ. VILHJÁLMSSON

### FRÁ FUNDI BORGARRÁÐS 10. MAÍ 2007

VG átelur vinnubrögð meirihluta borgarstjórnar við úthlutun lóðar til Listaháskóla Íslands í Vatnsmýri. [...] LHÍ [er úthlutað] lóð sem þegar er bundin Náttúrufræðisafni í skipulagi. [...] Yfirlýsingar stjórnenda LHÍ gefa til kynna að skólinn vilji fremur vera í miðborginni [...] Borgaryfirvöld eiga að biðja Náttúrufræðistofnun afsökunar á framferði sínu [...] Þá telja Vinstri græn að það sé óviðeigandi að Listaháskólanum sé nánast sett sjálfdæmi um að selja þessa mikilvægu lóð á viðkvæmum stað.

**Meirihluti svarar:**
[...] Viðbrögð Vinstri grænna vekja furðu, enda liggur hvorki fyrir formleg lóðaúthlutun né lóðarfyrirheit um þessa lóð. Að auki er minnt á að Náttúrufræðistofnun heyrir undir menntamálaráðuneytið sem er aðili að því samkomulagi sem hér liggur fyrir. [...]

**VG:**
Bókun meirihlutans gefur til kynna að borgaryfirvöld hafi séð að sér og viðurkenni nú að þau hafi hlaupið á sig með því að ráðstafa lóð sem staðfest skipulag gerir ráð fyrir að sé undir Náttúrufræðihús.

LEÐURHEIMUR



NÝ BÚÐ - NÝJAR VÖRUR
10% KYNNINGARAFSLÁTTUR TIL 15. DES





BARÓNSSTÍG 11A
GENGIÐ INN HJÁ ARGENTÍNU STEIKHÚSI

Kaffistofa Samhjálpar opnuð í nýju varanlegu húsnæði í gær eftir hrakningar:

# Utangarðsfólk fær mat í Borgartúni

**FÉLAGSMÁL** Kaffistofa Samhjálpar var opnuð í gær á nýjan leik í eigin húsnæði.

Kaffistofan er hugsuð fyrir utangarðsfólk og aðra sem ekki hafa efni á mat. Hún var fyrst opnuð árið 1982 og hefur lengst af verið til húsa að Hverfisgötu 42 og 44. Ljóst var fyrir um það bil ári að þaðan þyrfti kaffistofan að flytja og hófst þá mikil leit að nýju húsnæði. Sú leit reyndist þrautin þyngri þar sem flestir töldu gesti kaffistofunnar ekki nægilega fína til að hafa í sínu húsnæði eða nágrenni. Nýtt húsnæði stofunnar er þó Borgartún 1. „Það er gott að okkar starfsemi sé nú orðin útvörður Litla Wall Street,“ sagði Heiðar Guðnason, forstöðumaður Samhjálpar, um húsnæðið en í götunni eru flest fjármálafyrirtæki landsins.

Bar aðstandendum kaffistofunnar saman um að nýja húsið væri mun hentugra en það gamla. Þakkaði Heiðar Hvítasunnukirkjunni Fíladelfíu kærlega fyrir að hafa veitt starfseminni bráðabirgða skjólshús frá því í september. Hann þakkaði þá Jórunni Frímannsdóttur, fyrrverandi formanni velferðarráðs, kærlega fyrir að hafa fundið húsnæðið sem og Björk Vilhelmsdóttur, núverandi formanni, en spurði um leið hvort ekki væri kominn tími til að setja kaffistofuna inn í borgarskipulag.

Að jafnaði heimsækja um sjötíu manns kaffistofuna daglega. Sagði Geir Jón Þórisson yfirlögregluþjónn að ný staðsetning stofunnar minnti fólk á að gæfan væri fallvölt og þótt dans í kringum gullkálfa gæti reynst skemmtilegur um tíma væri mannssálin það dýrmætasta sem til væri. - kdk



**LOKSINS KOMIN Í HÚS** Aðstandendum kaffistofunnar bar saman um að nýtt húsnæði væri mun betra en það gamla. Um sjötíu manns leita daglega á stofuna í leit að mat og hlýju. FRÉTTABLAÐIÐ/VÖLUNDUR



Landslið matreiðslumeistara er samstarfsaðili Hagkaupa

# Besti hryggurinn

## að mati landsliðs matreiðslumeistara

Við fengum kokkalandsliðið til að taka út nýja hamborgarhrygg Hagkaupa. Dómar landsliðsins eru einróma - **þetta er besti hryggur sem það hefur smakkað!**







# Gæða hangikjöt

## í suðupoka

Við viljum vera viss um að gæði kjötsins haldist óskert alla leið á diskinn þinn. Þess vegna setjum við hangikjötið í suðupoka, þú smellir bara pokanum með hangikjötinu beint í pottinn og sýður skv. leiðbeiningum. **Þannig haldast öll bragðgæði kjötsins betur og gæðin koma skemmtilega á óvart.**

HAGKAUP
Skemmtilegast að versla

**VEISTU SVARIÐ?**



**1.** *Hvað heitir stúlkan sem var fórnarlamb mannræningja í átta ár en gerist nú spjallþáttastjórnandi í Austurríki?*

**2.** *Hversu margar líkamsræktarstöðvar áætlar World Class að opna á næstu vikum?*

**3.** *Hvað heitir íslenski tónlistarmaðurinn sem átti fyrir skömmu lag í sjónvarpsþættinum Glæpahneigð?*

SVÖRIN ERU Á SÍÐU 46

Rannsókn bílabrunans á Vatnsleysuströnd heldur áfram:

# Tveir piltar færðir til yfirheyrslu

**LÖGREGLUMÁL** Lögreglan á Suðurnesjum hafði í gær uppi á tveimur piltum sem höfðu sést við vettvang bílabrunans mikla í Vogum á Vatnsleysuströnd um síðustu helgi. Piltarnir gátu gefið eðlilegar skýringar á ferðum sínum.

Sjónarvottur hafði tjáð lögreglu að tveir piltar hefðu sést hlaupa frá vettvangi brunans, auk þess sem bíl sást ekið frá skemmunni sem bílarnir stóðu við. Lögregla segir útskýringar piltanna trúverðugar og fóru þeir frjálsir ferða sinna í gær að þeim loknum.

Rannsókn lögreglu beinist nú fyrst og fremst að svæðinu þar sem brunnu bílarnir voru staðsettir, auk fleiri þátta málsins. Fyrst og fremst er um að ræða rannsókn á eldsupptökum, sem getur tekið nokkurn tíma. Engar frumniðurstöður liggja enn fyrir og enginn hafði verið handtekinn vegna málsins í gærkvöld. Skýrslur hafa verið teknar af nokkrum einstaklingum, auk þess sem lögreglan hefur haft tal af stærri hópi fólks.

Bílarnir sem brunnu til kaldra kola voru dýrir glæsivagnar, auk þess sem bátur varð eldinum að bráð. Bílarnir voru tryggðir hjá Sjóvá og Tryggingamiðstöðinni og er tjónið talið nema um 70 milljónum króna. **- jss**



**BÍLABRUNI** Tveir piltar sem sáust hlaupa frá vettvangi bílabrunans mikla í Vogum gáfu eðlilegar skýringar á ferðum sínum.

Samræmdu prófin:

# Einkunnirnar liggja fyrir

**MENNTUN Stefnt er að því að senda einkunnir í samræmdu prófunum í fjórða og sjöunda bekk í skólana á morgun þannig að nemendur geta átt von á einkunnunum á föstudag eða mánudag. Um einkunnir átta þúsund barna er að ræða, um fjögur þúsund í hvorum árgangi.**

**Sigurgrímur Skúlason, sviðsstjóri hjá Námsmatsstofnun, segir að starfsmenn stofnunarinnar séu að fullu að ganga frá einkunnunum og klára pökkunina. Vonandi klárist það á fimmtudag en hvert einkunnablað fari í sérmerkt umslag. Umslögin séu síðan send í skólana.** **- ghs**






**EYÐILEGGING** Björgunarfólk leitaði að fólki í byggingu sem hrundi í sprengingunni, sem beint var að skrifstofum Sameinuðu þjóðanna. NORDICPHOTOS/AFP

# Tugir létust í sprengingum

## Al-Kaída eru grunuð um að hafa staðið fyrir sprengingum í Algeirsborg, höfuðborg Alsír, í gær. Önnur sprengjan sprakk við skrifstofu Sameinuðu þjóðanna.

**ALSÍR, AP** Tugir manns létust og hátt á annað hundrað særðust í tveimur bílsprengingum í Algeirsborg, höfuðborg Alsírs, í gær. Fyrri sprengjan sprakk skammt frá byggingu hæstaréttar í þann mund sem rúta full af nemendum fór hjá og tók rútan mesta skellinn af sprengingunni. Seinni sprengingin varð nokkrum mínútum síðar þegar sjálfsmorðssprengjumaður sprengdi sig í loft upp í bíl við byggingu Sameinuðu þjóðanna.

Enginn hafði lýst yfir ábyrgð á sprengingunum í gærkvöld en grunur beinist að norður-afrískum hryðjuverkasamtökum sem segjast tilheyra al-Kaída og kalla sig „al-Kaída í Maghreb". Maghreb er íslamska heitið yfir Norður-Afríku. Sprengjuárásir hafa verið tíðar í Alsír undanfarið ár og hafa samtökin lýst yfir ábyrgð á mörgum þeirra.

Óljóst var hversu margir létust í sprengingunum. Á blaðamannafundi í gær sagði innanríkisráðherra Alsír, Noureddine Yazid Zerhouni, 22 hafa látist og 177 særst. AP-fréttastofan hafði hins vegar eftir starfsmanni þjóðaröryggisstofnunarinnar, sem vildi ekki láta nafns síns getið, að 45 hefðu látist. Fréttavefur breska ríkisútvarpsins, BBC, hafði eftir heilbrigðisstarfsmönnum að 62 hefðu látist.

Að minnsta kosti einn starfsmaður SÞ lést og tólf var saknað að sögn Marie Heuze, talskonu samtakanna í Genf í Sviss, þar sem höfuðstöðvarnar eru. Sagði hún að ef í ljós kæmi að allir þessir tólf hefðu látist þá væri þetta mannskæðasta árásin á SÞ frá árinu 2003 þegar 22 létust í sprengingu í Bagdad í Írak.

**sdg@frettabladid.is**



Börn

Dömur

Jólin 2007

Herrar




NÝTT KORTATÍMABIL

# Jólin í einni ferð

**Debenhams býður upp á úrval sem aldrei fyrr af fallegri gjafa- og merkjavöru. Fyrir dömur, herra, börnin og heimilið á verði sem kemur öllum í ekta jólaskap. Nú getur þú klárað jólainnkaupin á einum stað og eytt tímanum í það sem skiptir mestu máli.**

DEBENHAMS

-FER ÞÉR VEL!

ÍSLENSKA/SIA.IS DEB 40298 12/07



**OLÍU MOKAÐ ÚR FJÖRU** Suður-kóreskir hermenn unnu baki brotnu við að moka olíu upp úr fjörunni við strendur landsins. Olían er úr olíuskipinu Hebei Spirit sem lenti í árekstri á föstudaginn. FRÉTTABLAÐIÐ/AFP

Grunnskólakennari á Norðurlandi vestra í 15 mánaða skilorðsbundið fangelsi:

# Dæmdur fyrir brot gegn nemanda

**DÓMSMÁL** Grunnskólakennari hefur verið dæmdur í Héraðsdómi Norðurlands vestra í fimmtán mánaða skilorðsbundið fangelsi fyrir kynferðisbrot gegn nemanda sínum. Kennaranum var gert að greiða stúlkunni hálfa milljón króna í miskabætur.

Ákæran er í fjórum liðum, allt frá strokum og kossum til samræðis.

Í tilkynningu Barnaverndar Skagafjarðar til lögreglunnar á Sauðárkróki kom fram að stúlkan hefði átt í kynferðislegu sambandi við kennarann um alllangt skeið, jafnvel frá því að hún var tólf ára.

Stúlkan sem um ræðir var vinkona fósturdóttur kennarans. Auk þess að vera kennari hennar þjálfaði maðurinn hana í knattspyrnu.

Stúlkan bar að hún hefði verið tæplega þrettán ára þegar kennarinn káfaði á henni í fyrsta sinn. Þessu neitaði hann staðfastlega fyrir dómi og kvað kynferðislegt samband milli sín og stúlkunnar ekki hafa orðið fyrr en hún var orðin fjórtán ára. Allt til ársins 2007 var refsilaust að hafa kynferðismök við einstakling sem var orðinn fjórtán ára.

Í dómsniðurstöðum sagði að með því að taka upp kynferðislegt samband við nemanda sinn, sem hefði varað í langan tíma, hefði kennarinn framið alvarlegt trúnaðarbrot. **- jss**



**SAUÐÁRKRÓKUR** Lögreglan á Sauðárkróki annaðist rannsókn málsins.

Pólskur maður sakfelldur:

# Notaði nafn annars í tvö ár

**DÓMSMÁL Pólskur karlmaður hefur verið dæmdur í hálfs árs fangelsi í Héraðsdómi Austurlands fyrir að hafa í nær tvö ár villt á sér heimildir og þóst vera annar en hann er.**

**Maðurinn var ákærður fyrir skjalafals. Var honum gefið að sök að hafa framvísað vegabréfi manns að nafni Henryk Szelag og fengið þannig dvalarleyfi hér á landi.**

**Hann notaði einnig nafn mannsins við undirskrift á ráðningarsamningi hjá Loðnuvinnslunni, þegar hann sótti um ökuskírteini og fékk vinnuvélaskírteini.** **- jss**




Afbrotatölfræði ríkislögreglustjóra fyrir árið 2006:

# Kynferðisbrotum gegn börnum fjölgar

**LÖGREGLUMÁL** Tilkynnt var um 13.483 hegningarlagabrot árið 2006. Kynferðisbrot gegn yngri en 14 ára voru 50 prósent fleiri en meðaltal fimm fyrri ára og skráð fíkniefnabrot voru 55 prósent fleiri en meðaltal brota árin 2001 og 2005. Þetta er meðal niðurstaðna í afbrotatölfræði ríkislögreglustjóra fyrir árið 2006, sem birt verður í dag.

Á árinu 2006 var fjöldi hegningarlagabrota og umferðarlagabrota heldur meiri en árið áður en minni en árin 2001 til 2004. Heildarfjöldi brota árið 2006 var alls 71.631 brot.

Ef litið er til nokkurra brotaflokka sést að á árinu 2006 var 281 kynferðisbrot tilkynnt til lögreglu. Það er svipaður fjöldi og í fyrra þegar brotin voru 288. Brotunum hefur hins vegar fækkað um átta prósent sé litið til meðaltals áranna 2001 til 2005.

Árið 2006 var ekkert manndráp framið á Íslandi en að meðaltali tvö á ári hverju árin 2001 til 2005. Á hinn bóginn voru skráðar sjö manndrápstilraunir árið 2006.

Fjöldi fíkniefnabrota árið 2006 var 2.098 en 1.355 að meðaltali árin 2001 til 2005. Alls voru 99 brot sem féllu undir dreifingu eða sölu fíkniefna. Brot er vörðuðu innflutning voru um 30 prósent færri árið 2006 en meðaltali 2001 til 2005 en brot vegna vörslu eða neyslu fíkniefna um 80 prósent fleiri. Götueftirlit lögreglu getur hér haft talsverð áhrif. Alls féllu 28 brot undir framleiðslu fíkniefna en 26 brot að meðaltali hin fyrri fimm ár. **- shá**

## AFBROTATÖLFRÆÐI ÁRSINS 2006

- Árið 2006 var tilkynnt um 13.483 hegningarlagabrot. Brotin voru fleiri en í fyrra en færri en árin 2001 til 2004.
- Fjöldi umferðarlagabrota var 52.514 sem eru jafnframt 73 prósent allra brota.
- Tilkynnt var um 3.457 þjófnaðarbrot sem er fjölgun frá síðustu tveimur árum á undan.
- Alls voru 50 rán tilkynnt, svipaður fjöldi og í fyrra.
- Tilkynnt voru 281 kynferðisbrot sem er svipaður fjöldi og í fyrra.
- Um 67 nauðganir voru skráðar en 64 að meðaltali árin 2001 til 2005.
- Kynferðisbrot gegn yngri en 14 ára voru 50 prósent fleiri en meðaltal fimm fyrri ára.
- Ekkert manndráp var framið á Íslandi árið 2006. Tilkynnt var um sjö manndrápstilraunir 2006.
- Tilkynnt var um 1.007 líkamsárásir en meðaltal áranna 2001 til 2005 er það sama.
- Skráð fíkniefnabrot voru 2.098 sem er 55 prósent fjölgun ef litið er til meðalfjölda brota 2001 til 2005.
- Brot er vörðuðu innflutning fíkniefna voru um 30 prósent færri árið 2006 en meðaltal 2001 til 2005.
- Brot vegna vörslu eða neyslu fíkniefna voru um 80 prósent fleiri.








BOSS
HUGO BOSS
SAND
strellson
eterna
gardeur
HUGO
HUGO BOSS
CANALI
AJ ARMANI JEANS
FINUCCI
collezione
Benvenuto.
LLOYD
REDGREEN
BELLINI
collezione
bugatti
Lengri opnunartími til jóla!
Frá og með deginum í dag til þriðjudagsins 18. des. er opið frá kl. 11 til 20
frá miðvikudeginum 19. des til 23. des. er opið frá kl. 11 til 22
Opið lengur
50% afsláttur af öllum öðrum vörum
Herra lagerinn outlet
Jólatilboð!
Ótrúleg verð!
BELLINI
collezione
Jakkaföt
19.980
VERÐ ÁÐUR 44.980
ALLAR STÆRÐIR - MARGAR GERÐIR
BELLINI
collezione
Skyrtur
3.980
VERÐ ÁÐUR 7.980
ALLAR STÆRÐIR - MARGAR GERÐIR
strellson
Frakkar
19.980
VERÐ ÁÐUR 39.980
SÍMI 568 9512 SUÐURLANDSBRAUT 54 BLÁU HÚSIN ( VIÐ FAXAFEN )



**UMHYGGJUSÖM MÓÐIR** Górillan Frala lætur sér annt um soninn nýfædda. Þetta er fjórða górillan sem fæðist í Taronga-dýragarðinum í Sydney í Ástralíu. FRÉTTABLAÐIÐ/AFP

Hagur hjónanna í tjaldinu í Laugardal hefur vænkast:

# Unga fólkið hjálpar tjaldbúunum

**VELFERÐARMÁL** Heldur hefur hagur hjónanna Sævars Arnfjörð og Ólínu Ragnheiðar Gunnarsdóttur vænkast frá því Fréttablaðið greindi frá aðstöðu þeirra fyrir tveimur vikum. Nú er kominn himinn yfir tjald þeirra í Laugardal.

„Unga fólkið hefur hvað eftir annað komið okkur til hjálpar," segir Sævar. „Fyrst kom hér tvítugur maður með sautján ára stúlku og þau færðu okkur þennan myndarlega himin og þau meira að segja hjálpuðu okkur að setja hann upp. Eins og það væri ekki nóg þá fylltu þau líka á gaskútinn hjá okkur en hann var orðinn tómur og nóttin er afskaplega nöpur þegar ekki er til gas. Svo komu aðrir og færðu okkur bjór og svo enn aðrir sem færðu okkur föt og sæng."

Fyrrinótt var erfið hjá þeim í tjaldinu þar sem himinninn losnaði í rokinu og þau þurftu að fara út til að festa hann. „Svo kom unga parið klukkan sex morguninn eftir óveðursnóttina til að athuga með okkur. Þetta unga fólk er með hjartað á réttum stað," segir Sævar afar þakklátur.

„Svo kom hingað borgarstarfsmaður meðan við vorum að reisa himininn," segir hann. „Það var ágætt af honum að láta sjá sig en ég er svo sem alveg búinn að missa alla von um að borgin geti eitthvað gert í mínum málum. Ég er búinn að vera á biðlista eftir íbúð í sjö ár og þetta er fjórði veturinn sem við búum í tjaldi." - jse



**TJALDIÐ Í LAUGARDAL** Svona var heimili þeirra áður en unga fólkið kom með himininn fyrir tveimur dögum.



**HJÓNIN KOMIN MEÐ HIMIN YFIR TJALDIÐ** Þau Sævar og Ólína Ragnheiður voru alsæl með himininn og fleira sem unga fólkið hefur gert fyrir þau að undanförnu. FRÉTTABLAÐIÐ/JÓN SIGURÐUR






# Mænuskaðastofnun verði leiðandi afl

**Íslenskur hjúkrunarfræðingur hefur barist í átján ár fyrir vitundarvakningu og lækningu mænuskaða. Mænuskaðastofnun Íslands tók til starfa í gær. Hún mun styrkja tilraunameðferðir og er ætlað að verða leiðandi afl í heiminum.**

**HEILBRIGÐISMÁL** „Við getum gert veröldinni brjálæðislegan greiða með þessu framlagi," segir Auður Guðjónsdóttir hjúkrunarfræðingur, sem komið hefur á fót Mænuskaðastofnun Íslands með fulltingi heilbrigðisráðuneytisins, Seltjarnarnesbæjar, Exista og FL Group.

„Ég sætti mig ekki við þennan vesaldóm og að fólk sé bara þjálfað til sjálfsbjargar í hjólastól," segir Auður en frá því að dóttir hennar, Hrafnhildur Thoroddsen, lamaðist í bílslysi hefur Auður barist fyrir vitundarvakningu og lækningu mænuskaða og afleiðingum hans.

Frá árinu 1998 hefur Auður staðið fyrir alþjóðlegri ráðstefnu um mænuskaða undir merkjum Alþjóðaheilbrigðisstofnunarinnar (WHO), gefið út heimildarmyndina, Hvert örstutt spor, sem þýdd hefur verið á fjölmörg tungumál og komið á laggirnar gagnagrunni um mænuskaða í samvinnu við heilbrigðisráðuneytið og WHO.

„Það vantar peninga til rannsókna á mænuskaða því það græðir enginn á því að hann sé læknaður, þar sem hann verður ekki læknaður með lyfjum. Líftæknifyrirtæki og lyfjafyrirtæki taka því ekki þátt í að fjármagna rannsóknir á þessu sviði," segir Auður og bætir því við að aftur á móti sé afar dýrt fyrir samfélagið að aðstoða mænuskaðaða einstaklinga.

„Það fylgir því margt annað að lamast utan þess að vera bundinn við hjólastól. Þvagblaðra og ristill virka ekki og ekki heldur viðvörunarkerfi líkamans. Dóttir mín hefur til dæmis þrívegis beinbrotnað án þess að verða þess vör," bendir Auður á. Mænuskaðastofnun Ísland er ætlað að verða leiðandi afl í heimum, styrkja tilraunameðferðir á mænuskaða víðs vegar um heiminn og stuðla að vitundarvakningu um afleiðingar mænuskaða.

„Þetta er langhlaup, maður lamast ekki í dag og labbar á morgun. Þetta mun ef til vill taka áratugi eða jafnvel heila öld, en við verðum að hjálpa vísindamönnum áleiðis," segir Auður.

Fjórar milljónir manna víðs vegar um heiminn lifa með skaða á mænu vegna slysa og enn fleiri vegna sjúkdóma á borð við MS og krabbamein.

Fjöldi þeirra sem hljóta mænuskaða á Íslandi ár hvert hefur aukist. Áður lömuðust um tveir til þrír einstaklingar á ári. Árið 2006 lömuðust hins vegar sextán einstaklingar, en flestir þeirra sem skaðast á mænu eru ungir að aldri.

eva@frettabladid.is



**FRUMKVÖÐULL OG FYRRVERANDI FORSETI** Auður Guðjónsdóttir og Vigdís Finnbogadóttir, verndari Mænuskaðastofnunar Íslands. Maí verður mánuður mænuskaða því þá eykst venjulega hraði umferðarinnar og iðkun íþróttagreina þar sem mænuskaði er algengur. Mænuskaðastofnun mun standa fyrir þjóðarátaki í maí á næsta ári undir merki rauða þráðarins, sem táknar mænuna.

## LÆRIR AÐ LIFA MEÐ MÆNUSKAÐA

„Maður lærir að lifa með mænuskaða og ég geri mér engar sérstakar vonir um lækningu," segir Rúnar Björn Þorkelsson. Hann hlaut mænuskaða á gamlárskvöld fyrir bráðum sex árum síðan. Hann var þá tvítugur.



**RÚNAR BJÖRN ÞORKELSSON**

„Ég klifraði upp í ljósastaur á gamlársfylliríi og féll niður," segir Rúnar, sem er nú bundinn við hjólastól og býr í húsnæði Samtaka endurhæfðra mænuskaðaðra. Þar fær hann alla aðstoð við dagleg húsverk. Áður starfaði hann við skreiðarvinnslu á Sauðárkróki.

Rúnar segir langt endurhæfingarferli fylgja í kjölfar þess að hljóta mænuskaða.

„Ég er nýfarinn að keyra bíl aftur svo það má spyrja hvað endurhæfing sé eiginlega. Maður þarf að læra nánast allt upp á nýtt," segir hann.

Rúnar segist ekki gera sér miklar vonir um að lækning finnist á mænuskaða en segir gott að Mænuskaðastofnun ætli að sinna málefninu.

Framkvæmdastjóri Sameinuðu þjóðanna brýnir þjóðir heims í loftslagsmálum:

# Stefnt í glötun án nýs sáttmála

**BALÍ, AP** Mannkynið flýtur að feigðarósi ef það bregst ekki með viðeigandi hætti við hlýnun loftslags. Þessu lýsti Ban Ki-moon, framkvæmdastjóri Sameinuðu þjóðanna, yfir á loftslagsráðstefnu samtakanna á Balí í Indónesíu. Þar sátu fulltrúar yfir 180 þjóða í gær á rökstólum yfir nýju skjali, þar sem hvatt er til róttækari niðurskurðar á losun ríkra þjóða á gróðurhúsalofttegundum út í andrúmsloftið.

Ban kom til Balí í gær til að stýra ráðstefnunni á endsprettí hennar. Hún hófst í byrjun síðustu viku og á að ljúka á föstudag. Meginverkefni ráðstefnunnar var að leggja grunninn að viðræðum um alþjóðlegt samkomulag um aðgerðir gegn loftslagsbreytingum, sem tekið geti við af Kyoto-bókuninni er gildistími hennar rennur út árið 2012.

Ban hvatti til að vasklega yrði gengið til verks á lokasprettinum.

Í drögum að lokaályktun ráðstefnunnar, sem AP-fréttastofan komst yfir afrit af, er meðal annars kveðið á um reglur sem skylda iðnríkin til að draga úr sinni losun um 25-40 prósent fram til ársins 2020. Það er í samræmi við stefnumið íslenskra stjórnvalda.

„Ástandið er svo alvarlegt, að hvers konar seinkun á aðgerðum gæti ýtt okkur fram af brúninni, handan við hverja vistfræðilegt, fjárhagslegt og mannlegt tjón myndi aukast stórlega," sagði Ban í ræðu sinni í gær. „Við erum á krossgötum," bætti hann við. „Ein leið liggur til allsherjarsamnings um loftslagsmál, hin til glötunar. Valið er skýrt." - aa



Sony Ericsson
Cyber-shot
SONY ERICSSON K810i - 3G
Léttkaupsútborgun aðeins:
5.900 kr.
2.000 kr. á mánuði í 12 mánuði. Verð 29.900 kr.
Sjónvarp, tónlist, myndsímtal og háhraðanettenging í símanum þínum.
SONY ERICSSON Z310i
Léttkaupsútborgun aðeins:
1.900 kr.
750 kr. á mánuði í 12 mánuði. Verð 10.900 kr.
Léttur og lipur samlokusími með myndavél.
NOKIA 6267 - 3G
Léttkaupsútborgun aðeins:
900 kr.
2.000 kr. á mánuði í 12 mánuði. Verð 24.900 kr.
Tónlist, myndsímtal og háhraðanettenging í símanum þínum.
NOKIA
Harðir pakkar
Símabúðirnar eru fullar af frábærum jólatilboðum í desember.
Þar færðu jólagjöfina í harða pakkann ásamt skemmtun og afþreyingu til að lífga upp á jólaundirbúninginn.
800 7000 • siminn.is
Það er Síminn
Sími
Netið
Sjónvarp
ENNEMM / SÍA / NM31287




# SHARP

## 19" LCD sjónvarp

SHARP Shlc19A1EBK

- HD Ready (1366x768)
- DVB-T stafrænn móttakari
- Skerpa: 800:1
- Skjáform: 16:9
- Sjónsvið: 160°/160°
- Stærð: 46,2 x 36 x 19,6 cm
- Tengi: 1x HDMI, 1x SCART, S-Video, Component

*Verð kr. 59.900 kr.*




# SHARP

## 42" LCD sjónvarp

SHARP LC42WD1E

- HD Ready - 1366x768 punkta upplausn
- Skerpa: 1200:1 (3000:1 Dynamic), frábær dýpt og litaskerpa
- Svartími: 6ms
- Sjónsvið: 176°/176°
- DVB-T stafrænn sjónvarpsmóttakari og C.I. rauf fyrir afruglarakort
- Clear Flat hljóðkerfi, góður og krafmikill hljómur
- TruD myndvinnsla - eykur skerpu, mýkir línur og hreyfingar
- Tengingar - 2 x HDMI, 2 x SCART, VGA (D-sub), Component, AV/S-Video

Listaverð kr. 219.900,-

*Tilboðsverð kr. 189.900,-*



# SAMSUNG

*Frábær upplifun*

## 42" PLASMA sjónvarpstæki

Samsung PS42Q96HDX

- Tilbúið í HD útsendingar
- Innbyggður DVB-T sjónvarpsmóttakari
- Upplausn 1024x768
- 13 bita myndvinnsla
- Kontrast 1:15.000
- Birta 1300 cd/m2
- 3 HDMI tengi

Listaverð kr. 219.900,-

*Tilboðsverð kr. 189.900,-*

| | | |
|---|---|---|
| ORMSSON | SÍÐUMÚLA 9 | SÍMI 530 2800 |
| ORMSSON | SMÁRALIND | SÍMI 530 2900 |
| ORMSSON | KEFLAVÍK | SÍMI 421 1535 |
| ORMSSON | MODEL-AKRANESI | SÍMI 431 3333 |
| ORMSSON | ÞRISTUR-ÍSAFIRÐI | SÍMI 456 4751 |
| ORMSSON | AKUREYRI | SÍMI 461 5000 |
| ORMSSON | HÚSAVÍK | SÍMI 464 1515 |
| ORMSSON | VÍK-EGILSSTÖÐUM | SÍMI 471 2038 |
| ORMSSON | VÍK-NESKAUPSTAÐ | SÍMI 477 1900 |
| ORMSSON | VÍK-REYÐARFIRÐI | SÍMI 474 1477 |
| ORMSSON | ÁRVIRKINN-SELFOSSI | SÍMI 480 1160 |

HÁTÍÐ ER Í BÆ



SAMSUNG

## 37" LCD sjónvarpstæki

Samsung LE37R87BDX

· Digital sjónvarpsmóttakari
· Upplausn: 1366 x 768
· 10 bita litvinnsla
· Skjáform: 16:9 (breiðtjald)
· Svartími: 8 millisekúndur
· Contrast: 8000:1
· Sjónsvið: 178°/178°
· Mynd í mynd (1 tuner)
· 3 HDMI, Component, SCARTx2

Listaverð kr. 199.900,-
*Tilboðsverð kr. 189.900,-*

## JÓLAGJÖFIN Í ÁR!

FYRIR ALLA ALDURSHÓPA
Mest selda leikjatölva veraldar




VERÐTRYGGING!!
**Wii verður alltaf ódýrust í ORMSSON**

KOMDU OG KYNNTU ÞÉR ÞAÐ BESTA Í NÚTÍMA SJÓNVARPI

# ÞÚ SÉRÐ EKKI MEIRI GÆÐI




Framsýni og metnaður síðan 1922
85 ÁRA ORMSSON 1922-2007

HD ready

**42" Plasma sjónvarp** - áttunda kynslóð
Pioneer PDP-428XD

**KURO – þetta tæki hefur dýpri svartan lit en áður þekkist**

· HD Ready - 1024x768 pixlar · Intelligent Brightness Control · DVB-T stafrænn móttakari - með CI rauf fyrir afruglara kort
· Mynd í mynd (PIP) - 2 móttakarar · Contrast: 16.000 :1 · HD Digital Film Direct 24 - tækið birtir 24 ramma á sekúndu
· Tengingar: 3x HDMI, 1x component, 1x S-video, 1x RCA AV, 3x Euro-SCART, 1x RCA audio, 1x CI slot, 1x PC inntak, 1x USB tengi

*Verð kr. 399.900,-*

ORMSSON



ALLTAF GLÆSILEG OG HAGNÝT GJAFAVARA

VENDU ÞIG VIÐ GÆÐI – VENDU ÞIG VIÐ EIRVÍK

Kaffihúsið
heim í eldhús




vilborga@centrum.is

Magimix kaffivél
nú með flóunarkönnu

Njótið þess að fá rjúkandi kaffi, cappuccino eða caffe latte á innan við mínútu heima í eldhúsi. Magimix kaffivélarnar nota einungis Nespressó kaffi af bestu gerð.

Verið velkomin í verslanir Eirvíkur á Akureyri og í Reykjavík og kynnið ykkur Magimix kaffivélarnar.

Verð kr.:
32.900

www.eirvik.is

EIRVÍK -hágæðaheimilistæki

Suðurlandsbraut 20, Reykjavík | Baldursnes 6, Akureyri | Sími 588 0200

512 50 50
Auglýsingasími
– Mest lesið

Skólastjóri til innbrotsþjófa sem stálu af bókasafni Austurbæjarskóla:

# Skilið þið tækjunum okkar!

**MENNTUN** „Skilið þið tækjunum okkar!“ eru skilaboð Guðmundar Sighvatssonar, skólastjóra Austurbæjarskóla, til innbrotsþjófanna, sem stálu skjávörpum og fartölvum af bókasafni skólans um helgina.

„Þeir vissu alveg hvar verðmætin voru,“ segir Guðmundur. Þjófarnir séu því að líkindum gamlir nemendur skólans.

Þjófavarnarkerfi skólans fór ekki í gang og því er miðað við að innbrotsþjófarnir hafi komið inn fyrir klukkan ellefu á föstudagskvöld, þegar kveikt var á því. Klukkan 22.30 lauk kvöldskemmtun í skólanum.



**VEGGJALIST Í AUSTÓ** Skólinn er þekktur fyrir metnaðarfullt starf og hefur nýbúadeild hans vakið athygli. En börnin horfa ekki á fræðslumyndir á næstunni, því þjófarnir hurfu með DVD-spilarana á brott. FRÉTTABLAÐIÐ/E.ÓL.

GUÐMUNDUR SIGHVATSSON

Barnaskólaræningjarnir hafa því ef til vill læðst inn á kvöldskemmtunina og svo falið sig í skólanum. En ekki er útilokað að þeir hafi haft lykil að húsinu. Í það minnsta komust þeir inn án ummerkja.

Hafi þjófarnir lokið sér af á tæpum þrjátíu mínútum voru þeir „greinilega vanir menn“ að mati skólastjórans, sem vonar að tryggingafélagið bæti skólanum tjónið.

Ekki vill Guðmundur giska á hversu mikil verðmæti hafi glatast. Engin teljandi skemmdarverk voru framin, utan að hurð safnsins var spennt upp. Málið er í rannsókn lögreglu. - kóþ

# Nýr lánaflokkur fyrir láglaunafólkið

**Nefnd félagsmálaráðherra leggur til að tekinn verði upp nýr lánaflokkur fyrir láglaunafólk í fyrstu íbúðarkaupum. Opinbert sparnaðarkerfi verði til og vaxtabætur hækkaðar. Kaupendur fyrstu íbúðar fái hámarksvaxtabætur í fimm ár.**

**HÚSNÆÐISMÁL** Nefnd sem félagsmálaráðherra skipaði til að koma með tillögur að úrræðum í húsnæðismálum átti að skila tillögum til ráðherra í gær. Í drögum nefndarinnar er lagt til að tekinn verði upp nýr lánaflokkur fyrir kaupendur undir ákveðnum tekju- og eignamörkum. Miðað er við að heildarlánveitingin geti numið allt að 90 prósentum af kaupverði en hámarkið verði 18 milljónir króna.

Nefndin telur „rétt að hækka ekki fjárhæð hámarkslána enda er óvíst hvernig íbúðarverð þróast á næstu misserum. Nefndin er einhuga um að við núverandi aðhaldsstig peningamálastefnunnar sé óskynsamlegt að ýta undir enn frekari hækkanir fasteignaverðs með almennri hækkun hámarksláni til íbúðafjárfestinga,“ segir í drögunum.

Nefndin vill að ríki og sveitarfélög geri samkomulag um að vinna á biðlistum eftir húsnæði en tæplega 2.800 manns eru á biðlistum eftir félagslegum leiguíbúðum, þar af eru yfir 1.400 einstaklingar hjá sveitarfélögum. Langflestir bíða á höfuðborgarsvæðinu en margir líka í Reykjanesbæ og á Akureyri. Í greinargerð nefndarinnar kemur fram að nærri 400 manns geta ekki haldið eigið heimili og búa því hjá vinum og vandamönnum.

Nefndin leggur til að komið verði á fót opinberu kerfi til að styðja fólk sem hyggur á sín fyrstu húsnæðiskaup til að spara. Nefndin telur að slíkur stuðningur geti meðal annars falist í því að veita skattaundanþágur.

Í drögum nefndarinnar kemur fram að gera þurfi lánaskilmála til sveitarfélaga, húsnæðissamvinnufélaga og leigufélaga hagstæðari þannig að rekstur þeirra verði kostnaðarminni og leigan lægri. Þá verði vaxtabótaauki fyrir þá sem eru að kaupa sína fyrstu íbúð og vaxtabætur almennt hækkaðar. Þeir sem kaupa fyrstu íbúð fái hámarksvaxtabætur fyrstu fimm árin. Stimpilgjöld falli niður á þessum lánaflokki og lántökukostnaður verði föst fjárhæð.

Á næsta ári er gert ráð fyrir að hægt verði að veita lán til kaupa eða byggingar 400 leiguíbúða á 3,5 prósenta vöxtum. Lagt er til að heimildunum verði fjölgað í 750 íbúðir á ári í fjögur ár frá og með árinu 2009. „Árlegur kostnaður er 450 milljónir á ári að fjórum árum liðnum,“ segir í drögunum.

Ekki náðist í Jóhönnu Sigurðardóttur félagsmálaráðherra í gær. ghs@frettabladid.is




**LAGT TIL AÐ VEITA SKATTAUNDANÞÁGU** Lagt er til að tekinn verði upp nýr lánaflokkur fyrir þá sem ætla að kaupa sína fyrstu íbúð en eru undir ákveðnum tekju- og eignamörkum. Lánaflokkurinn yrði þá væntanlega hjá Íbúðalánasjóði. Einnig er lagt til að komið verði á fót opinberu sparnaðarkerfi og að hið opinbera myndi styðja kerfið, til dæmis með undanþágu frá skatti.



## „ORÐRÉTT“

*Fyrst á röngunni ...*

**„Heimsmálin eru heimamál og öfugt.“**

INGIBJÖRG SÓLRÚN GÍSLADÓTTIR UM FORGANGSRÖÐUN ÍSLENSKRAR UTANRÍKISSTEFNU.
Fréttablaðið 11. desember.

*Tók hana á orðinu*

**„Eitt sinn spurði konan mín af hverju ég færi ekki að læra sagnfræði. Og ég tók hana á orðinu.“**

HELGI SIGURÐSSON DÝRALÆKNIR SEM SETTIST Á SKÓLABEKK EFTIR LANGT HLÉ OG DÚXAÐI Í SAGNFRÆÐI.
Morgunblaðið 11. desember.

# tilveran
*nær og fjær*

**HVAÐ ER AÐ FRÉTTA?** SÚSANNA GUNNARSDÓTTIR HÁRGREIÐSLUMEISTARI

## *Íshokkíið er líf mitt og yndi*



„Það er allt mjög gott að frétta í augnablikinu, allt búið og allir í jólaskapi,“ segir Súsanna Gunnarsdóttir hárgreiðslumeistari. „Ég var að byrja að vinna á 101 Skjöldur í Pósthússtræti, er búin að vera hér í þrjá mánuði og það er fínt að gera hjá mér, ég vinn frá morgni til kvölds alla daga.“

Súsanna segir að í dag sé í tísku að hafa þykka, þunga hártoppa og dökkt, slétt hár með smá liðum í neðst. „Það er mjög mikið um það í dag. Hliðartoppurinn er að detta út. Í dag vilja margir sléttan, þungan topp.“

Súsanna vann í átta ár á Miklubrautinni og í tólf ár þar áður á Snorrabraut. „Ég byrjaði að læra í miðbænum á sínum tíma og mér finnst yndislegt að vera komin þangað aftur. Vandamálið er bara bílastæðin. Það er alltaf vandamál. Framkvæmdirnar í miðbænum taka svo mikið af stæðunum að það er svo lítið eftir af stæðum fyrir fólk. Við sem vinnum í miðbænum erum í öllum bílastæðunum.“

Súsanna er íshokkímamma. „Ég á tvo stráka í íshokkí og íshokkí er mitt líf og yndi. Strákarnir mínir eru 17 og 13 ára. Sá yngri er í Skautafélaginu Birninum í Grafarvogi en sá eldri var lánaður yfir til Narfanna í Hrísey og spilar bara með meistaraflokki þegar þeir koma suður,“ segir Súsanna, sem fer á alla leiki og flestar æfingar hjá strákunum sínum.

## Í TVENNU LAGI:
### EITT FRÆGASTA LAG POPPSINS VAR OF LANGT



■ Bob Dylan tók upp lagið Like a Rolling Stone árið 1965. Í þá daga var meðallengd vinsælla popplaga um þrjár mínútur. Nýtt lag Dylans var hins vegar um sex mínútur. Plötufyrirtækið vildi því ekki gefa það út á smáskífu. Eftir nokkurn þrýsting sá fyrirtækið þó að sér og skellti laginu á sjö tommu skífu. En það var þá í tvennu lagi: Fyrri helmingurinn á hlið A og sá seinni á B-hlið. Eftir nokkra daga gafst útgáfan upp og gaf lagið út í fullri lengd. Það náði efstu sætum vinsældalista.

## SJÓNARHÓLL
**HEIÐURSLAUN LISTAMANNA**

## *Jákvætt að fjárfesta í list*



**EINAR MAGNÚS MAGNÚSSON** Upplýsingafulltrúi Umferðarstofu.

„Almennt séð hefur sagan kennt okkur að það er jákvætt að fjárfesta í listum. Þannig skapast andleg næring sem er ómetanleg. Að því leytinu til er ég fylgjandi því að ríkið styðji við listastarf með myndarlegum hætti,“ segir Einar Magnús Magnússon, upplýsingafulltrúi Umferðarstofu. Menntamálanefnd Alþingis fjallar nú um tillögu til að hækka laun 28 listamanna um 20 prósent, í 150 þúsund krónur á mánuði.

Einar Magnús segir að þeir 28 listamenn sem fá heiðurslaun séu vel að því komnir, þó að smekkur ráði því að listsköpun þeirra höfði misjafnlega vel til hans. „Sannast hefur að framlag þeirra til íslensks listalífs og menningar er mikið og jafnvel ómetanlegt. Við þurfum þó að vera vakandi hvort einstakir listamenn verðskuldi að vera á heiðurslaunum.“

Spurður hvort heiðurslaunin ættu að vera hærri en raun ber vitni segir Einar Magnús að nokkrir þeirra listamanna sem hljóti heiðurslaunin nú séu líklega ekki í sérstakri þörf fyrir að þiggja laun frá hinu opinbera. „Hins vegar eru aðrir sem ekki eru eins vel settir en vonandi eru þeir listamenn líka að hafa ásættanlegar tekjur af listsköpun sinni.“

# Bílar, heitir pottar og jólatré á flugi

**Bifreiðir tókust á loft og jólatré, heitir pottar og grill þeyttust um suðvesturhorn landsins í miklum stormi. Ljóst er að talsvert tjón hefur orðið af völdum veðursins. Lögregla segir mikilvægt að fólk taki stormviðvaranir alvarlega.**

Lausir gluggaflekar fóru inn um rúðu í barnaherbergi í Fákahvarfi í Kópavogi í stormveðri á suðvesturhorni landsins í fyrrinótt. Vegna veðursins svaf barnið ekki inni í herberginu en rúðan mölbrotnaði og glerbrot flugu inn í herbergið. Þá fuku sams konar flekar í bíl húseigenda og bílskúrshurðina.

„Það er nokkuð ljóst að tjónið er einhver hundruð þúsunda þar sem nýr bíll skemmdist nokkuð og bílskúrshurðin, ásamt glugganum,“ segir Sigurlín Birgisdóttir, íbúi í Fákahvarfi, og segir að verið sé að athuga tryggingar hennar og eiganda gluggaflekanna sem ollu tjóninu.

Alls barst 101 tilkynning til lögreglu höfuðborgarsvæðisins á einum sólarhring vegna óveðursins. Mest eignatjón varð í Hafnarfirði, en allar tilkynningarnar voru vegna fjúkandi hluta á borð við jólatré, bifreiðir, hjólhýsi, heita potta, grill, þakplötur og byggingarefni.

Á nokkrum stöðum brotnuðu rúður líkt og við Fákahvarf og í Lautarsmára brotnaði rúða á tólftu hæð fjölbýlishúss þegar rusl fauk á gluggann.

Mörg tjón urðu vegna hluta sem fuku frá byggingasvæðum, en að sögn lögreglunnar er það á ábyrgð byggingafyrirtækja að sjá til þess að allt byggingarefni sé njörvað niður.

Veðurstofa Íslands gaf út stormviðvörun og segir lögregla jafnframt mikilvægt að fólk taki slíkar viðvaranir alvarlega og hugi að lausum hlutum á lóðum sínum.

Tuttugu og þrjár tilkynningar bárust lögreglunni á Suðurnesjum vegna hvassviðris og tæpar tuttugu lögreglunni í Borgarnesi.

Við byggingarsvæði frystiklefans á Eiðinu í Vestmannaeyjum er talið að um 1.000 fermetrar af þakklæðningu hafi fokið á haf út. Flestar plöturnar voru í stæðum á jörðinni við bygginguna og neglt hafði verið yfir þær en veðurhamurinn var það mikill að þær fuku upp.

Starfsmenn byggingafyrirtækisins urðu að tína upp plöturnar í fjörunni sem ekki fóru á haf út.

Herjólfur lagði að í Eyjum klukkan tvö í nótt eftir sex og hálfs tíma siglingu í vondu veðri frá Þorlákshöfn. Venjulegur siglingartími ferjunnar er tæpar þrjár klukkustundir. eva@frettabladid.is



**BROTIN RÚÐA Í BARNAHERBERGI** Mikil mildi var að barnið svaf ekki í herbergi sínu þessa nótt. Rúmið er gegnt glugganum.



**ÞAKPLÖTUR Í FJÖRUNNI** Um 1.000 fermetrar af þakklæðningu fuku á haf út í Vestmannaeyjum.



**TÍNDU ÞAKKLÆÐNINGU Í FJÖRUNNI** Starfsmenn byggingafyrirtækisins Steina og Olla í Vestmannaeyjum tíndu upp úr fjörunni það sem eftir var af þakklæðningu sem fauk á haf út.




## Dælulyklahafar
### hækkun sólarhringsheimilda

**Á undanförnum mánuðum hafa fjölmargir stærri viðskiptavinir óskað eftir hækkun Dælulyklaheimilda úr 5.000 í 10.000.**

Af þeim sökum hefur Atlantsolía ákveðið að sólarhringsheimild allra Dælulykla með 5.000 krónum verði hækkuð upp í 10.000 krónur.

Þeir viðskiptavinir okkar sem vilja halda eldri sólarhringsheimild er bent á að hafa samband við skrifstofu okkar, í síma eða með tölvupósti.

**Athygli er vakin á því að viðskiptavinir geta hvenær sem er breytt sólarhringsheimildum í 5, 10,15 eða 25 þúsund kr.**

Allar nánari upplýsingar má finna á vefsíðu okkar www.atlantsolia.is, með því að hringja í síma 591 3100 eða með því að senda okkur tölvupóst á atlantsolia@atlantsolia.is

ATLANTSOLIA

**Atlantsolía** Lónsbraut 2 / 220 Hafnarfirði / Sími 591 3100 / atlantsolia@atlantsolia.is / www.atlantsolia.is

PIPAR • SÍA • 72446


Ólafur Ragnarsson heiðursfélagi bókaútgefenda:

# Markaði djúp spor í íslenskri bókaútgáfu

Ólafur Ragnarsson bókaútgefandi hefur verið kjörinn heiðursfélagi Félags íslenskra bókaútgefenda.

Ólafur kom víða við í fjölmiðlum og útgáfu. Hann stofnaði meðal annars bókaforlagið Vöku árið 1981, ásamt konu sinni Elínu Bergs. Hann var framkvæmdastjóri Vöku og síðar Vöku-Helgafells (frá 1985) til ársins 1999. Árið 2005 stofnaði hann einnig bókaútgáfuna Veröld ásamt Pétri Má Ólafssyni en varð að draga sig út úr rekstrinum árið 2006 vegna heilsubrests.

Kristján B. Jónasson, formaður Félags íslenskra bókaútgefenda, segir Ólaf hafa verið einn helsta bókaútgefanda þessa lands um tveggja til þriggja áratugaskeið. Hann hafi verið formaður félagsins þegar miklar breytingar urðu á bókamarkaði og haft mikil áhrif á bókaútgáfu.

„Það er sérstaklega þrennt sem varð til þess að hann markaði varanleg spor í útgáfulandslagið hér heima. Í fyrsta lagi var hann frumkvöðull bókaklúbbanna en þá byggði hann upp í Vöku-Helgafelli. Í öðru lagi var hann öflugur markaðsmaður og frumkvöðull í því að kynna bækur með miklum bravúr. Og í þriðja lagi, sem skiptir mestu máli í heildarsamhengi menningarinnar, þá hafði hann gríðarlegan áhuga á því að gera veg Halldórs Laxness sem mestan og kom meðal annars á fót Laxness-klúbbi,“ segir Kristján. - kdk



**ELÍN BERGS, RAGNAR HELGI OG KRISTJÁN B. JÓNASSON**

# LAND ROVER RANGE ROVER

## Farðu alla leið



www.landrover.is
www.bilaland.is

Eigum nokkur glæsileg eintök af Land Rover **Range Rover**, Land Rover **Range Rover Sport** 2005-2007.
Eðalvagnar á hagstæðum kjörum. Komdu og upplifðu alvöru lúxus.



LAND ROVER RANGE ROVER Supercharged
Nýskr: 07/2006, 4200cc, 400 hestöfl.
5 dyra, sjálfskiptur, svartur, ekinn 25.000.

Verð: 12.800.000 - **Tilboð kr. 11.500.000**



LAND ROVER RANGE ROVER Vogue
Nýskr: 03/2005, 4400cc, 306 hestöfl.
5 dyra, sjálfskiptur, ljósgrár, ekinn 30.000.

Verð: 8.300.000 - **Tilboð kr. 7.200.000**



LAND ROVER RANGE ROVER Supercharged
Nýskr: 07/2005, 4200cc, 400 hestöfl.
5 dyra, sjálfskiptur, dökkgrár, ekinn 20.000.

Verð: 10.700.000 - **Tilboð kr. 9.700.000**



LAND ROVER RANGE ROVER Supercharged
Nýskr: 07/2005, 4200cc, 400 hestöfl.
5 dyra, sjálfskiptur, dökkgrár, ekinn 23.000.

Verð: 10.700.000 - **Tilboð kr. 9.200.000**



LAND ROVER RANGE ROVER Supercharged
Nýskr: 02/2007, 4200cc, 400 hestöfl.
5 dyra, sjálfskiptur, svartur, ekinn 16.000.

Verð: 14.500.000 - **Tilboð kr. 13.200.000**



RANGE ROVER SPORT Supercharged
Nýskr: 06/2006, 4200cc, 400 hestöfl.
5 dyra, sjálfskiptur, svartur, ekinn 21.000.

Verð: 9.500.000 - **Tilboð kr. 8.500.000**

Nánari upplýsingar hjá Lúxusbíladeild **Bílalands B&L** í síma 575 1230 / **luxusbilar@bilaland.is**

B&L • Grjóthálsi 1 • 110 Reykjavík • Sími 575 1200

Með bílinn handa þér

GO BEYOND

## Svona erum við

> Börn í leikskólum með erlent ríkisfang 2001-2006.




HEIMILD: HAGSTOFA ÍSLANDS

**baksvið**
*fréttir og fróðleikur*

**FBL-GREINING:** MANNRÉTTINDAYFIRLÝSING SAMEINUÐU ÞJÓÐANNA

# *Réttindi hvers og eins einstaklings tíunduð*

Þann 10. desember voru rétt 59 ár frá því Allsherjarþing Sameinuðu þjóðanna samþykkti á fundi í París Mannréttindayfirlýsingu samtakanna. Í tilefni af 60. afmælisári yfirlýsingarinnar hafa Sameinuðu þjóðirnar opnað sérstakan upplýsingavef tileinkaðan yfirlýsingunni og mannréttindamálum í heiminum (www.knowyourrights2008.org).

UNIVERSAL DECLARATION OF HUMAN RIGHTS
Dignity and justice for all of us

**Hvernig kom yfirlýsingin til?**
Þegar umfang glæpaverka nasista varð ljóst eftir lok síðari heimsstyrjaldar skapaðist samstaða um það meðal þjóða heims að í stofnsáttmála SÞ væri ekki nægileg áhersla lögð á skilgreiningu mannréttinda og mikilvægi verndar þeirra. Þáverandi framkvæmdastjóri SÞ, Norðmaðurinn Trygve Lie, fól Kanadamanninum John Peters Humphrey að stýra verkinu. Yfirlýsingin var síðan samþykkt mótatkvæðalaust á fundi allsherjarþings SÞ í París 10. desember 1948. Fulltrúar 48 af þáverandi 56 aðildarríkjum, þar á meðal íslenski fulltrúinn, samþykktu hana en fulltrúar átta ríkja sátu hjá. Þau síðarnefndu voru öll austantjaldslönd auk Suður-Afríku og Sádi-Arabíu.

**Hvað stendur í yfirlýsingunni?**
Mannréttindayfirlýsing SÞ hefst á inngangi en síðan eru réttindi hvers og eins manns tíunduð í 30 greinum. Í þeirri fyrstu segir: „Hver maður er borinn frjáls og jafn öðrum að virðingu og réttindum. Menn eru gæddir vitsmunum og samvisku, og ber þeim að breyta bróðurlega hverjum við annan.“

Auk sjálfrar mannréttindayfirlýsingarinnar var árið 1966 bætt við hana tveimur undirskrám; Alþjóðasáttmálanum um efnahagsleg, félagsleg og menningarleg réttindi og Alþjóðasáttmálanum um borgaraleg og stjórnmálaleg réttindi. Árið 1976, eftir að tilskilinn fjöldi aðildarríkja SÞ hafði fullgilt allar réttindaskrárnar þrjár, tóku þær gildi sem alþjóðalög.

**SPURT & SVARAÐ**
**ORRUSTUÞOTUR TIL LANDSINS Á NÝ**

## *Eykur ekki öryggi landsins*

Ríkisstjórnin hefur fengið vilyrði fyrir því að erlendar orrustuþotur frá bandalagsþjóðum NATO komi hingað til lands til æfinga og eftirlits. Steingrímur J. Sigfússon er formaður Vinstri grænna.



**STEINGRÍMUR J. SIGFÚSSON** Formaður Vinstri grænna.

**Er þörf fyrir vopnaðar orrustuþotur á Íslandi?**
Ég tel ekki þörf fyrir neinar orrustuþotur, hvað þá vopnaðar. Ég lít á það sem áhættuþátt í sjálfu sér ef þær fara að fljúga hér yfir vopnaðar. Trúir því virkilega nokkur maður að öryggi okkar aukist við að hafa vopnaðar flugvélar yfir höfðinu?

**Þyrfti að gera eitthvað annað til að auka öryggi á friðartímum?**
Ég legg áherslu á borgaralegar ráðstafanir, eflingu björgunarstarfsemi Landhelgisgæslunnar, eflingu almannavarna og því að búa betur að björgunarsveitunum. Eftir atvikum má svo efla löggæslu og landamæraeftirlit. Varðandi aukna umferð stórra flutningaskipa um lögsöguna með gas og olíu, er það eins fáránlegt og nokkuð getur verið að vegna þess þurfi orrustuþotur. Frekar má færa rök fyrir kaupum á mengunarvörnum og dráttarbáti.

**SPARISJÓÐUR**
**Bolungarvíkur**

**Stofnfjárútboð SpBol**

Sparisjóður Bolungarvíkur býður nú út nýtt stofnfé að nafnverði kr. 500.000.000. Farið er með útboðið skv. reglum um almennt útboð verðbréfa, en stofnfjáreigendur sem skráðir eru við upphaf útboðsins eiga forgangsrétt til áskriftar í samræmi við hlutfallslega eign sína, sbr. lög um fjármálafyrirtæki nr. 161/2002 og samþykktir sjóðsins.

Útboðstímabilið er 6. desember.- 14. desember 2007 og fellur áskrift í eindaga 27. desember 2007. Verð hverrar krónu nafnverðs í útboðinu er kr. 1,03493 og er heildarverðmæti útboðsins því kr. 517.465.000. Heildarnafnverð stofnfjár fyrir hækkunina er kr. 233.196.664 og verður eftir hækkunina kr. 733.196.664, að því gefnu að allt seljist.

Umsjónaraðili útboðsins er Sparisjóðurinn í Keflavík og má nálgast lýsingu og önnur gögn sem tengjast útboðinu á heimasíðu Sparisjóðs Bolungarvíkur www.spbol.is og í afgreiðslum hans frá og með 6. desember 2007.

**Sparisjóðsstjórn**

# Söluaukningin öll hjá ÁTVR

**Vínbúðir ÁTVR selja nú hærra hlutfall áfengis til einstaklinga en áður, á kostnað veitingastaða, skemmtistaða og annarra leyfishafa. Um fjórðungi fleiri lítrar af áfengi voru seldir hér á landi í fyrra en árið 2002.**



**VÍNBÚÐ** Aðstoðarforstjóri ÁTVR vildi ekki tengja það að söluaukning á áfengi undanfarin ár hafi nær öll orðið til hjá ÁTVR við breytingar á útliti og þjónustu vínbúða fyrirtækisins. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Sífellt lægra hlutfall af því magni af áfengi sem selt er hér á landi er selt á veitingastöðum, skemmtistöðum og hjá öðrum einkaaðilum sem hafa leyfi til að selja áfengi. Vínbúðir ÁTVR selja fjóra af hverjum fimm áfengislítrum sem Íslendingar drekka.

Samkvæmt upplýsingum frá Hagstofu Íslands var hlutfallið milli sölu ÁTVR og annarra leyfishafa nokkuð stöðugt um og fyrir aldamótin. ÁTVR seldi þrjá fjórðu hluta en einkaaðilar fjórðung. Rétt er að taka fram að inni í þeim tölum er þó ekki það magn sem ferðamenn og áhafnir flugvéla og skipa taka með sér til landsins.

Skýringarnar á þessu breytta hlutfalli eru að nánast öll söluaukning á áfengi sem verið hefur undanfarin fimm ár hefur komið frá ÁTVR. Lítrum sem skemmtistaðir og aðrir leyfishafar hafa selt á tímabilinu hefur ekki fjölgað svo neinu nemi milli ára.

**23,2 milljónir lítra af áfengi á ári**
Í tölum sem Fréttablaðið hefur aflað sést þessi þróun síðastliðinna ára. Árið 2002 seldust um 18,6 milljónir lítra af áfengi hérlendis, þar af um 14,2 milljónir lítra hjá ÁTVR, sem eru 76,2 prósent. Árið 2006 seldust 23,2 milljónir lítra, og var hlutur ÁTVR 18,5 milljónir lítra, eða 79,7 prósent.

Ótal skýringar gætu verið á þessu. Einhverjir kynnu að nefna það að skemmtistaðir hafa nú opið lengur, sem geri það að verkum að margir fari seinna á skemmtistaði og sitji lengur við drykkju í heimahúsi.

Sigrún Ósk Sigurðardóttir, aðstoðarforstjóri ÁTVR, segir erfitt að geta sér til um hvers vegna þessi þróun hafi orðið, en sagðist til að mynda ekki tengja hana við þá breytingu sem gerð hefur verið á vínbúðunum á undanförnum árum.

„Það fyrsta sem mér dettur í hug er minni vöxtur í sölu veitingahúsa en í neyslu almennings,“ segir Sigrún Ósk. Einnig segir hún mögulegt að breytt samsetning þjóðarinnar geti haft áhrif, en sífellt hærra hlutfall erlendra ríkisborgara býr og starfar hér á landi.

„Það er margt sem gæti komið til,“ segir Erna Hauksdóttir, framkvæmdastjóri Samtaka ferðaþjónustunnar, sem sagðist ekki hafa skýringu á þessum breytingum.

Landsmenn drukku tæplega tvöfalt fleiri lítra af áfengi í fyrra en árið 1989, árið sem sala á bjór var leyfð á ný hér á landi.

**Drekkum 97 lítra á mann**
Samkvæmt tölum frá Hagstofu Íslands drakk hver landsmaður, 15 ára og eldri, 50 lítra af áfengi árið 1989, en í fyrra var drykkjan komin í 97 lítra á mann. Miðað er við 15 ára aldurinn til að auðvelda alþjóðlegan samanburð.

Fjöldi seldra áfengislítra tók kipp árið 1989, en sala á bjór var leyfð 1. mars það ár. Árið áður seldust um 17 lítrar af áfengi á hvern landsmann eldri en 15 ára, en þar sem þar var um mun sterkari drykki að ræða er það vart samanburðarhæft.

Árin eftir að bjórsala var leyfð minnkaði drykkjan aðeins, eftir stóran kipp árið 1989, en frá árinu 1992 hefur salan aukist stöðugt ár frá ári.

**Drykkja aukist um 65 prósent**
Drykkja hefur óumdeilanlega aukist hér á landi undanfarin ár, eins og sjá má þegar skoðaðar eru tölur yfir sölu á fjölda lítra af hreinu alkóhóli og þeim deilt niður á fjölda landsmanna 15 ára og eldri.

Milli áranna 1980 og 2006 jókst árleg neysla hvers landsmanns um 65 prósent að meðaltali. Frá því sala á bjór var leyfð árið 1989 hefur áfengisneysla aukist um 29,5 prósent sé miðað við alkóhóllítra á hvern landsmann.

Þróunin hefur verið á eina leið síðustu tíu ár, aukning um 40,7 prósent milli áranna 1997 og 2006. Á síðustu fimm árum hefur áfengisneysla aukist um 9,4 prósent talið í alkóhóllítrum á hvern einstakling 15 ára og eldri að meðaltali.



FRÉTTASKÝRING
**BRJÁNN JÓNASSON**
brjann@frettabladid.is

**SELDIR LÍTRAR Á ÍBÚA 15 ÁRA OG ELDRI**




**FJÖLDI SELDRA LÍTRA AF ÁFENGI**




## FJÓRÐUNGS AUKNING Á FIMM ÁRUM

Á síðustu fimm árum hefur orðið um fjórðungs aukning á fjölda lítra af áfengi sem seldir hefur verið hér á landi. Alls voru seldar um 23,2 milljónir lítra í fyrra, samanborið við 18,6 milljónir lítra árið 2002.

Aukin sala á bjór er í takt við aukningu á sölu áfengis almennt, 24,7 prósent á tímabilinu. Landsmenn drukku um 14,6 milljónir lítra árið 2002, en 18,2 milljónir lítra í fyrra.

Aukningin hefur verið meiri í léttvíni, í fyrra seldust þriðjungi fleiri lítrar af léttvíni samanborið við árið 2002. Alls seldust 3,7 milljónir lítra samanborið við 2,8 milljónir fimm árum fyrr.

Á sama tíma hefur sala á sterku áfengi dregist nokkuð saman. Um 909 þúsund lítrar af áfengi sterkara en 22 prósent seldust árið 2002, en árið 2004 hafði salan hrunið um 15 prósent, í 772 þúsund lítra. Í fyrra hafði salan aukist nokkuð aftur, en ekki náð fyrri hæðum, en þá seldust 863 þúsund lítrar, sem er um fimm prósenta samdráttur í sölu á sterkum drykkjum frá árinu 2002.

**SELDIR LÍTRAR AF ÁFENGI Á ÁRI**





RAFMÖGNUÐ JÓL
FJÖLKERFA DVD SPILARI
UNITED
United DVD7087
Fjölkerfa DVD SPILARI með Progressive Scan, DolbyDigital og DTS, Scart, Component, SVHS og CVBS tengi, Digital Coaxial tengi, NTSC afspilun yfir í PAL og fjarstýringu. Spilar DVD, DVD+R/RW, DVD-R/RW, (S)VCD og MPEG4 - Spilar CD, CD-R/RW, MP3 og JPEG.
VERÐ 3.990
FRÁBÆRT VERÐ
SanDisk
MP3 OG DIKTAFÓNN
Sandisk M240
1GB MP3 SPILARI með innbyggðum diktafón og háhraða USB 2.0 tenging við tölvu. Spilar MP3, WMA. Baklýstur skjár.
TILBOÐ 4.990
FULLT VERÐ kr. 9.990
JVC
EINFALT OG TRAUST FERÐATÆKI MEÐ CD
JVC RCEZ31
Ferðatæki geislaspilara, útvarpi með stöðvaminnum, segulbandi ofl.
VERÐ 7.990
FRÁBÆRT VERÐ
JVC
JVC KDG161
BÍLGEISLASPILARI með 4x45w magnara, FM/LW ÚTVARP með stöðvaminnum, vönduðum geislaspilara með hristivörn og spilar CD-R/RW, forstilltum tónjafnara, Fader-, Balance-, Bassa- og Diskant stilli, 1x RCA útgangi og þjófavörn.
TILBOÐ 11.990
FULLT VERÐ kr. 12.990
7.2 MILLJÓN PUNKTA UPPLAUSN
CASIO
Casio EXZ75
Stafræn MYNDAVÉL með 7.2 milljón punkta upplausn, BESTSHOT sem gerir einfalt að taka myndir við öll skilyrði og Antishake DSP hristivörn.
TILBOÐ 17.990
FULLT VERÐ kr. 22.990
HRISTIVÖRN VATNSVÖRN
7.1 MILLJÓN PUNKTA UPPLAUSN
OLYMPUS
Olympus MJU790SWBL
Digital MYNDAVÉL með 7.1 milljónir punkta upplausn, vatnsheld að 3m dýpi, höggheld úr 1.5m hæð, 3x Optical og 5x Digital Zoom, 6.7 - 20.1mm linsa, 2,5" LCD skjár, frábær við öll birtuskilyrði, hreyfimyndataka með hljóði, USB og 14.7MB innra minni. Tekur xD kort.
VERÐ 29.990
FRÁBÆRT VERÐ
MARGMIÐLUNARHÁTALARAR
JBL
JBL ONTOURWHT
FERÐAHÁTALARAR með innbyggðum magnara fyrir tölvur, MP3, geislaspilara og fleira. Tveir Odyssey Neodymium hátalarar, 2x3w innbyggður magnari, snertitakkar til að hækka og lækka og 3.5mm jack tengi. Gengur fyrir 4 AAA rafhlöðum eða spennugjafa. Stærð í sm (bxhxd): 17,5x3,5x8,8 og þyngd: 350g.
TILBOÐ 7.990
FULLT VERÐ kr. 8.990
harman/kardon
harman/kardon GoPlay
HÁTALARAR með innbyggðum magnara fyrir iPod, MP3, geislaspilara og fleira. Tveir hátónar og tveir bassahátalarar, 4x30w magnari, snertitakkar til að hækka og lækka, Fjarstýring, vagga fyrir iPod, 3.5mm jack tengi.
TILBOÐ 29.990
FULLT VERÐ kr. 44.990
JVC
JVC UXS11
10w RMS Míkrósamstæða með MP3 geislaspilara, Bass Boost, RDS útvarpi með stöðvaminnum, Auto Reverse segulbandi, Aux inngangi að framan, kukku, heyrnartólstengi og fjarstýringu. Spilar CD-R/RW.
VERÐ 14.990
FRÁBÆRT VERÐ
FIMM DISKA DVD SPILARI
Spilar DVD, DVD-Audio, DVD+R/RW, DVD-R/RW, S(VCD) og DivX – Spilar CD, CD-R/RW, MP3 og JPEG
JVC UXG70
MÍKRÓSAMSTÆÐA með 5 diska DVD spilara, 160w magnara, Progressive Scan, Dolby Digital og DTS, RDS útvarpi með 30 fm og 15 AM stöðvaminnum, Sound Turbo II með kvikmynda- eða tónlistastillingu, Aux inngangi að framan, USB tengi, Scart og Component tengi, Digital Optical og Subwoofer útgöngum, heyrnartólstengi og fjarstýringu.
TILBOÐ 39.990
FULLT VERÐ kr. 44.990
Panasonic
Panasonic SCPT150
HEIMABÍÓKERFI með DVD spilara, 330w (5x55w) Digital magnara, 12bit/108MHz Video DAC, Progressive scan, 5 hátölurum og Bassaboxi, Dolby Digital, DTS og Dolby Pro-Logic II, FM útvarp með stöðvaminnum, tónjafnara, hljóðinngangi (RCA), USB, Scart, Component tengi ofl. Spilar DVD, DVD+R/RW, DVD-R/RW og (S)VCD - Spilar CD, CD-R/RW, MP3/WMA og JPEG.
TILBOÐ 27.990
FULLT VERÐ kr. 29.990
HEIMABÍÓKERFI
Panasonic SCPT450
HEIMABÍÓKERFI með DVD spilara, 1000w (4x125w og 2x250w RMS) Digital magnara, Video Upscaling í 720p/1080i/1080p, 12bit/108MHz Video DAC, Progressive scan, 5 hátölurum og Bassaboxi, Viera Link, Dolby Digital, DTS og Dolby Pro-Logic II, FM útvarp með stöðvaminni, tónjafnara, hljóðinngangi (RCA), Scart, HDMI, Component tengi ofl. Spilar DVD, DVD+R/RW, DVD-R/RW og (S)VCD - Spilar CD, CD-R/RW, MP3/WMA og JPEG.
TILBOÐ 39.990
FULLT VERÐ kr. 44.990
SanDisk MINNISKORT ALLAR GERÐIR
LANDSINS MESTA ÚRVAL MINNISKORTA OG -LYKLA!
STÓRKOSTLEGT ÚRVAL AF HÁGÆÐA JBL HÁTÖLURUM!
JBL
Alltaf gæði og góð kaup!
1971 - 2007
Sjónvarpsmiðstöðin
RAFTÆKJAVERSLUN • SÍÐUMÚLA 2 • SÍMI 568 9090 • www.sm.is
UMBOÐSMENN UM LAND ALLT ► REYKJAVÍKURSVÆÐIÐ: Hagkaup, Smáralind. VESTURLAND: Hljómsýn, Akranesi. Hagkaup, Borgarnesi. Samkaup, Borgarnesi. Blómsturvellir, Hellissandi. Skipavík, Stykkishólmi. VESTFIRÐIR: Kaupfélag Steingrímsfjarðar, Drangsnesi. Samkaup, Ísafirði. NORÐURLAND: KF Steingrímsfjarðar, Hólmavík. KF V-Húnvetninga, Hvammstanga. Krákur, Blönduósi. Skagfirðingabúð, Sauðárkróki. Hagkaup, Akureyri. Heimilistæki, Akureyri. Öryggi, Húsavík. AUSTURLAND: Samkaup, Egilsstöðum. Kauptún, Vopnafirði. KF Héraðsbúa, Seyðisfirði. Sparkaup, Fáskrúðsfirði. Martölvan, Höfn Hornafirði. SUÐURLAND: Mosfell, Hellu. Fossraf, Selfossi. Rás, Þorlákshöfn. Geisli, Vestmannaeyjum. REYKJANES: Tölvuspítalinn, Grindavík. Rafeindatækni, Keflavík. Hagkaup, Njarðvík. Raflagnavinnustofa Sigurðar Ingvarssonar, Garði.

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Þróunarfélag Keflavíkurflugvallar:

## Afbrot eða afrek?

ÞORSTEINN PÁLSSON SKRIFAR

Tveir alþingismenn hafa að undanförnu borið stjórnarmenn í Þróunarfélagi Keflavíkurflugvallar þungum sökum. Þeir eru sagðir hafa brotið lög og misfarið með eignir ríkisins með því að selja þær vinum og vandamönnum undir markaðsverði á bak við tjöldin.

Á móti hefur forsætisráðherra fullyrt að stjórn félagsins hafi farið að settum leikreglum. Í reynd hafi hún unnið afrek með því að fá meira fyrir eignirnar á skemmri tíma en nokkur hefði getað vænst. Eðlilegt er að spurt sé hvernig meta á þessar staðhæfingar og málsatvik að öðru leyti?

Í fyrsta lagi er hér um að ræða eignir sem ríkinu hlotnuðust við brottför varnarliðsins. Á móti tók ríkið að sér að kosta hreinsun varnarsvæðanna. Á þeim tímapunkti voru þær efasemdir uppi að þáverandi ríkisstjórn hefði samið af sér með því að skuldbindingarnar væru meiri en ávinningurinn. Þessum efasemdum var ekki unnt að svara með staðreyndum á sínum tíma. Nú er hins vegar unnt að sýna fram á að þær voru ástæðulausar.

Í annan stað var ljóst að hagsmunir sveitarfélaganna á svæðinu voru ríkir. Þar kom einkum tvennt til: Annars vegar að á svæðinu þróaðist byggð og atvinnustarfsemi sem félli að skipulagi og öðrum áformum sveitarfélaganna. Hins vegar að eignasalan kollvarpaði ekki fasteignamarkaðnum.

Vegna þessara almannahagsmuna í sveitarfélögunum hefði komið til álita að fela þeim alfarið umsjón með þróunarferlinu. Það var ekki gert enda fjárhagslegir hagsmunir ríkissjóðs verulegir. Niðurstaðan var þriðjungs stjórnunaraðild sveitarfélaganna í sjálfstæðu þróunarfélagi. Þau tengsl almannahagsmuna í sveitarfélögunum voru því ákveðin áður en verkefnið fór af stað samkvæmt sérstökum lögum. Enginn taldi óeðlilegt að flétta sveitarfélagahagsmunina með þessum hætti inn í verkefnið þegar það var ákveðið.

Í þriðja lagi vaknar spurning um hvort fara hefði átt með eignasöluna eftir almennum útboðsreglum eða á grundvelli sérstakra auglýsinga. Með almennu útboðsreglunum hefði svigrúmið til að taka tillit til hinna sérstöku viðurkenndu hagsmuna sveitarfélaganna þrengst verulega. Ríkisstjórnin ákvað því fyrir fram með skynsamlegum rökum að nota lagaheimildir um að víkja frá þeim reglum. Það sætti ekki gagnrýni á þeim tíma.

Í fjórða lagi þarf að skoða hvort stjórn Þróunarfélagsins hafi með einhverjum hætti staðið þannig að auglýsingum og kynningu á þróunarverkefninu að ófullnægjandi teljist. Enginn hefur sýnt fram á það. Allir sem áhuga höfðu virðast þar af leiðandi hafa haft tækifæri til þátttöku.

Í fimmta lagi kemur til álita hvort ómálefnaleg sjónarmið hafi ráðið hvaða tilboðum var tekið. Eftir að gögn þar að lútandi voru birt verður ekki séð að þær ákvarðanir verði gagnrýndar með rökum. Ekki verður heldur séð af framkomnum gögnum að persónulegir hagsmunir hafi valdið vanhæfi.

Ef dæma á eftir fyrirliggjandi staðreyndum er því varfærnislegt að segja að býsna djúpt sé á rökum fyrir misferli. Hvort úttekt Ríkisendurskoðunar leiðir eitthvað annað í ljós er spurning sem tíminn einn getur svarað.

Um verð eignanna er ekki annar dómari en markaðurinn. Hafi hann verið opinn eins og allt bendir til hlýtur það að teljast eðlilegt. Augljóst er að verulegur fjárhagslegur ávinningur er í því fólginn fyrir ríkissjóð hversu skjótt tókst að koma eignunum í verð.

Að öllu þessu virtu sýnast þekktar staðreyndir málsins liggja nær fullyrðingunni um afrek en afbrot.

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFÉLAG: 365

RITSTJÓRAR: Jón Kaldal og Þorsteinn Pálsson AÐSTOÐARRITSTJÓRI: Steinunn Stefánsdóttir FRÉTTASTJÓRAR: Arndís Þorgeirsdóttir, Björn Þór Sigbjörnsson, Kristján Hjálmarsson og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál). FULLTRÚI RITSTJÓRA: Páll Baldvin Baldvinsson. Fréttablaðið kemur út í 103.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Akureyri og þéttbýlissvæðum á suðvesturhorninu. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds.

issn 1670-3871




## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Merkileg hús

Frísklegt yfirbragð er á nýútkominni Sögu, tímariti Sögufélags. Forsíðuna prýðir mynd af skemmtistaðnum Sirkus við Klapparstíg (sem eldra fólk þekkir kannski sem verslunina Vaðnes). Hún vísar í snarpa grein eftir Pétur H. Ármannsson arkitekt um húsafriðun í miðborginni. Að mati Péturs er Sirkus einmitt dæmi um afstætt menningargildi; meðan flestir borgarbúar sjái illa hirtan kofa á verðmætri byggingarlóð sé Sirkus í augum útlendinga táknmynd tónlistarsenu sem Reykjavík er kunn fyrir um allan heim. Hann segir þetta dæmi vekja spurningar um þær aðferðir sem notaðar eru við að meta varðveislugildi gamalla húsa.



### Einfaldara og eðlilegra

Pétur klykkir út með spurningu um hvort ekki sé rétt að snúa forsendum húsafriðunar við. „Hingað til hefur aðalreglan nánast verið sú að gömul hús eigi að víkja og því hefur þurft að leggja fram rökstuðning með tillögum um verndun þeirra. Spyrja má hvort ekki væri eðlilegra og einfaldara að ganga út frá því að öll hús sem byggð eru fyrir ákveðin tímamörk eigi að standa en ítarlegs rökstuðnings sé þess í stað krafist um niðurrif þeirra eða flutning.“



### Og þá var eftir einn

Enn kvarnast úr ritstjórn dv.is því nú hefur ritstjórinn sjálfur, Guðmundur Magnússon, kvatt vefinn. Um mánaðamótin lét Jóhann Hauksson af störfum og Sigríður Dögg Auðunsdóttir fór í leyfi fyrir nokkru. Það mæðir því væntanlega mikið á Róberti Hlyni Haraldssyni, sem er einn eftir á stassjóninni. Atburðarásin á dv.is er óneitanlega farin að minna á umdeilda bók sem var endurútgefin í haust.

bergsteinn@frettabladid.is

# Gjafir sem skipta máli



JÓNÍNA MICHAELSDÓTTIR

Í DAG | Aðventan og jólin

Góður vinur færði mér nýlega gjöf sem ég hef notið mjög það sem af er aðventunni. Þetta er geisladiskur í vönduðum umbúðum með ljóðalestri og list Lárusar Pálssonar leikara úr fjársjóði ríkisútvarpsins. Þessi töframaður í túlkun og tjáningu lést árið 1968, aðeins fimmtíu og fjögurra ára gamall. Það er undur hvernig mannsröddin ein getur túlkað allt litróf mannlegra kennda; hita og kulda, kvikusárt næmi og grimmd, stórlyndi, sjálfselsku, örlæti, ótta og styrk. Rödd Lárusar er blæbrigðarík og fáguð og flutningur hans á ljóðum einstakur. Hreinasta unun er að hlusta á þætti úr Pétri Gaut þar sem Arndís Björnsdóttir fer með hlutverk Ásu móður hans. Líka gaman að bera túlkun Lárusar saman við ógleymanlega túlkun Gunnars Eyjólfssonar á Pétri. Báðir miklir listamenn, en ólíkir. Ef hægt er að taka eitt fram yfir annað á þessum diski finnst mér það vera stuttur þáttur úr Galdra Lofti þar sem Bryndís Pétursdóttir er í hlutverki Dísu. Ég get ekki gert mér í hugarlund að hægt sé að flytja þann texta af meira næmi og listfengi en Lárus gerir árið 1947.

Við að hlusta á svona flutning fer maður ósjálfrátt að hugsa um hvað röddin er merkilegt hljóðfæri og stór hluti af persónu hvers og eins. Og hvað það er eiginlega furðulegt að henni sé ekki gefinn gaumur í uppeldi og skólastarfi. Ekki til að gera alla að listamönnum, heldur til að auka sjálfstraust og kenna uppvaxandi kynslóð að í lífi og starfi skipti bæði máli hvað sagt er, og hvernig það er sagt.

### Græni diskurinn

Fyrir mörgum árum fékk ég annan disk að gjöf. Ekki geisladisk, heldur grænan skrautdisk, sem hangir uppi á vegg heima hjá mér. Hann á sér sögu.

Þann 18. febrúar árið 1885 féll snjóflóð á Seyðisfirði sem hreif með sér 16 hús og varð fjölda manns að bana. Hús langafa minna í móður- og föðurætt, Mikaels Gellissonar og Jóhanns Matthíassonar Long, sem stóðu hlið við hlið, lentu í flóðinu. Allir komust lífs af í þessum tveimur húsum og enginn slasaðist, nema hvað Jóhanna langamma mín fékk skóflublað djúpt í öxlina þegar verið var að grafa þau upp úr snjónum. Það fór ofan af húsi þeirra Jóhanns og þau misstu allt sem þau áttu nema þennan eina disk. Meira en hundrað árum síðar færði Anna Long, barnabarn þeirra hjóna, mér þennan disk að gjöf. Þegar ég horfi á hann þarna á veggnum, kemur ekki upp í hugann það sem þau misstu, heldur gjöfin sem þau fengu. Lífgjöfin. Enginn gjöf er dýrmætari en lífið sjálft og fátt mikilvægara en að umgangast þá gjöf með virðingu.

*Þetta er líka tími fjölskyldunnar. Tíminn til að staldra við og gera upp verðmætamatið. Hugsa ekki bara um það sem okkur langar í, heldur líka það sem við eigum og höfum.*

Vigdís Grímsdóttir, sem skrifaði fyrir nokkrum árum bók um mikið snjóflóð í þröngum firði og afleiðingar þess, er ættuð frá Seyðisfirði. Gerð var mögnuð kvikmynd eftir þessari bók eins og kunnugt er. Vigdís var nýverið í upplestrarferð fimm rithöfunda um Norðausturland. Ferðinni lauk með bókakvöldi í Skaftfelli á Seyðisfirði 1. desember. Höfundarnir lásu af stakri snilld úr verkum sínum við góðar undirtektir og óskipta athygli áheyrenda. Þegar Vigdís var að lesa úr bók sinni um hana Bíbí, sem lætur hvorki él né storma tilverunnar buga sig, kom græni diskurinn upp í hugann. Allt í einu fannst mér ég eiginlega stödd í öðrum tíma þar sem ég sat og hlustaði á höfund Kaldaljóss á Seyðisfirði lesa upp í húsinu sem amma hennar og nafna bjó í á sínum tíma.

### Jólagleði

Jólamánuðurinn lýsir upp skammdegið, kætir börn og fullorðna og fjölgar hvers kyns vinafundum og gleðskap. Þetta er tími eftirvæntingar og anna, flugeldasýning tilboða um hvaðeina sem við höfum ekkert við að gera, en líka eitt og annað sem við hefðum bæði gagn og gaman af að eignast.

Þetta er líka tími fjölskyldunnar. Tíminn til að staldra við og gera upp verðmætamatið. Hugsa ekki bara um það sem okkur langar í, heldur líka það sem við eigum og höfum. Taka ekki fyrir sjálfsagðan hlut allt sem er okkar megin girðingar; trygga vini, samhenta fjölskyldu, persónulegt frelsi, góða heilsu, glatt sinni, aðstæður til að finna kröftum sínum viðnám og vera til!

Þessar gjafir er ekki hægt að setja í jólapakka, en það er sjálfsagt að gleðjast yfir þeim.

# Listin að lesa

UMRÆÐAN

Námsárangur



HARALDUR ÓLAFSSON

Það hefur ekki alltaf þótt ófínt að lesa texta og læra utan að. Þegar margir af þeim sem lesa þessi orð gengu í skóla gengu nokkrar námsgreinar undir samheitinu lesgreinar. Í 10 ára bekk á 8. áratugnum fengu nemendur í barnaskólum landsins vandaðar bækur í Íslandssögu, náttúrufræði og landafræði. Þar mátti meðal annars lesa um landnámsmenn og líf þeirra, hinn fámála Skarphéðin og öxina Rimmugýgi, fund Kjartans og Ólafs Noregskonungs og lund Guðrúnar Ósvífursdóttur.

Í náttúrufræði mátti lesa um framlag Darwins til skilnings á þróun lífsins. Þar var líka útskýrt að hrafninn væri námfús spörfugl og að kýrin jórtraði.

Í landafræðinni var kennt að Reyðarfjörður væri lengstur Austfjarða og að Skaftáreldahraun væri mesta hraun sem upp hefði komið í einu gosi á jörðinni. Ótal fleiri staðreyndum af þessu tagi var pakkað snyrtilega inn í texta og nemendum var gert að lesa og skilja, greina aðalatriði og læra þau utan að. Heil kynslóð hafði af þessu gagn og gaman eins og oft á við um krefjandi verkefni.

Námsefni í Íslandssögu eftir Þórleif Bjarnason sem lesið var á þriðjungi úr vetri í 10 ára bekk var um 12.000 orð. Það samsvarar um 40 greinarstúfum á borð við þennan. Annað eins var í náttúrufræði og landafræði. Leit í námsefni sem nú er lagt fyrir 10 ára börn að einhverju sem er sambærilegt við það sem hér er lýst hefur engan árangur borið. Lesefnið sem nú er lagt fyrir er mun minna og að sama skapi rýrara að innihaldi. Að auki er misjafnt hvernig gengið er eftir því að nemendur lesi og læri það sem þó er fyrir þá lagt.

Getur verið að hægt væri að ná afburða góðum árangri í náttúrufræði og ekki síður lestri með því að bjóða börnunum vandað og efnismikið lesefni um náttúrufræði og ganga úr skugga um að þau lesi það og læri?

*Höfundur er foreldri og prófessor í veðurfræði.*






# Skaðleg skattheimta

**UMRÆÐAN**
Íslenskur sjávarútvegur



FRIÐRIK J. ARNGRÍMSSON

Meðal aðgerða sem ríkisstjórnin hefur kynnt vegna niðurskurðar aflamarks í þorski er að svokallað veiðigjald verði tímabundið fellt niður af þorskaflamarki. Um leið og því bera að fagna að afnám þessa skaðlega gjalds sé komið á dagskrá með afgerandi hætti er rétt að velta því fyrir sér hvaða fyrirbæri veiðigjaldið er.

Veiðigjaldið er sértækur skattur á íslenskan sjávarútveg umfram aðrar atvinnugreinar. Vandséð er hvernig skattlagning einnar atvinnugreinar sem nýtir auðlindir, umfram aðrar, samrýmist jafnræðisreglu stjórnarskrárinnar. Þá á íslenskur sjávarútvegur í harðri samkeppni við sjávarútveg annarra landa sem víða er ríkisstyrktur, en nánast allar afurðir okkar seldar úr landi.

## Ofurgjald

Veiðigjaldið er afar hátt þegar litið er til afkomu sjávarútvegsins. Þótt að hluta til sé tekið tillit til kostnaðarþátta við ákvörðun gjaldsins er gjaldstofninn markaður áður en tekið hefur verið tillit til allra útgjalda. Þá er gjaldið lagt á aflamark allra fisktegunda óháð afkomu veiða úr einstökum stofnum. Því getur verið um álagningu gjalds að ræða þótt tap verði á rekstrinum. Í þeim tilfellum er um eignaupptöku að ræða af hálfu ríkisvaldsins.

Hagstofa Íslands vinnur upplýsingar um afkomu sjávarútvegsins úr ársreikningum sjávarútvegsfyrirtækja. Ekki eru tiltækar nýrri upplýsingar er frá árinu 2004, en samkvæmt þeim má ætla að veiðigjaldið hefði numið um 37% af hagnaði útgerðarinnar eftir skatta hefði það að fullu verið komið til framkvæmda. Af því sést hvers konar ofurskattlagningu getur verið um að ræða.

Almennt greiða fyrirtæki 18% tekjuskatt af hagnaði sínum. Þetta á jafnt við um útgerðarfyrirtæki sem önnur fyrirtæki.Vandfundin eru rök fyrir því að skattleggja útgerðir sérstaklega, en auðséð er hvert það leiðir í samkeppni þeirra við aðrar atvinnugreinar um fólk og fjármagn. Þá er það umhugsunarefni að þegar stefna stjórnvalda er að lækka skatta þá skuli burðaratvinnuvegur landsbyggðarinnar skattlagður sérstaklega.

Það er alkunna að yfirgnæfandi hluti sjávarútvegsfyrirtækja er á landsbyggðinni. Því leggst sérstök gjaldtaka á sjávarútveginn fyrst og fremst á fyrirtæki á landsbyggðinni. Eins og dæmin sanna eru sjávarútvegsfyrirtækin líklegust til að stuðla að uppbyggingu og framförum á landsbyggðinni. Með innheimtu sérstaks gjalds á sjávarútveginn er verulega dregið úr möguleikum fyrirtækjanna til uppbyggingar og þar með aukið á vanda landsbyggðarinnar.

## Ríkið tapar á innheimtu

Hagfræðistofnun Háskóla Íslands rannsakaði samband veiðigjalds og skatttekna ríkisins þegar frumvarp um það var lagt fram á sínum tíma.

Ekki þarf að koma á óvart að meginniðurstaða Hagfræðistofnunar var sú að neikvæð áhrif veiðigjalds á eignir landsmanna og þá einkum á landsframleiðslu gætu leitt til þess að tekjuaukning hins opinbera af álagningu veiðigjalds yrði engin eða jafnvel neikvæð. Hagfræðistofnun taldi verulegar líkur á því að álagning veiðigjalds myndu lækka heildarskatttekjur hins opinbera þegar fram í sækir. Þessi niðurstaða er í fullu samræmi við þær kenningar sem ríkisstjórnin byggir skattalækkanir sínar almennt á.

Rétt er að vekja athygli á því að í skýrslunni voru áhrif þess að veiðigjald á sjávarútveginn leggst fyrst og fremst á fyrirtæki á landsbyggðinni ekki metin sérstaklega.

Þrátt fyrir að í því frumvarpi sem nú liggur fyrir Alþingi um niðurfellingu veiðigjaldsins að hluta sé gert ráð fyrir að fella gjaldið niður af aflamarki í þorski er rétt að vekja athygli á því að gjaldið hækkar verulega á milli fiskveiðiáranna 2006/2007 og 2007/2008.

## Hátt gengi íslensku krónunnar

Frá því að veiðigjald var fyrst lagt á hefur gengi íslensku krónunnar verið mjög hátt skráð og langtum hærra en það sem almennt er talið að samræmist markmiðum um jafnvægi í efnahagsmálum. Ekki er óvarlegt að áætla að sjávarútvegurinn hafi á þeim tíma sem um ræðir orðið af um 75–80 milljarða tekjum vegna þessa. Þessi tekjuskerðing ætti ein og sér að vera nægjanleg réttlæting fyrir niðurfellingu gjaldsins.

Þá hafa útgjöld vegna hækkunar olíuverðs aukist um u.þ.b. 6 milljarða á ári á sama tíma. Ekki er fyrirséð að olíuverð lækki í bráð, þvert á móti gera spár ráð fyrir frekari hækkun.

Ein helsta röksemd fyrir álagningu gjaldsins á sínum tíma var að skattleggja ætti „umframhagnað“ í sjávarútvegi, þ.e. hagnað umfram það sem gerist í öðrum atvinnugreinum. Þessi umframhagnaður er því miður ekki fyrir hendi og ekkert sem bendir til þess að svo verði í bráð.

Að öllu framangreindu virtu má augljóst vera að innheimta sértæks gjalds á íslenskan sjávarútveg er hrein tímaskekkja. Það er mikilvægt að horfið verði af þeirri óheillabraut áður en skaðinn verður meiri.

*Höfundur er framkvæmdastjóri Landssambands íslenskra útvegsmanna.*

# Til hvers að borga í lífeyrissjóð?

**UMRÆÐAN**
Kjör aldraðra



GUÐRÚN E. ÓLAFSDÓTTIR

Lífeyrissjóðirnir voru stofnaðir til að búa í haginn fyrir sjóðsfélaga til að njóta á elliárunum. Ekki til að létta á útgjöldum fyrir ríkissjóð. Ríkissjóður notar lífeyrissjóðina eins og tæki sem rænir og skerðir lífeyrissjóðsgreiðslur hjá elli- og örorkubótaþegum, strax á fyrstu krónu sem þeir fá úr lífeyrissjóði. Þar eru engin frítekjumörk eins og svo margir halda.

Við búum í velferðarþjóðfélagi en það er þjóðinni til skammar hvernig ríkisstjórnin hefur í mörg ár verið í stríði við eldri borgara og öryrkja þessa lands. Það er margbúið að benda á ósanngjarnar skerðingar á lífeyristekjur, aukalífeyrissparnað og margt fleira sem ekki verður rakið hér. Hugsa sér að skattleysismörk eru 30% undir reiknuðum fátækramörkum Félagsvísindastofnunar Háskóla Íslands, fátækramörkin ættu að vera samkvæmt þeirra útreikningum 130 þúsund kr. á mánuði.

Margir stjórnmálamenn sögðu bæði í ræðu og riti fyrir kosningar að lífeyrissjóðskerfið væri það besta í heimi. En fyrir hverja? Ekki fyrir þá sem þeim voru ætlaðir, ekki fyrir fólkið sem hefur greitt í sjóðina frá upphafi. Eru það bara alþingismennirnir sem eiga rétt á áhyggjulausu ævikvöldi?! eigum við bara að horfa á og sleikja sárin, því við vorum ekki nógu vel vakandi fyrir okkur sjálf? Er ekki kominn tími til að verkalýðshreyfingin og lífeyrissjóðirnir láti heyra í sér um þessi mál, áður en ríkið er búið að þjóðnýta lífeyrissjóðina?

Nú hefur ný ríkisstjórn tekið við völdum og er búin að lögbinda það að 70 ára og eldri megi vinna eins og þeir vilji án skerðinga á bótagreiðslum og 67-70 ára megi vinna fyrir 25 þúsund krónurá mánuði án skerðingar.

Hvers eigum við að gjalda sem erum á lífeyrisbótum í dag og höfum greitt í lífeyrissjóð hátt í 40 ár? Það er verið að hegna okkur sem greiddum í lífeyrissjóð. Við fáum lægri heildargreiðslur en þeir sem aldrei hafa greitt í lífeyrissjóð. Það sést best á þeim dæmum sem hér fylgja á eftir. Auðvitað á ekki að skerða tekjurnar frá lífeyrissjóði. Til hvers vorum við að greiða í almennu lífeyrissjóðina í öll þessi ár? Dæmin hér á eftir sýna vel hvernig farið er með okkur í dag. Hæstu greiðslur sem einstaklingur getur fengið greitt frá Tryggingastofnun í dag eru 126.537 kr. á mánuði.

Hér eru dæmi um tvo ellilífeyrisþega sem búa einir. A hefur greitt í lífeyrissjóð í 35 ár og fær 80 þús. kr. á mánuði frá lífeyrissjóði. B hefur aldrei greitt í lífeyrissjóð en vinnur nú fyrir 80 þús.kr.á mánuði. Hér eru sýnd dæmi sem sýna hvað þessir einstaklingar fá til viðbótar frá Tryggingastofnun. Hér sést vel hvað skerðingin er mikil á launatekjum sem koma frá lífeyrissjóði.

Hér eru aðeins sýnd sex dæmi sem sýna glöggt óréttlætið. Það er ekki sama hvaðan tekjurnar koma. Skerðingin er mest ef tekjurnar koma frá lífeyrissjóðum. Það skal tekið fram að í öllum dæmunum er um heildartekjur að ræða – þarna á eftir að taka skatt. Skattleysismörkin eru í dag 90 þúsund kr.

Þetta er ekki eina skerðingin í bótakerfinu því þegar kemur að því að reikna desember og orlofsuppbót þá er líka hægt að sjá óréttlætið þar. Desemberuppbótin er reiknuð 30% á tekjutryggingu en orlofsuppbótin er reiknuð 20% á heimilisuppbót. Hjón fá ekki orlofsuppbót af því þau fá ekki heimilisuppbót.

Ég treysti nýrri ríkisstjórn til að lagfæra þennan óskapnað sem greiðslur lífeyrisbóta eru komnar í og vinda ofan af vitleysunni. Er ekki kominn tími til að Samtök atvinnulífsins, verkalýðshreyfingin, lífeyrissjóðirnir og ríkisstjórnin fari að tala saman? Það er nauðsynlegt að hægri höndin viti hvað sú vinstri er að gera.

*Höfundur er formaður félags eldri borgara á Suðurnesjum.*









HÚSGAGNA LAGERSALA

- Leðursófasett
- Hornsófasett
- Sófasett með innbyggðum skemli
- Borðstofuborð og stólar
- Sófaborð
- Eldhúsborð
- Rúmgaflar

NÝJAR VÖRUR

Verðdæmi:
Leðursófasett áður 239,000 kr
Nú 119,900 kr

Hornsófar tau áður 198,000 kr
Nú 103,000 kr

Hornsófar leður áður 249,000 kr
Nú frá 159,000 kr

Erum í Dugguvogi 2. Sími 557-9510



Alex segir mikinn mun á verðlagi í Póllandi og hér heima. FRÉTTABLAÐIÐ/ÖRLYGUR HNEFILL

# Óvænt ferð til Póllands

***Alex Björn Bülow heimsótti Pólland í haust. Hann segir verðlagið allt annað en við eigum að venjast hér heima.***

„Ég fór til Danmerkur í haust að heimsækja ömmu mína og frændfólk sem þar býr og hafði ekki skipulagt frekari ferðalög. Þegar þangað var komið bauð frændi minn mér að koma með til Póllands. Ég ákvað að slá til og fara í óvænt ferðalag þangað,“ segir Alex Björn Bülow, sölufulltrúi á Akureyri, og bætir við að ferðin milli Danmerkur og Póllands taki ekki nema tæpan dag, sé farið með rútu eins og hann gerði, og það sé ódýr og ágætur ferðamáti.

Þar sem Alex hafði ekki í hyggju að fara lengra en til Danmerkur þegar hann lagði af stað frá Íslandi hafði hann ekki tekið vegabréfið með sér og olli það nokkrum hasar á landamærunum. „Ég reyndi að komast inn í landið án vegabréfs. Við krefjum Pólverja sem til Íslands koma um vegabréf og þeir gera slíkt hið sama þegar Íslendingar heimsækja þá. Ég fór því á Þýska landamærastöð og fékk fimm mínútur til að útvega mér bráðabirgðavegabréf og það mátti ekki tæpara standa. Þegar ég kom út var rútan að keyra af stað og ég hljóp á eftir henni. Pólsku landamæraverðirnir héldu að ég ætlaði að hlaupa yfir landamærin og stöðvuðu mig. Það má segja að þetta hafi verið eins og atriði úr bíómynd. Sem betur fer náði ég þó rútunni og komst inn í landið. Þetta kennir manni samt að taka alltaf með sér vegabréf, jafnvel þótt ferðinni sé ekki heitið lengra en til Danmerkur.“

Alex segir Pólland hafa komið sér á óvart. „Fólk er mjög fínt til fara og klæðist nýjustu og flottustu fötunum. Þá tóku allir mjög vel á móti manni. Verðlagið er allt annað þarna en við eigum að venjast á Íslandi og allt er vel verðmerkt. Verðið er meira að segja betur merkt á útimörkuðum í Póllandi en í verslunum á Íslandi. Þarna veit maður hvað maður er að kaupa og á hvaða verði,“ segir Alex, sem mælir hiklaust með því að fólk bregði sér í ódýra verslunarferð til Póllands. „Ég keypti mér stóra og góða veiðistöng á um 1.200 krónur íslenskar. Ég er ekki frá því að það séu bestu kaup sem ég hef gert.“ *hnefill@frettabladid.is*

GRÆNN MARKAÐUR
ALLT TIL INNPÖKKUNAR!
KÖRFUR, SATÍNBORÐAR, KRULLUBÖND, GJAFAÖSKJUR, POKAR, GJAFAPAPPÍR Á RÚLLUM, SILKIPAPPÍR, SELLÓFAN OG FLEIRA
GRÆNN MARKAÐUR









EINGÖNGU SALA TIL FYRIRTÆKJA
www.flora.is - info@flora.is - Réttarhálsi 2 - 110 Rvk - S: 535-8500



**Möndlur** eru einstaklega jólalegar og oftar en ekki má finna þær í kökuuppskriftum eða sem skraut fyrir jólin. Ilmurinn af ristuðum möndlum liggur í loftinu þegar gengið er um stræti Kaupmannahafnar rétt fyrir jólin og minnir það óneitanlega á hátíðina miklu.


**Stagg Þjóðlagagítar**
Poki, Ól, Stilliflauta, Auka strengjasett, , eMedia tölvudiskur.

**Kr. 13.900**



**Fáanlegir Litir:**
Viðarlitaður,
Sunburst,
Svartur,
Blár.

**Gítarinn**
Stórhöfða 27 • S. 552 2125
www.gitarinn.is



*Tiramisu*



Jói Fel

Nú er Jói Fel byrjaður að undirbúa jólin. Leggjum mikinn metnað í að vera með ferskt og gómsætt bakkelsi á boðstólnum fyrir viðskiptavini okkar.

BAKARÍ
Holtagarðar & Smáralind & Kringlunni


## Jólakveðjur í útvarpinu

HJÁ MÖRGUM ER ÞAÐ HEFÐ AÐ HLUSTA Á JÓLAKVEÐJURNAR Í ÚTVARPINU Á ÞORLÁKSMESSU MEÐAN LOKIÐ ER VIÐ SÍÐUSTU VERKIN Í RÓLEGHEITUNUM FYRIR JÓLIN. RADDIR ÞULNA EINS OG GERÐAR G. BJARKLIND VERÐA ÓMISSANDI Í AÐ SKAPA RÉTTA ANDRÚMSLOFTIÐ OG KOMA MEÐ NOTALEGA HLÝJU INN Á HEIMILIÐ.

Í Sögu daganna sem gefin var út 1993 segir þjóðfræðingurinn Árni Björnsson frá því að Danska ríkisútvarpið hafi tekið upp þennan sið fyrir árið 1930, að senda jólakveðjur einkum til sjómanna sem voru að heiman um jólin. Íslenska ríkisútvarpið fór svo að senda jóla- og nýárskveðjur um jólin 1932. Íslensku kveðjurnar urðu þó miklu fleiri en þekktist í löndunum í kring og á stríðsárunum jukust þær enn meira þar sem fólk sem farið hafði úr sveitum landsins í atvinnuleit til höfuðborgarinnar tók að senda kveðjur heim. Þessi siður verður persónulegri í okkar litla samfélagi og mörgum þykir gott að heyra nafn sitt nefnt í útvarpinu með kveðju frá ástvinum. *- rt*



## Gott í skóinn

ÍSLENSK BÖRN HAFA LENGI STUNDAÐ ÞAÐ AÐ GEYMA SKÓNA SÍNA Í GLUGGUNUM Á ÞESSUM TÍMA ÁRS.

Sú hefð að setja skóinn út í glugga fór að ryðja sér til rúms hér á landi á fyrri hluta tuttugusta aldar. Þessi siður er talinn hafa borist hingað til lands með sjómönnum sem voru á ferðinni til dæmis til Hollands. *- rt*





Jólasaga Dickens er viktoríönsk siðferðissaga um gamlan og bitran nirfil, Ebenezer Scrooge, sem verður fyrir sérstskri upplifun á jólanótt.

# Sígild jólalesning

***Jólasaga Dickens er ein kunnasta jólasaga veraldar, en boðskapur hennar er sígildur og á alltaf við.***

Jólasaga Dickens kom fyrst út 19. desember 1843 með teikningum eftir John Leech. Charles Dickens kallaði söguna lengi vel „litlu jólaskrudduna“, en bókin varð strax happasæl og seldist í yfir sex þúsund eintökum fyrstu vikuna, sem kom sér vel fyrir buddu Dickens sem upphaflega skrifaði jólasöguna til að borga niður skuldir.

Samtímamenn Dickens gerðu athugasemdir við vinsældir sögunnar og sögðu hana spila vafasamt hlutverk í endurskilgreiningu á mikilvægi jólanna og viðhorfum til hátíðarinnar, en Jólasaga Dickens var skrifuð á þeim tíma þegar eldri jólahefðir voru á undanhaldi.

Jólasaga Dickens er viktoríönsk siðferðissaga um gamlan og bitran nirfil, Ebenezer Scrooge, sem verður fyrir djúpstæðri reynslu um endurlausn á jólanótt. Herra Scrooge er fjármálamaður sem helgað hefur líf sitt samansöfnun auðæfa og fyrirlítur allt nema peninga; þar á meðal vináttu, ást og jólin.



Charles Dickens skrifaði jólasöguna upphaflega til þess að borga niður skuldir.

Jólasaga Dickens er sígild jólalesning, en hefur einnig verið ótal sinnum fest á filmu fyrir sjónvarp og kvikmyndahús. *- þlg*





GILBERT ÚRSMIÐUR
Laugavegi 62 - sími 551-4100

Frábær úralína frá Michael Kors



MYNDARAMMAR Í MIKLU ÚRVALI



ERTU BÚIN AÐ SENDA JÓLAKORTIN
láttu okkur gera kortin fyrir þig
10-39 stk. 135 kr. stk
40 stk. eða fleiri 119 kr. stk

myndval Þönglabakka 4 - sími 557 4070 - myndval@myndval.is
www.myndval.is



vísir.is



Svört jólatré höfu innreið sína síðustu jól. Fallegt er að skreyta þau með hvítum og silfurlitum kúlum.



Það er ekkert sem segir að jólatréð þurfi að vera grænt.



Gylltur hefur verið mikið í tísku og ætti þetta tré að falla í kramið í ár.

# Jólatréð í stofu stendur

***Falleg jólatré geta verið margs konar.***

Á Þorláksmessukvöld er jólatréð sett upp og skreytt. Skammt er þá til jóla og ekki úr vegi að vera búinn að skoða skrautið sem á að fara á tréð og ganga úr skugga um að serían sé í lagi. Kaotísk uppröðun ólíkra muna eða vel skipulögð litasamsetning geta báðar gengið, því jólatréð er skreytt eftir höfði hvers og eins. Tískusveiflur hafa vissulega áhrif en fjölbreytileikinn er sem betur fer allsráðandi.



Skemmtileg hugmynd hér á ferð, þar sem jólakúlurnar eru einnig hengdar á snaga við tréð.



Í litlu rými er tilvalið að stinga litlu jólatré ofan í vasa.



Virðulegt og einfalt jólatré sem stendur við gluggann. NORDIC PHOTOS/GETTY IMAGES





Jaguar úrin fást hjá úrsmiðum

Háreyðingavax sem hægt er að hita í örbylgjuofni og einnig vaxstrimlar




SÚKKULAÐIVAX
HAFRAVAX
SÚKKULAÐISTRIMLAR F. ANDLIT OG LÍKAMA

*ATH. Súkkulaðivax hentar vel fyrir viðkvæma líkamshluta*

ÚTSÖLUSTAÐIR: Apótek og snyrtivöruverslanir




*Verð kr. 3.490,- m/vsk*

***Jólabók golfarans!***

*eftir Arnar Má Ólafsson og Úlfar Jónsson*

*Fæst í helstu bókabúðum og víðar!*

heimur Borgartúni 23 - 105 Reykjavík - Sími: 512 7575 - www.heimur.is

KitchenAid blandarinn
... ímynd hins besta!

*Jólagjöfin í ár!*




Landslið matreiðslumeistara notar KitchenAid blandara og hrærivélar

SÍGILD HÖNNUN

MJÚKAR LÍNUR

Saxar
Þeytir
Blandar
Kurlar
meira að segja klaka

Garantie, Garanzia, Garantie 3 Ára Ábyrgð

margir litir

www.ef.is

KitchenAid einkaumboð á Íslandi

Einar Farestveit & Co.hf.
Borgartúni 28 • Sími 520 7900 • www.ef.is

**Dótabílar** geta glatt unga sem aldna og eru tilvalin gjöf í skóinn eða í litla bílasafnið.




**Bílaþjónusta Magga**
Viðgerðaþjónusta - Smurþjónusta - Pústþjónusta - Hjólbarðaþjónusta - Bón og þvottur
*TILBOÐ
á umfelgun 3.495 kr. og Alþrif 5.490 kr
*tilboðið gildir út 2007
Hvaleyrarbraut 2, Hfj • Sími. 517 0350
Opið. 9-18 og 9-16 á laugardögum

Rafstilling ehf
startarar - alternatorar - perur
viðgerðir - sala
hröð og góð þjónusta
Dugguvogi 23 - s: 5814991 / 6634942
rafstilling@rafstilling.is

bfo.is
Bifreiðaverkstæði Friðriks Ólafssonar ehf bfo@bfo.is
NISSAN SUBARU HONDA ISUZU OPEL
SMIÐJUVEGI 22 (GRÆN GATA) · 200 KÓPAVOGI · SÍMI: 567 7360

Án hraðatakmarkara
Erum að afgreiða út og taka við pöntunum á síðustu nýju dísel pallbílunum sem fást án hraðatakmarkara. Eigum nokkra Ford F350 King Ranch, Harley Davidson og Lariat einnig Dodge Quad Cab og Mega Cab
( Samkvæmt Evrópu reglugerð sem tekur gildi 1 jan 2008 þá fást þessir bílar ekki skráðir í Evrópu þar sem hraðatakmarkari fyrir þessar bifreiðar er ófáanlegur )
ÍS-BAND.IS
Funhöfða 1 • 110 Reykjavík • Sími: 534 4433 • is-band@is-band.is

KERRUÖXLAR Í ÚRVALI
og hlutir til kerru-smíða
FJALLABÍLAR
Stál og stansar ehf.
Vagnhöfða 7
110 Reykjavík
Sími: 517 5000




„Allt snýst um hversu mikið er dekrað við bílinn," segir Kristján. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

# Mælir með árgerð 2003

***Þeir sem eru í jeppahugleiðingum en hafa ekki efni á nýjum úr kassanum þurfa að spá og spekúlera. Kristján Grétarsson, sölumaður í Bílahöllinni á Bíldshöfða, var beðinn um góð ráð.***

„Það fer auðvitað eftir ástandi hvers og eins bíls en almennt séð virðast mér árgerðir 2003 af dísiljeppum vera á viðráðanlegu verði fyrir það fólk sem treystir sér ekki í umboðin að kaupa nýjan," segir Kristján. „Líka upp á það að hægt er að fá allt uppundir 100 prósenta lán til sjö ára. Ég tek sem dæmi tegundir eins og Land Cruiser og Pajero sem eru þekktar og lánastofnanir treysta."

Kristján verður hugsi þegar hann er spurður hvort jeppar endist lengur en fólksbílar. „Það fer allt eftir umhirðunni. Hversu djúpa vasa menn eru með varðandi viðhald og hversu miklu ástfóstri þeir taka við bílinn. Við höfum tekið bíla upp í sem hafa verið keyrðir um 300 þúsund kílómetra. Ég man eftir einum Land Cruiser sem var tekinn upp í næstum nýjan af sömu gerð. Þetta var gamall, breyttur bíll, búið að hækka hann aðeins upp. Eigandinn vildi meina að saga bílsins væri öll til. Við fórum fram á að fá hana og fengum bók sem var næstum eins og símaskrá að þykkt. Auðvitað er það svo að þegar jeppum er breytt þá fara oft einhverjir hlutir að slitna aðeins hraðar en ella. Það þykir samt sem áður eðlilegt viðhald. Allt snýst um hversu mikið er dekstrað við bílinn."

Kristján segir tíu ára gamla jeppa, sérstaklega bensínjeppa, seljast á nánast ekki neitt. „Maður hefur á tilfinningunni að menn kaupi þá bara til að skreppa á í veiðina og eitthvað að drullumallast en ekki til að nota á götunum. Þeir tíma kannski ekki að vera á nýja Range-Rovernum með skottið fullt af blautum vöðlum."

Enn eldri jeppa segir Kristján erfitt að selja, einkum þá sem ganga fyrir bensíni. „Það poppar enn upp einn og einn gamall Bronco, Scout eða Cherokee. Þetta eru töff bílar en þeir eyða náttúrulega alveg svaðalega. Við erum að tala um 30 lítra á hundraði," segir hann og bætir við að menn verði að kortleggja vel bensínstöðvarnar áður en þeir leggi af stað í langferð á slíkum bíl eða hafa tunnu í skottinu. „Þessir gömlu bílar hafa það lítið verðgildi að þeir koma sjaldan inn á bílasölur," segir hann. „Þeir seljast frekar beint milli manna í jeppadeildunum eða með auglýsingum í Fréttablaðinu."

*gun@frettabladid.is*


Nýjar Tiltskóflur
Á betra verði!
Stærðir
Einn tjakkur
1000 mm. 1,8 - 2 tonn.
1200 mm. 2,5 - 3,5 tonn.
Tveir tjakkar
1500 mm. 5 - 8 tonn.
2000 mm. 13 - 16 tonn.
2000 mm. 17 - 24 tonn.
Krókhálsi 16, Reykjavík - Gleráreyrum 2, Akureyri - Sími 588 2600
VÉLAVER HF
www.velaver.is

TOYO TIRES
Burt með svifrykið!
Bílabúð Benna
Vagnhöfða 23 • 110 Reykjavík
Sími 590 2000 • www.benni.is
NESDEKK
Fiskislóð 30
561 4110

Takk!
907 2002
Hjálparstarf kirkjunnar
www.help.is





# íslensk jól

MIÐVIKUDAGUR 12. DESEMBER 2007



## Kaldur koss og heitt súkkulaði

**Magnea frá Kleifum rifjar upp æskujólin**

BLS. 6




FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR




# Öflug
## í grunnvinnunni

*„Við hjá Arnarverki þurfum öflug tæki sem eru í fremstu röð í jarðvegsvinnu. Lýsing hefur ávallt verið fyrsti kosturinn þegar við höfum þurft á fjármögnun að halda. Hjá Lýsingu er unnið hratt og vel úr okkar málum af einstöku starfsfólki sem hefur skilning á þörfum okkar.“*

**Ágústa Einarsdóttir fjármálastjóri, Arnarverk ehf**

Lýsing hefur byggt upp orðspor sem traust fyrirtæki með afburða starfsfólk og persónulega þjónustu. Síðastliðin 20 ár hefur Lýsing stutt við bakið á fjölda fyrirtækja víðsvegar um landið og býður upp á fjölbreytta möguleika í fjármögnun sem er sérsniðin að þörfum hvers og eins.

**Lýsing - fjármögnun í takt við þínar þarfir**

LÝSING

**LYSING.IS // 540 1500**



Himneskar eggjahvítukökur. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

# Tvær sætar og góðar

Jólastemningin nær hæstu hæðum við smákökubaksturinn enda fátt jólalegra en að finna ilminn úr eldhúsinu leggjast yfir híbýlin.

Mörgum húsfrúm og -bændum finnst jólakökubaksturinn órjúfanlegur hluti af undirbúningi jólanna.

Hér eru tvær sætar og góðar uppskriftir að gómsætum smákökum sem eru auðveldar í framleiðslu. *- sg*



Gómsætar haframjölskökur.

**Himneskar eggjahvítukökur með kornflögum**

2 eggjahvítur
1 bolli sykur
1 bolli kókosmjöl
½ tsk. vanilludropar
2 bollar kornflex
½ bolli skornar hnetur
½ súkkulaði

Stífþeyta saman eggjahvítur og sykur þar til úr er orðinn hvítur massi. Blanda þurrefnum og dropum varlega saman við. Deigið má ekki bíða. Raðað á smurða plötu með teskeið í fallega píramídalögun. Bakað gulbrúnt við góðan hita í nokkrar mínútur.

**Haframjölskökur**

2 bollar haframjöl
2 bollar hveiti
2½ bolli sykur
375 g smjörlíki
1 bolli rúsínur
1 bolli bökunarhnetur
1 egg
1 tsk. natron
¼ tsk. salt

Hnoðað, geymt í kæli yfir nótt. Rúllað í nokkrar lengjur sem skornar eru niður til að móta kringlóttar kökur. Bakað við 180 gráður í 10-12 mínútur neðst í ofni (minna í blástursofni).

# Hurðum skellt í bænum

● Hurðaskellir heitir fallegt jólaskraut sem hannað hefur verið af Guðrúnu Lilju Gunnarsdóttur. Ágóði af sölu skrautsins rennur til Æfingastöðvar Styrktarfélags lamaðra og fatlaðra.

Vaskar manneskjur hafa tekið saman höndum og hannað fallegan og sérstakan jólaóróa sem heitir í höfuðið á jólasveininum Hurðaskelli. Allur ágóði af sölu óróans rennur til Æfingastöðvar Styrktarfélags lamaðra og fatlaðra. Ekki veitir af enda sinnir SLF umfangsmestu sjúkra- og iðjuþjálfun barna og ungmenna á landinu.

Óróarnir eru úr burstuðu stáli sem glampar fallega á í vetrarbirtunni og má sjá 100 slíkar stálplötur skína og snúast á greinum Óslóartrésins við Austurvöll.

Næstu árin munu nýir óróar líta dagsins ljós og verður hver þeirra hannaður til heiðurs einum af íslensku jólasveinunum þrettán. Í fyrra voru það Sigríður Heimisdóttir og Sjón sem sköpuðu undir merkjum Kertasníkis, en í ár var hin margverðlaunaða Guðrún Lilja Gunnarsdóttir fengin til að túlka og hanna Hurðaskellisóróann. Ekki nóg með það heldur fylgir líka með í kaupunum lítill bæklingur sem inniheldur ljóð Andra Snæs Magnasonar þar sem hann segir litla sögu.

Ljóðið fjallar um nútíma Hurðaskelli. Um dreng sem er óþekkur og skellir hurðum. Móðir hans er auðvitað pirruð yfir þessu og skammar hann. En hann spyr þeirrar áleitnu spurningar, hví Hurðaskellir megi skella hurðum en ekki hann? Um mitt ljóðið má svo sjá þessar línur:

*Hurðaskellir kom á gluggann.*
*„Þú skelltir hurðum," sagði hurðaskellir.*
*„Ég skil þig vel, mér finnst gaman að skella hurðum,*
*má ekki bjóða þér ópal í skóinn?*
*Brjóstsykur? Fílakaramellu?"*
*„KARTÖFLU!" urraði drengurinn og skellti hurðinni.*

Svo upphefst mikið kartöfluhavarí.



Hurðaskellir mótaður í burstað stál sem glampar fallega á. Þessi Hurðaskellir er einn af hundrað sem hanga á Óslóartrénu á Austurvelli. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Óróarnir verða seldir í verslunum Casa í Síðumúla og Kringlunni, en einnig getur fólk hringt í eða einfaldlega komið niður í Styrktarfélag lamaðra og fatlaðra. Þar er tekið vel á móti öllum. *- nrg*

# Stolt íslenskra jóla

Íslendingar eru hátíðlegustu jólabörn heimsins. Sameiginlega klæðast þeir kærleika og sparifötum þegar jólin loks koma; andrúmsloftið er hátíðlegt, allir hreinir og stroknir og fyllast andakt, heilagleika, friði og geðshræringu þegar kirkjuklukkur hringja inn jólin klukkan sex á aðfangadag. Æ fleiri útlendingar koma gagngert til að upplifa íslensk jól, og víst að margt finnst á hátíðaborðinu sem er ekta íslenskt og finnst hvergi annars staðar í jólamenningu heimsins. Hér gefur að líta íslenskt góðgæti sem þykir ómissandi á jólum. *- tl*



**Laufabrauð.** Norðlenskt munngæti sem sælkerum úr öðrum landshlutum finnst fyrir löngu orðið ómissandi á jólaborðið. Laufabrauðsútskurður er ein af skemmtilegri samverustundum aðventunnar, þar sem hver og einn í fjölskyldunni setur mark sitt á brauðið þunna og góða.



**Nóa konfekt.** Íslendingar elska að seilast í mola af íslensku eðalkonfekti yfir jólabókunum og að minnsta kosti ein skál á stofuborðinu verður að vera drekkhlaðin rauðsilfruðum vínflöskum, súkkulaðiskeljum og hestamyndamolum Nóa Síríus.




**Malt og appelsín.** Þessi freyðandi fagra ölblanda er með betri uppfinningum jólahalds og ber smekkvísi íslensku þjóðarinnar vitni. Jólabragð- og unaðsangan í hverjum sopa; svalandi, mettandi, frískandi og hjálpar meltingunni að vinna sitt verk í annríki jólaátsins. Nauðsyn í staupum jólanna og drykkur sem allar kynslóðir geta skálað í saman.




**Ora grænar baunir.** Jólaveisla án grænna bauna úr áldósum Ora er þunnur þrettándi. Baunirnar eru enda sælgæti með hangikjöti, lambi, nauti, svíni og fugli, og guðdómlegar út í salöt. Litlum börnum finnst gaman að tína þær upp í sig og fullorðnir tvinna þær fagurlega saman við hinn fullkomna jólabita.



**Hangikjöt og uppstúfur.** Íslenskara en allt á jólaborðinu og eftirlætiskjötmeti margra af íslensku bergi brotnu. Reykt í kofum um allar sveitir og langbest sterkt og heimareykt frá íslenskum bónda. Berist fram með soðnum kartöflum og heitum uppstúf (hvítri sósu) sem einnig er sér á báti úr íslenska eldhúsinu.



# Jólagladningur frá Hästens

Í desember erum við í jólaskapi og þú getur eignast Hästens Excel-rúm 180 x 200 cm og því fylgir jólagjöf 2 stk. Dream 90-dúnsængur og 2 stk. dúnheilsukoddar

**519** þús. kr



**Hästens**

Fulfilling dreams since 1852

Hästens verslunin í Reykjavík • Virka daga 11-18 • Laugadaga 11-16 • Grensásvegi 3 • Reykjavík • 581 1006 • www.hastens.is

Hugtök Nóv 07













Hvítur litur er ávallt vinsæll um jólin og jafnvel enn vinsælli síðustu ár. Aðventukransinn gerði Guðrún úr greni sem hún úðaði með snjóúða. Hún notar síðan límbyssu til að festa skrautið á. Kertaljósin sitja örugglega í kramhúsum úr gleri.



Töfraland jólanna. Þessi bakki er dæmi um einfalda en fallega skreytingu sem vekur upp hugmyndir um ævintýri og skemmtilegheit. Einnig má nota bakkann sem aðventuljós og svo þegar jólin ganga í garð er hægt að kveikja á öllum kertunum en trén og könglarnir eru líka kerti.

# Hvít og rauð jól

● Gaman er að skapa sinn eigin ævintýraheim með heillandi jólaskreytingum. Guðrún Hinriksdóttir, blómaskreytir og útstillingahönnuður, er sérfræðingur í þeim efnum.

Jólaskreytingar eru yfirleitt hefðbundnar í grunninn en síðan er hægt að láta hugann reika og leika sér með ýmiss konar skraut og fylgihluti. Guðrún er einkar lagin við að útbúa fjölbreyttar og fallegar skreytingar og kemur maður aldrei að tómum kofanum þegar leitað er í smiðju hennar.

„Ég er mikið fyrir hvítt og rautt í jólaskreytingum og bera skreytingarnar að þessu sinni töluverðan keim af því. Þetta árið langaði mig að gera eitthvað aðeins öðruvísi en ég hef oft verið með mjög grænar skreytingar,“ útskýrir Guðrún og segir að hvítt, rautt og silfrað sé nú áberandi í skreytingum en einnig sé töluvert um brúna og gyllta tóna. „Annars er þetta svipað og hefur verið þó minna sé um svart og hvítt sem var töluvert um í fyrra,“ segir Guðrún. Hráefnið í skreytingarnar kemur að mestu frá heildsölunni Bergís en þar starfar Guðrún auk þess sem hún tekur að sér skreytinga- og útstillingaverkefni. *-hs*



Dagatalakertin eru oft fremur berangursleg ein og sér en þegar þau eru sett í fallegar skreytingar njóta þau sín mun betur. Blómið í pottinum heitir Skýjablettur og festi Guðrún kertið í miðju blómsins, úðaði snjóúða á nokkrar grenigreinar og skreytti með kúlum.



Þennan gyllta og koparlita aðventukrans gerði Guðrún fyrir mágkonu sína. Grenið úðaði hún með koparúða og setti síðan gyllt og brúnt skraut í kransinn. Brúnt og gyllt nýtur töluverðra vinsæla til móts við hvítt, rautt og silfrað.



Það er fjör í jólalandi.



Guðrún og Óskar Már, sonur hennar, njóta aðventunnar innan um fallegar skreytingar húsmóðurinnar. Óskar Már er hinn kátasti í jólasveinabúningnum en hann skiptir alltaf yfir í hann þegar hann kemur af leikskólanum. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON


Mikið úrval af módelum, myndum til ad mála eftir númerum og púsluspilum.

TÓMSTUNDAHÚSIÐ

Tómstundahúsið,
Nethyl 2, sími 5870600,
www.tomstundahusid.is







Auglýsingasími
512 5050
FRÉTTABLAÐIÐ
– Mest lesið




# SPÓLVÖRN

CINTAMANI gönguskórnir eru með Green Diamond sóla. Í sólanum eru þúsundir harðkorna sem gefa besta mögulega grip við allar aðstæður. Green Diamond er íslensk uppfinning.

| |
|---|
| Gerð: Hrund og Hróbjartur |
| Stærðir: Dömu 36-41 og herra 41-46 |
| Efni: Leður með öndunarfilmu og vatnsvörn |
| Verð: 16.990 kr. |

CINTAMANI

WWW.CINTAMANI.IS

SPJARAÐU ÞIG

# Vafasamir finnskir jólasveinar

Leikkonan Aino Freyja Järvelä fæddist í Finnlandi en þegar hún var þriggja ára flutti fjölskylda hennar til Íslands. Þó héldu þau finnskum jólaháttum, en þar í landi er aðeins einn jólasveinn og hann kemur prívat og persónulega til hvers og eins með gjafirnar á aðfangadagskvöld.

„Mamma og pabbi þurftu alltaf að fara í loftfimleika til að fá jólasvein til að mæta á þessum tíma. Í eitt skiptið hefur það greinilega ekki tekist nógu vel. Allavega var hann að flýta sér rosalega mikið, því sveinki skildi eftir gjafirnar úti á tröppunum. Þetta var pínulítið grunsamlegt, því hann var þjófóttur og hafði greinilega stolið af okkur sængurverum og sett gjafirnar þar í!“

Þegar Aino var lítil var hún voða svekkt yfir því að bara pabbi hennar gat séð hvernig hjálparkokkar sveinka fylgdust með henni; hvort hún væri góð eða vond. En þegar hún hljóp til og vildi skoða voru þeir á bak og burt. Duttlunga þessa átti hún erfitt með að skilja.

Annar jólasveinn sem Aino rifjar upp kunni að tala finnsku. Þegar hann mætti á svæðið vildi Aino ólm og uppvæg hlaupa niður í kjallara til að ná í finnskan fjölskylduvin sem þá var í heimsókn. En mamma kom í veg fyrir það: „Þú mátt ekki trufla vin okkar Aino mín, hann er nefnilega að drekka bjór.“ Barnið horfði hugsi á móðurina og fannst þetta meira en lítið skrítið á tíma bjórbannsins á Íslandi.

„Síðasti jólasveinninn kunni reyndar íslensku. En við fylgdum honum eftir með augunum út í bíl þar sem hann vippaði af sér skegginu. Við vorum ekkert smá svekkt að átta okkur á því að þetta var bara svindl-jólasveinn. Enda varð hann líka sá síðasti sem heimsótti okkur,“ segir Aino Freyja. *- nrg*



Aino Freyja treystir ekki jólasveinum með gerviskegg. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON



Þarna sést Magnea lengst til vinstri þegar hún var sex ára ásamt systkinum sínum, Hákoni og Sigrúnu. Hákon var þriggja ára en virðist þó vera eldri. Myndin var tekin árið 1936.

# Fyrst kaldur koss, svo heitt kakó

● Magnea frá Kleifum fór í bað í bala klukkan fjögur á aðfangadag, hlustaði á útvarpsmessu og dansaði í kringum jólatréð á jólunum.

Skáldið Magnea frá Kleifum hefur upplifað fjöldan allan af jólum á sinni ævi. Hún segir jólin hafa verið allt öðruvísi á sínum yngri árum en þau eru í dag. „Það var svo hátíðlegt í þá daga, jólin virkilega komu!“ segir Magnea.

Í Strandasýslu voru engin alvöru tré og börnin vissu varla hvernig tré litu út. Því smíðaði faðir Magneu mannhæðahátt jólatré úr stofni sem spýtur stóðu út úr. „Viku eða hálfan mánuð fyrir jólin fórum við með strigapoka út og týndum krækiberjalyng til að setja á jólatréð. Svo skreytti pabbi tréð á Þorláksmessu sjálfur. Efst var stórt kerti á kransi og önnur sextán kerti á greinunum. Þetta var ábyggilega fallegasta jólatré sveitarinnar.“

Eitt sem fólkið á tvíbýlinu á Kleifum þurfti að gera 20. desember hvert ár var að ganga á rekann til að týna spýtur í poka handa húsmóðurinni í baksturinn. Magneu litlu fannst óskaplegt ævintýri að týna smælki. Að auki á hún afmæli þennan dag.

„Ég lýsi í bókinni minni Sossa skólastúlka hvernig Jesúbarnið kom. Á aðfangadag fórum við í bað klukkan fjögur, í bala. Svo biðum við á nærfötunum til klukkan sex og fórum þá í sparifötin. Útvarp var komið þegar ég man eftir mér og hlustuðum við á jólamessuna. Við börnin og mamma dönsuðum í kringum jólatréð og sungum jólasálmana, en karlarnir lágu í kör uppí rúmi og horfðu á. Svo voru sælgætiskörfur á trénu. Öll þessi jól voru svipuð, og óskaplega hátíðleg. Einu gleymi ég aldrei. Á jóladag fórum við aldrei á fætur fyrr en pabbi var kominn úr fjárhúsinu og mamma hafði gefið okkur heitt súkkulaði. Pabbi var þögull maður en ég man að höndin á honum var hlý, stór og þykk og gott að halda í hana þó hann segði ekki neitt. Við fórum aldrei fram úr rúminu fyrr en pabbi var kominn úr fjárhúsinu, ískaldur, og kyssti okkur gleðileg jól. Þetta er óskaplega sterk minning. Þessi koss: ískaldur, hrjúfur og skeggjaður.“ *- nrg*



Magnea á ljúfar minningar frá jólunum í æsku.

# Ómar Ragnarsson gladdi ítölsk jólabörn

Arnbjörg María Daníelsen sópran var einu sinni barnapía eða „ragazza alla pari“ á Ítalíu í bæ sem heitir Grosseto. Þar ákvað hún að eyða jólunum með ágætri fjölskyldu.

„Þetta voru án efa afslöppuðustu jól sem ég hef upplifað og ég var sátt við að vera í þessum óspennandi bæ að upplifa ekta óspennandi ítölsk jól. Við borðuðum spagettí með pestó á aðfangadagskvöld, börnin fóru snemma að sofa og ég las bók. En þá helltist yfir mig þvílík jólamelankólía og sjálfsvorkunn yfir því að vera ekki í faðmi fjölskyldunnar, spariklædd innan um pakkaflóð, kalkún og ávarp útvarpsstjóra.“

Daginn eftir fór Arnbjörg með ítölsku fjölskyldunni sinni til Pisa, sat messu í dómkirkjunni og fékk sér svo göngutúr undir skakka turninum. Þá helltist jólaandinn skyndilega yfir hana á Campo dei Miracoli, „Torgi undranna“, og henni fannst allt í heiminum vera fullkomið.

Börnin sem Arnbjörg passaði höfðu mikinn og góðan smekk fyrir íslenskri tónlist og urðu dolfallin yfir plötunni Í hátíðarskapi. „Við sömdum dans sem var meira eins og gjörningur og krakkarnir voru farnir að kunna textana utanað og sungu með á nær fullkominni íslensku. Ómar Ragnarsson var í sérstöku uppáhaldi með lagið „Já já já, segðu okkur eitthvað sniðugt og syngdu eitthvert lag...gerðu það!“ segir Arnbjörg og syngur lagið til útskýringar fyrir blaðamann með miklum tilþrifum og handahreyfingum.

„Þegar ég yfirgaf fjölskylduna fyrir meira spennandi borgir á Ítalíu varð íslenski diskurinn eftir og urðu vinsældir hans ekki einskorðaðar við jólin.“ *- nrg*



Arnbjörg María söngkona upplifði öðruvísi jól á Ítalíu.


Hátíðin. Heimilið.
habitat
Opið alla daga vikunnar.
Askalind 1. Sími 568 9700.

# Enn að fullkomna sósuna

● Laleet Abreo heldur jólin að íslenskum sið en neitar því ekki að sumt komi henni undarlega fyrir sjónir.



Laleet Abreo segir íslenskan jólamat í grunninn ekki svo ólíkan þeim indverska, þótt sá indverski sé óneitanlega sterkari. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Laleet Abreo, starfsmaður fyrirtækisins Air Atlanta, er fædd og uppalin í Mumbai á Indlandi en kom fyrst til landsins fyrir fjórum árum og settist fljótlega hér að eftir það. Nú er hún gift Alvari Sverrissyni og eru þau hjónin í óðaönn að undirbúa jólin, sem eru í grunninn ekki svo ólík þeim indversku að sögn Laleet.

„Við erum alltaf með humar í forrétt og hamborgarhrygg í aðalrétt sem ég elda sjálf, þótt mér hafi reyndar ekki tekist að fullkomna brúnu sósuna. Ég er enn að venjast því að hafa sósuna sér í stað þess að elda matinn upp úr henni eins og á Indlandi. Svo höfum við maísbaunir, grænar baunir og meira að segja rauðkál þótt mér finnist það vont,“ segir Laleet og hlær.

„Síðan ljæ ég öllu saman indverskan sjarma,“ bætir hún við. „Set tréð fyrr upp en flestir og opna jólakortin löngu fyrir aðfangadag, en við Indverjar gerum það til að sjá hvort við höfum nokkuð gleymt að senda einhverjum kort,“ segir hún hlæjandi. „Hér eru allir svo sætir í sér, enginn stelst til að kíkja á kortin.“

Laleet segist hafa átt auðvelt með að venjast öðrum íslenskum mat vegna þess að hann sé í grundvallaratriðum líkur þeim indverska, að frátöldu engiferi, hvítlauk og öllu kryddinu sem Indverjar nota.

Það er í raun aðeins eitt sem Laleet hefur ekki vanist við íslenska matargerð, en það er þorramaturinn. „Ég hef reyndar ekki prófað hann og mun líklega aldrei gera það,“ viðurkennir hún. „Þetta er bara gömul hefð sem hefur lifað áfram. Við Alvar höfum reyndar tekið upp á því að fara á American Style meðan hinir borða þorramatinn, svona til að ögra aðeins fjölskyldunni,“ segir hún hlæjandi en dregur svo síðustu orðin tilbaka.

Laleet segir jólahaldið sjálft einnig sverja sig sumpart frá því indverska, meðal annars séu frídagarnir fleiri hér. Markist það af því að ekki sé hægt að veita frí í tengslum við öll þau ólíku trúarbrögð sem stunduð eru á Indlandi enda yrði þá sjálfsagt lítið unnið. „Á móti er kristnum sleppt fyrr heim úr vinnu, svo þeir geti undirbúið sig fyrir miðnæturmessu,“ segir hún. „Eftir hana er farið heim að borða, gjafir opnaðar og skrafað og hlegið oft langt fram eftir nóttu.“

Laleet bætir við að heima hjá henni hafi öll fjölskyldan hist í dögurði daginn eftir og farið út að borða og á dansleik um kvöldið. „Maður klæðir sig þá í sitt fínasta púss eins og verið sé að fara á lokaball í skólanum,“ segir hún. „Svo er dansað fram undir morgun og næstu daga er borðað og slappað af.“

Að sögn Laleet gildir einu hvaða trúarbrögð fólk aðhyllist, velflestir taka þátt í hátíðarhöldunum. „Margir eru líka farnir að skiptast á gjöfum og mæta í jólaboð þótt gestgjafarnir séu ekki einu sinni alltaf kristnir. Þetta er bara góð ástæða til að njóta lífsins og sýna náunganum virðingu,“ segir þessi lífglaða unga kona, sem ætlar að verja jólunum í faðmi síns heittelskaða og íslensku fjölskyldunnar.

- rve

HITTIÐ JÓLASVEINANA, Í ÞJÓÐMINJASAFNI ÍSLANDS

ÞJÓÐMINJASAFN ÍSLANDS
National Museum of Iceland

ALLA DAGA 12.–24. DESEMBER KL. 11

Stekkjarstaur 12. desember kl. 11
Giljagaur 13. desember kl. 11
Stúfur 14. desember kl. 11
Þvörusleikir 15. desember kl. 11
Pottaskefill 16. desember kl. 11
Askasleikir 17. desember kl. 11
Hurðaskellir 18. desember kl. 11
Skyrgámur 19. desember kl. 11
Bjúgnakrækir 20. desember kl. 11
Gluggagægir 21. desember kl. 11
Gáttaþefur 22. desember kl. 11
Ketkrókur 23. desember kl. 11
Kertasníkir 24. desember kl. 11
Opið 11–12 á aðfangadag

15. OG 22. DESEMBER KL. 13
TERRY GUNNELL: THE ICELANDIC YULE.
AN ILLUSTRATED PRESENTATION IN ENGLISH.
KYNNING Á ENSKU Á ÍSLENSKU JÓLUNUM.

Opið: 11-17 þriðjudaga til sunnudaga og 11-12 mánudaga
(þegar jólasveininn kemur)

Suðurgata 41 · 101 Reykjavík · Tel. +354 530 2200 · www.thjodminjasafn.is



# Sörur sem virka

Margir mikla það fyrir sér að búa til sörur en það er ekki eins vandasamt og ætla mætti. Það er fátt sem rennur eins ljúflega niður og þessar dáðu smákökur og er um að gera að spreyta sig. Aðalatriðið er að stífþeyta eggin og leyfa kökunum að kólna á milli þess sem lögin eru sett á. Þessi uppskrift er margnotuð og hefur alltaf gefist vel.

**Botnar**

3 eggjahvítur (stífþeyttar)
3½ dl flórsykur
200 g möndlur (fínhakkaðar)



Byrjað á því að stífþeyta eggjahvíturnar. Síðan er flórsykrinum og fínhökkuðum möndlunum blandað létt saman við. Sett í litla toppa á bökunarplötu og bakað í um það bil 8 mínútur við 180 gráður. Kökurnar eru síðan kældar í ísskáp í skamma stund.

**Krem**

3 eggjarauður (stífþeyttar)
4 msk. kakó
3 msk. síróp
100 g íslenskt smjör (lint)
200 g Síríus suðusúkkulaði (til skrauts)

Byrjað á því að stífþeyta eggjarauðurnar. Blanda restinni varlega saman við. Kremið sett á neðri hluta botnanna og síðan stungið í kæli. Suðusúkkulaði brætt yfir vatnsbaði og kremhliðinni á kældum kökunum dýft ofan í.




Hlýtt í vetur!
-VATNS- OG VINDHELDUR FATNAÐUR SEM ANDAR
Þægileg vetrarvinnuföt með endurskini. Hlý og hrinda frá sér óhreinindum og raka en anda vel. Besti kosturinn á köldum vetrum.
DYNJANDI
allt fyrir öryggið
Skeifunni 3 - Sími: 588 5080 - dynjandi.is


Salka
www.salkaforlag.is
Réttu handtökin, réttu græjurnar, rétta stemmningin!
Frábær matreiðslubók
með gleði og einfaldleika í fyrirrúmi.
ALVÖRU MATREIÐSLUBÓK - FYRIR ALVÖRU KARLMENN
ELDAÐU MAÐUR!
Thomas Möller
Komdu félögunum á óvart,
heillaðu elskuna þína.
JÓLAGJÖFIN
SEM KEMUR KARLMANNINUM
BAK VIÐ ELDAVÉLINA!
Ljúffengar sælakerauppskriftir
Kjöt, fiskur, pasta, grænmeti
Forréttir, aðalréttir, eftirréttir
Listin að velja, skera og skreyta


tonsprotinn.is - tonsprotinn.is - tonsprotinn.is
SOUTH RIVER BAND
Umtalaðasta bandið í bænum. Nú er rétti tíminn til að hlusta á South River Band og styrkja gott málefni!
SOUTH RIVER BAND
SOUTH RIVER BAND
SOUTH RIVER BAND
500 kr.
til málefnis!
tónsprotinn.is
southriverband.com
Fimmtudagur 13. desember
Fríkirkjan í Reykjavík kl. 20:30
Laugardagur 15. desember
Kolaportið Reykjavík kl. 14:00
Grand Rokk kl. 21:00
17 titlar á Tónsprotanum. Allir diskar seldir til styrktar góðum málefnum. http://www.tonsprotinn.is

KOKKARNIR
VEISLUÞJÓNUSTA

# Hátíðlegar og glæsilegar
# Sælkeragjafir



















KOKKARNIR Veisluþjónusta stílar inn á að vera alltaf með það nýjasta og ferskasta hverju sinni ásamt hinu hefðbundna.

## Vertu í sambandi og settu saman þína eigin sælkerakörfu

## í Osta- og Sælkeraborðinu
Hagkaupum í Kringlunni og Smáralind

Hringdu og fáðu upplýsingar í síma 511 4466
eða sendu tölvupóst á kokkarnir@kokkarnir.is

www.kokkarnir.is

Spör ehf. - Ragnheiður Ágústsdóttir

# Grýla kallar á börnin sín

● Hjónunum Grýlu og Leppalúða varð margra barna auðið og þekkjum við vel til jólasveinanna en þeir Stekkjastaur, Ketkrókur og Skyrgámur eru væntanlegir til byggða. Leppur, Skreppur og Leiðindaskjóða láta hins vegar lítið fyrir sér fara yfir hátíðirnar.

Samkvæmt gamalli þulu átti Grýla tuttugu börn en í öðrum þulum eru talin upp allt að 80 nöfn meyja og sveina svo þessir þrettán jólasveinar sem við þekkjum best koma úr stórum systkinahópi.

„Meyjanöfn eins og Skjóða, Flotnös, Flotsokka, Klettaskora, Redda og Sledda benda til að þeir hafi átt systur,“ segir Rúna Tetzchner, kynningarstjóri á Þjóðminjasafninu, en svo virðist sem þær hafi ekki haft sérstakt hlutverk eins og þeir á aðventunni og þar af leiðandi skipa þær engan sess í jólaundirbúningnum.

„Grýla átti þrjá menn, Bola, Gust og Leppalúða og með þeim áttatíu krakka en margir þeirra eru ekkert annað en nöfnin,“ útskýrir Rúna en allt er þetta fróðleikur úr munnlegum kvæðum og sögum sem síðan er farið að skrá á tuttugustu öld. Það sem einkennir munnlegu hefðina er margbreytileiki, það fer mörgum sögum og ein sagan ekkert réttari en önnur. Þegar farið er að skrá niður festist það meira í þjóðarvitundinni og verður hluti af jólahefðinni.

„Þegar þjóðsögur Jóns Árnasonar fara að koma út á prenti á fyrri hluta tuttugustu aldar og svo jólasveinakvæði Jóhannesar úr Kötlum sem komu út 1932 með teikningum eftir Tryggva Magnússon sem teiknaði þá í gömlum íslenskum bændafötum, hafði það áhrif á hugmyndir okkar í dag um hvernig íslenskir jólasveinar eru. Þeir urðu þá ekki eins mikil tröll en samt aðeins tröllslegir,“ segir Rúna.

Íslensku jólasveinarnir verða svo fyrir áhrifum frá þeim rauðklædda Santa Claus á fyrri hluta tuttugustu aldar og mildast allir upp úr því.





Ketkrókur ágirnist hangikjötið í búrinu.

Rúna segir tengsl óvætta og jólanna aldagömul og í Íslendingasögunum sé til dæmis mikið um drauga á ferðinni í kringum jólin og líklegt að skammdegið hafi þar áhrif. Grýla á sér líka langa sögu en hún kemur fyrst fyrir í heimildum frá þrettándu öld í Sturlungu. Þá er hún algjört flagð og mikið notuð sem barnafæla sem vann að því dag og nótt að fæða fjölskyldu sína á mannabörnum en í Sturlungu kemur fyrir vísan:



Kerlingin Grýla ferðast um sveitir og safnar börnum.

*Hér fer Grýla*
*í garð ofan*
*og hefur á sér*
*hala fimmtán.*

Svo er hún orðin ennþá ljótari á sextándu öld og þá er hún sögð með hundrað belgi og í hverjum belg 20 börn.

Það er þó að verða liðin tíð að börn séu hrædd til hlýðni með hryllingssögum af Grýlu. Gömlu hjónin koma oft í heimsókn til byggða ásamt sonum sínum fyrir jólin og er þessi litskrúðuga fjölskylda órjúfanlegur hluti af íslensku jólunum í hjörtum okkar.

Fyrir þá sem vilja fræðast enn frekar um trú og siði tengda íslensku jólunum má geta þess að þjóðfræðingurinn Terry Gunnell heldur fyrirlestur í Þjóðminjasafninu laugardagana 15. og 22. desember klukkan 13 um trú og siði tengda íslensku jólunum í aldanna rás.

-rt




# Hver fær möndluna í ár?

Á mörgum íslenskum heimilum er hefð fyrir því að elda jólagraut um jólin. Möndlugjöfin er þar aðalatriði hjá yngstu kynslóðinni á meðan hinar eldri gera gjarnan tilraunir með form og bragð.

Gamli góði jólagrauturinn er nefnilega alls ekki alltaf sá sami í nútímaeldhúsi. Grunnurinn er hinn sígildi grjónagraut sem er danskur siður, talinn hafa borist til landsins á 18. öld, en ýmis tilbrigði eru af honum. Margir bera hann fram sígildan og heitan, saltan með kanilsykri og mjólk og jafnvel rúsínum. Aðrir taka siði Norðmanna og Svía sem setja smjörklípu í miðja skál ásamt berjasaft út á. Á Norðurlöndunum er grauturinn órjúfanlegur hluti jólanna og þá gjarnan skilinn eftir handa jólasveininum að gæða sér á þegar hann læðist um með gjafir. Einnig tíðkast að kæla grautinn og blanda við rjóma og útbúa sætan desert sem þá gjarnan gengur undir hinu framandi nafni riz à l'amandes eða hrísgrjón með möndlum.

Jólagrauturinn er á sumum íslenskum heimilum í boði á hádegi aðfangadags, sumir njóta hans sem forréttar á sjálfu kvöldinu og enn aðrir með sætri loftköku eftir sjálfa hátíðarmáltíðina.

-rh



Sígildur íslenskur jólagrautur með kanil og rúsínum. Mandlan að sjálfsögðu í felum.



Nýstárleg útgáfa af jólagrautnum í ár. Riz à l'amandes með léttþeyttum rjóma og fallegri skreytingu.

**Sígildur hrísgrjónagrautur**

1½ l vatn
200 g grautarhrísgrjón
1 tsk. salt
½ l mjólk
2 msk. kanill og sykur
40 g rúsínur

**Aðferð:**

Hrísgrjónin þvegin úr köldu vatni og sett út í sjóðandi vatnið ásamt salti. Soðið í tuttugu mínútur. Þá eru rúsínurnar, sem hafa verið þvegnar, látnar út í ásamt mjólk og soðið í aðrar 20 mínútur. Hrært í við og við. Borðaður með kanil, sykri og mjólk. Jafnvel smjöri og berjasaft eða ávaxtamauki.

**Riz à l'amandes**

kaldur hrísgrjónagrautur
½ vanillustöng
75 g sykur
salt á hnífsoddi
50 g möndluflögur
½ l léttþeyttur rjómi

**Aðferð:**

Grauturinn í réttinn er gjarnan soðinn daginn áður og kældur. Vanillu og sykri blandað við rjómann áður en hann er þeyttur, ekki stífþeyta. Blandið varlega saman við grautinn. Saltið eftir smekk og bætið möndluflögum út í. Borið fram með ástríðualdinsósu, kaffi, karamellusósu, kirsjuberjasósu eða saft.



SENDUM Í PÓSTKRÖFU UM LAND ALLT
MARKIÐ
Ármúla 40 • 108 Reykjavík • Sími 553 5320 • www.markid.is
Æfingastöð sem notar ekki lóð og því alveg hljóðlaus. Minna álag á liðamót.
BIO FORCE
109.000
HAMMER
HAMMER CHICAGO
Boxsett - púði, hanskar, sippuband og teljari.
10.800
SKÍÐI OG BRETTI
FRÁBÆR TILBOÐ Í GANGI NÚNA
KETTLER FITMASTER
69.000
Þú getur þjálfað allan líkamann í þessari stöð
SIPPUBÖND
FRÁ 690
Í miklu úrvali
NORCO RIVET FREESTYLE
24.900
NORCO 24”
21.900
Stelpu- fyrir 8-10 ára með 18 gírum og dempara.
FINNLO AB-DOMINOX
5.900
Frábært tæki til að þjálfa maga-vöðvana.
GIANT SEDONA DX
45.200
TILBOÐ 36.160
Borgarhjól fyrir karla og konur, 24 gírar, dempari að framan og í hnakk.
VIVI SWEETY 14”
12.900
Barnahjól fyrir 4-5 ára. Dúkkusæti og karfa fylgja með.
NORCO ZX-50 16”
11.500
Barnahjól fyrir 5-6 ára.
KETTLER RUN ME!
99.000
Göngu- og hlaupaband, auðvelt að leggja saman.
HARROWS
6.400
Official Competition
PÍLUR
FRÁ 990
MUSTANG
ÞRÍHJÓL - TRANSPORTER
6.900
Þríhjól fyrir börn á aldrinum 2-5 ára.
KETTLER CUP
21.000
Róður er ein besta alhliða æfingin!
KETTLER HANDLÓÐ
3.700
10 kg handlóð
PIPAR • SÍA • 72287

# Í útvarpinu á aðfangadagskvöld

**Stór hluti þjóðarinnar hefur alist upp við að heilög jól hefjist með klukknahljómi Dómkirkjunnar í ríkisútvarpinu og aftansöng í sömu kirkju.**

„Við prestar Dómkirkjunnar skiptumst á að flytja jólaboðskapinn á aðfangadagskvöld fyrir alla landsmenn og nú er komið að mér í þriðja sinn,“ segir sr. Hjálmar Jónsson dómkirkjuprestur glaðlega. Hann man vel þær stundir þegar hann ungur sat í stofu með foreldrum sínum og systkinum og hlýddi á aftansönginn í útvarpinu. Þá var sr. Óskar J. Þorláksson oft í stólnum. „Mér finnst alltaf jafn undarlegt að vera sjálfur kominn í þennan stól og hefja jólahátíðina með svo mörgum landsmönnum. Eitt af því sem mér þykir vænst um í núverandi hlutverki og ég lít á það sem töluvert mikla ábyrgð. Ég finn sterkt fyrir nándinni og mér finnst mikilvægt að hugsa og tala til allra hvar sem þeir eru staddir. Sumir eru erlendis, aðrir sjúkir, enn aðrir bundnir í vinnu sinni fjarri fjölskyldum og vinum. Þetta er kvöld sem við erum með hvert annað í huga.“

Sr. Hjálmar viðurkennir að ekki sé auðvelt að finna eitthvað nýtt að segja við hlustendur á aðfangadagskvöld enda sé það ekki aðalatriðið. „Jólin eru ávallt þau sömu, sama kristsmyndin og sama inntakið enda erum við íhaldssöm á venjur okkar um jólin,“ segir hann. „Hjól atvinnulífsins, verslunarinnar, viðskiptanna og velflestrar þjónustu snúast ekki. Jólin eru frátekin til að gleðjast og til að verja tímanum með okkar nánustu. Ég segi stundum að þannig vildum við að lífið væri alltaf. Eins og á jólum. Að það besta í okkur sé kallað fram og við leitum að því sem er fallegt og hefur gildi fyrir líf okkar, samferðamenn og umhverfi.“

Í framhaldi af þessari hugvekju berst talið að vandamálum í samskiptum fólks en að áliti sr. Hjálmars eru jólin dýrmætt tækifæri til að leysa úr þeim. Þar kemur til boðskapurinn sjálfur, lofsöngvar og tónlist. „Jólin gera okkur auðveldara fyrir að gleðjast og geta verið kærkomið tækifæri til að greiða úr erfiðleikum í samskiptum innan fjölskyldna. Þau eru hátíð kærleika og friðar og þá látum við það besta og fallegasta sem við eigum ráða för,“ bendir hann á.



Rödd sr. Hjálmars Jónssonar dómkirkjuprests mun hljóma úr útvarpstækjum landsmanna hvarvetna sem kveikt er á aftansöngnum klukkan 18. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Umræðu síðustu vikna um kristniboð í skólum og viðleitni til að fjarlægja þaðan kristindóm og trú telur sr. Hjálmar hafa verið á miklum villigötum. „Trúboð á sér einungis stað gagnvart þeim sem hafa ekki heyrt um kristinn boðskap. Því er ekki verið að boða þeim trú sem hafa verið skírðir og búa í kristnu þjóðfélagi heldur er verið að fræða þá og næra. Það er því rangt tala um að prestar séu að svíkjast að börnum við að boða þeim trú. Þetta eru börn sem foreldrarnir hafa komið með til skírnar og tekið að sér ásamt presti og kirkju að segja þeim til hvaða trúar þau eru skírð. Það er miklu fremur ábyrgðarhluti að leyfa þeim ekki að njóta trúarinnar eins og við sjálf fengum. Við eigum öll að geta mæst á jólunum, hverra skoðana sem við erum og fagnað saman sem ein þjóð í einu landi.“ *-gun*


FRÁBÆR JÓLAGJÖF

Veiðigallarnir sem allir eru að tala um



Camo galli frá finnska framleiðandanum Jahti Jakt. Innifalið: Vatnsheldur jakki og buxur með Air-Tex öndun, samlit flíspeysa, nærföt, húfa og axlabönd

**Verð kr. 29,500,-**



Premium galli frá Jahti Jakt. Þetta er gallinn sem Félag leiðsögumanna með hreindýraveiðum valdi sem einkennisfatnað á síðasta ári.
Innifalið: Jakki og buxur, vatnshelt með Air-Yex öndun, flónel skyrta, “Micro” flísnærföt, flís millilag, húfa, flugnanet, axlabönd, öryggisvesti, sætisáklæði í bílinn.

**Verð kr. 32,500,-**



Vatnsheldur öndunarfatnaður frá finnska framleiðandanum Jahti Jakt. Jakki með hettu og buxur.

**Verð kr. 29,500,-**

Icefin Nóatúni 17
Opið í desember frá mán til fös 10-18
laug og sunnud 11-16 -
sími 534 3177 og 820 7746 - www.icefin.is

JAHTI JAKT AIR-TEX

ICEFIN


Sérstök gjafakort á
Skilaboðaskjóðuna
ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ
Gefum góðar stundir
Gjafakort í Þjóðleikhúsið er frábær gjöf fyrir alla fjölskylduna
www.leikhusid.is

# MAX RAFTÆKI

## Holtagörðum og Kauptúni




**2.989 kr.**

Fullt verð ~~3.699~~

## Dúndur Disney TILBOÐ




**1.289 kr.** Fullt verð ~~1.999~~

Verð pr. stk.

Aðeins brot af úrvalinu!

Gerið verð-samanburð

**OPIÐ TIL KL. 22:00 í kvöld og alla daga til jóla!**

**Opnunartími**

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| Mánudaga | kl. 11-22 | Fimmtudaga | kl. 11-22 | |
| Þriðjudaga | kl. 11-22 | Föstudaga | kl. 11-22 | |
| Miðvikudaga | kl. 11-22 | Laugardaga | kl. 11-22 | Fim |
| | | Sunnudaga | kl. 12-22 | |

MAX / Kauptúni 1 Garðabæ og Holtagörðum - Sími 412 2200
www.max.is

Beint á móti IKEA
Við hliðina á BÓNUS

MAX RAFTÆKI



Vönduð, sérlega mjúk leðurstígvél, með skinnfóðri.Litir. Svart og brúntStærðir: 36 - 41Verð: 15.500.- Misty skór, Laugavegi 178, sími 551 2070

## HEILSA

### Heilsuvörur

Árangur með Herbalife í 27 ár. Pantaðu frían prufupakka. Edda Borg S. 896-4662 www.lifsstill.is

Léttist um 10 kg á 12 vk. Þú getur það líka með Herbalife. Reynsla í heilsuráðgjöf. Kaupauki fylgir. www.heilsuval.topdiet.is Rannveig s. 862 5920.

**Viltu léttast hratt og örugglega?**
www.diet.is – www.diet.is Margrét s. 699 1060.

Botnlaus orka betri líðan! Herbalife Shapework. Heilsuráðgjöf og eftirfylgni. Kaupauki fylgir. Halldóra Bjarna hjúkrunarfræðingur. www.halldorabjarna.is S. 861 4019 & 868 4876.

Taktu þér tak! Með Herbalife nærðu árangri og betri líðan. Erla Bjartmarz, s. 899 4183 www.eco.is

Langar þig til þess að ná tökum á þyngdinni, líta ótrúlega vel út, losna úr sófanum og hafa næga orku til þess að fara í ræktina? Flottari kroppur og heilbrigðari lífsstíll. Hafðu samband. Árangur með Herbalife. Gerður 865 4052 & Hanna 892 4284.

### Fæðubótarefni

Léttari og hressari með Herbalife. www.dagamunur.is Ásta s. 891 8902.

Viltu léttast? Eða þyngjast? Prófaðu Herbalife! Ólöf 861 5356, olsiar@hotmail.com

### Nudd

Heilnudd. Uppl. í s. 857 1356.

Jólatilboð !! Viltu heilnudd ? Hafðu samband við Lilý í síma 869 6914.

Þarftu slökun? Heilrænt slökunarnudd er lausnin. Sirra s. 898 2022..

### Ýmislegt



Súrefnismettunarmælar á frábæru verði. Einnig höfum við aðgang að öllum mögulegum vöruflokkum. Það sem við eigum ekki reynum við að útvega. K-Matt ehf. S. 421 8999 eða k-matt@k-matt.is

## HEIMILIÐ

### Húsgögn



Einstök húsgögn til sölu, henta bæði úti og inni. Úthöggvin úr heilli trjárót. Einnig gömul húsgögn, fást ódýrt og gefins. Uppl. í s. 893 8886

Tungusófi til sölu út Tekk, 2 ára gamall, kostaði 190 þ. Veðtilboð. S. 663 2591.

### Heimilistæki

TIL SÖLU 29" sjónvarp Sony kr.5000 19" tommu sjónvarp m/VHS spilara Kr.7000. Klassískur sjónvarpsskápur vel með farinn. kr.10000 Allt fyrir 20 þús. uppl. sími: 891 9928

Fagor ísskápur til sölu, 145 á hæð. Uppl. í s. 898 0927 eftir kl. 17.

### Barnavörur

Til sölu falleg ónotuð barnakoja. Kostar ný 70 þús. Selst á 25 þús. Uppl. í s. 565 6053 & 864 6053.

### Dýrahald



Til sölu Silky Terrier hvolpar! heilsufarsskoðaðir og örmerktir. Uppl. í s. 697 9509.


**Viltu láta dekra við þig í austurlensku umhverfi þar sem óspillt náttúran er á næsta leiti? Þá er þetta rétti tíminn!**



**Laugardaginn 1. desember var opnuð glæsileg snyrtistofa á Hótel Loftleiðum, Dong Fang Salon. Í boði eru snyrtimeðferðir og nudd.**

**Erum með glæsileg og spennandi opnunartilboð sem gilda til 15. desember:**

Gel á táneglur, verð 4.900 kr.
Dag og kvöldförðun, verð 3.500 kr.
Litun og plokkun, verð 2.900 kr.
Ásetning á neglur, verð 5.000 kr.
Lagfæring neglur, verð 3.500 kr.

**Opnunartilboð á nuddstofu: Allar tegundir nudds með 10% afslætti til 15. des,**

SNYRTISTOFAN
DONG FANG SALON
HÓTEL LOFTLEIÐIR

Verður opin mánud - föstud
frá kl. 9.00 til 21.00 og á
laugard frá kl. 10.00 til 18.00

Sími 444-4085 / 662-0485
massage@dongfang.is
www.dongfang.is

DONG FANG
SALON
HÓTEL LOFTLEIÐIR

NUDDSTOFAN
DONG FANG SALON
HÓTEL LOFTLEIÐIR

Kínverskt fótanudd
Almennt heilsunudd

Sími 444-4085 / 662-0485
massage@dongfang.is
www.dongfang.is

IH ICELANDAIRHOTELS LOFTLEIÐIR



Auglýsingasími
512 50 50




– Mest lesið





**EUROCONFORTO HEILSUSKÓRNIR NÚNA Á BESTA VERÐI Í BÆNUM!**

**12 FALLEGIR LITIR - STÆRÐIR: 35-43 VERÐ: 2.990 KR.**







DONG FANG SALON HÓTEL LOFTLEIÐIR

**DONG FANG SALON HÓTEL LOFTLEIÐIR SÍMI: 444-4085**

IH ICELANDAIRHOTELS LOFTLEIÐIR



Jólagjöfin í ár...Bulldog hvolpar til sölu,tilbúnir til afhendingar.Ættbók frá Hrfí.uppl. 8699702 og á boli.is

**Hundagalleríið auglýsir**
**Smáhundar til sölu. Kíktu á heimsíðu okkar: www.dalsmynni.is**
**Sími 566 8417 og www.dalsmynni.is**

Gefðu kisu hollt og gott í jólagjöf. Please Pet, 100% náttúrulegt kisunammi og kisu bitafiskur. Fæst í Bónus. www.please.is

Pommeranian hvolpur, rakki til sölu, sanngjarnt verð. Uppl. í s. 849 9204

# TÓMSTUNDIR & FERÐIR

## Hestamennska



Hnakkar, taumar, múlar, höfuðleður, ábreiður ofl. Hestavörur á frábæru verði. Tito.is - Súðavogi 6.

Tek að mér hross í hirðingu í vetur. Allar Uppl. í s. 616 1569.

# HÚSNÆÐI

## Húsnæði í boði

### Leigjendur, takið eftir!
Þið eruð skrefi á undan í leit að réttu íbúðinni með hjálp Leigulistans. Kíktu inn á www.leigulistinn.is eða hafðu samb. við okkur í s. 511 1600.

4 herb. íbúð í timburhúsi v/Hverfisgötu. Leiga 110 þús. á mán. Uppl. í s. 533 4141.

4ra herb íbúð á svæði 101 til leigu. Hentar vel fyrir starfsmenn fyrirtækja. 4 stór herbergi. Uppl. í s. 695 1730.

Til leigu nýleg 3ja herb. íbúð með yfirbyggðum svölum í Hörðukór. Leiga 140 þús. Laus fyrir jól. Uppl. frá kl.18-21 í síma 8627033

### Atvinnuhúsnæði í Hafnarfirði
Til leigu 142 fm iðnaðarhús með mikilli lofthæð í Steinhellu 5 Hfj. Uppl. í s. 897 0934, Helgi.

### Laus strax!
Flott 3ja herb. 114 fm íbúð í Fossvoginum. Leigist á 170 þús. á mán. Uppl. í s. 897 0934, Helgi.

### Til leigu á Arnarnesi
Falleg og rúmgóð 3ja herb. neðri sérhæð. Íbúðin er 121,6 fm með innbyggðum bílskúr 18,3 fm, samtals 139,9 fm. Leigist á 190 þús. á mán. Uppl. í s. 897 0934, Helgi.

Til leigu 3 herb. íbúð m/sérinngangi í 101 Rvk. Uppl. í s. 860 0866.

Til leigu stúdíóíbúð m/sérinngangi í 101 Rvk. Uppl. í s. 860 0866.

4ra herb. 118 fm íbúð í Vesturbæ til leigu. Laus frá 15.1. Leigist með húsgögnum. S. 6927963.

### Spánn
Falleg, vel staðsett 4herb.íbúð við Torrevieja til leigu. Ca.113 fm, sundlaug í garði, solarium, stutt í þjónustu. Laust frá byrjun jan og fram á sumar. Uppl.693 7585 eða saio@internet.is.

## Húsnæði óskast

Kk óskar eftir 2-3. Herb. Íbúð. Er reglusamur, skilvísum greiðslum heitið. Greiðslugeta allt að 120 þ. Uppl. í s. 690 4191.

Bráðvantar íbúð studíó eða 2herb.. s:8253103

Ung kona óskar eftir stúdío eða 2 herb. íbúð sem fyrst. Reglus. og skilv. greiðslum heitið. Uppl. í s. 862 9611.

Reglusamur og ábyrgur karlmaður óskar eftir 3ja herbergja snyrtilegri íbúð til leigu. Meðmæli og skilvísum greiðslum heitið. Uppl. í s. 692 1522 og 512 5432.

## Geymsluhúsnæði

Búslóðageymsla Olivers geymir búslóðir innsiglaðar í plasti á brettum. Starfað í 20 ár. Geymt í vöktuðu og upphituðu húsnæði. S. 567 4046 & 892 2074. Sækjum og sendum búslóðirnar.

## Gisting



Reykjavík öll þægindi frítt internet tilvalið fyrir fjölskyldur. www.eyjasolibudir.is eyjasol@internet.is S. 698 9874.

Gisting á Akureyri. Til leigu 4 herb. íbúð m/ húsgögnum. Svefnpláss f/ 7-8 manns. Dags, helgar, vikulega eða eftir samkomulagi. Uppl. í s. 893 5167.

# ATVINNA

## Atvinna í boði

**Veitingahús**
**Íslenskumælandi starfsfólk óskast. Æskilegur aldur 30+.**
**Upplýsingar í síma 894 0292.**

**Hrói Höttur**
**Hringbraut 119. Óskar eftir starfsfólki í sal,útkeyrslu og grill. Um er að ræða bæði dag, kvöld og helgarvinnu.**
**Upplýsingar í síma 844 6292, Eva, milli kl. 14 eða sendið umsókn á eva@hroi.is**

**Veitingahúsið Nings**
**Óskar eftir glaðlegu og broshýru starfsfólki í sal í kvöld- og helgarvinnu.**
**Upplýsingar í síma 822 8835 og einnig inn á www.nings.is**

**Veitingahúsið Nings**
**Óskar eftir glaðlegum og broshýrum bílstjórum.**
**Upplýsingar í síma 822 8835 og einnig inn á www.nings.is**




**Nonnabiti**
**Starfskraftur óskast til starfa, ekki yngri en 18 ára, reyklaus. We need more pepole, full time and part time, in down town fastfood. No smoking.**
**Interested please call 846 3500 & 898 5956.**

**DÝRARÍKIÐ**

**Starfsfólk óskast**
**Okkur vantar starfsfólk í heilsdags og/eða hálfsdagsstarf til lagerstarfa. Viðkomandi verður að hafa bílpróf.**
**Nánari upplýsingar í síma 568 7170 eða í versluninni.**

Sjúkraliðar, félagsliðar eða starfsmenn vanir umönnun óskast til starfa á dagdeild aldraðra sem fyrst. Um fullt starf og 75% starf er að ræða. Dagvinna virka daga, lítill og góður vinnustaður í Vesturbæum. Allar nánari uppl. gefa Guðbjörg sími 561 2828 og Droplaug sími 411 2700.

Sótthreinsun og þrif ehf. Starfsmann með bílpróf vantar. Óskum eftir hraustum starfsmanni 17 ára eða eldri í vinnu við háþrýstiþvott og sótthreinsun. Þarf að hefja störf sem fyrst. Umsóknir og umsögn um reynslu berist til: sotthreinsun@sotthreinsun.is - www.sotthreinsun.is

Starfskraftur vantar í afgreiðslu um kvöld og helgar. Ekki yngri en 18 ára. Pizza King. S. 864 7318.

### Vantar þig aukavinnu ?
Okkur vantar gott fólk í símasölu 2-5 kvöld vikunnar frá 18-22 Góð laun í boði fyrir gott fólk. Ef þú ert 30+ þá ert þú rétta manneskjan fyrir okkur. Allar nánari upplýsingar í síma 699 0005

Vantar aðstoð við bókhald strax. Viðkomandi þarf að kunna á DK. Vinsamlegast sendið svar á kbok@internet.is og haft verður samband.

# SKEMMTANIR




## Atvinna óskast

**Vantar þig Smiði, múrara eða járnabindingamenn?**
**Höfum á skrá menn sem að óska eftir mikilli vinnu. Geta hafið störf nú þegar.**
**Proventus starfsmannaþjónusta s. 661 7000.**

19 ára pólskur strákur óskar eftir vinnu sem túlkur á Höfuðborgasvæðinu/ Vesturlandi. Tala mjög góða íslensku og ensku. S. 865 2597.

### Smiðir
2 góðir smiðir á lausu ca. 2-3 vikur. Vantar verkefni hjá traustumaðila. Sími 861 3922.

# TILKYNNINGAR

## Tapað - Fundið



Þetta stjórntæki tapaðist föstudaginn 7. desember í Skuggahverfinu 101 Rvk. Finnandi hafi samband við Gylfa í síma **617 5192**

**GÓÐ FUNDARLAUN**

## Tilkynningar



ATH !ATH! Við aldursgreiningu á þessari konu kom í ljós að það eru 50 dagar í 50 ára afmælið, við höldum áfram að telja niður.




# TIL LEIGU





**Til leigu**
**Skrifstofuhúsnæði í hjarta miðborgarinnar**

Til leigu 97 fm skrifstofuhúsnæði á 2. hæð neðst á Skólavörðustíg. Tilvalið fyrir arkitektastofu, lögfræðistofu eða aðra sambærilega starfsemi. Húsnæðið er laust til afhendingar strax. Allar frekari upplýsingar eru veittar í síma 896 7073.

# TILKYNNINGAR

**Reykjavíkurborg**
Skipulags- og byggingarsvið

## Auglýsing um breytingu á Aðalskipulagi Reykjavíkur

Í samræmi við 18. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997, með síðari breytingum, er hér með auglýst til kynningar tillaga að breytingu á Aðalskipulagi Reykjavíkur 2001 - 2024.

### Geitháls - Reynisvatnsheiði
Lagning stofnæðar hitaveitu um Geitháls og Reynisvatnsheiði, Hellisheiðaræð.
Í Aðalskipulagi Reykjavíkur 2001-2024 er gert ráð fyrir nýrri aðveituæð hitaveitu frá Hellisheiðarvirkjun að miðlunartönkum í Reynisvatnsheiði. Tillagan gerir grein fyrir legu stofnlagnarinnar innan Reykjavíkur. Gert er ráð fyrir niðurgrafinni stofnlögn hitaveitu á um 2,5 km kafla, frá Hafravatnsvegi til vesturs sunnan Geitháls og til norðurs með vegi Orkuveitu Reykjavíkur að miðlunartönkunum á Reynisvatnsheiði. Lögnin mun fara um svæði sem skilgreint er sem athafnasvæði og opið svæði til sérstakra nota. Umrædd svæði eru að hluta á fjarsvæði vatnsverndar; fjarsvæði B, sbr. skilgreining í svæðisskipulagi vatnsverndar á höfuðborgarsvæðinu. Gert er ráð fyrir að helgunarsvæði lagnarinnar verði allt að 15 m.
Nánar um tillögu og umhverfisáhrif vísast til kynningargagna

Tillagan liggur frammi í upplýsingaskála skipulags- og byggingarsviðs Reykjavíkurborgar að Borgartúni 3, 1. hæð, virka daga kl. 8:20 – 16:15, frá 12. desember 2007 til og með 31. janúar 2008. Einnig má sjá tillöguna á heimasíðu sviðsins, ***www.skipbygg.is***. Eru þeir sem telja sig eiga hagsmuna að gæta hvattir til að kynna sér tillöguna. **Ábendingum og athugasemdum við tillöguna skal skila skriflega eða á netfangið *skipulag@rvk.is*, til skipulags- og byggingarsviðs eigi síðar en 31. janúar 2008.**
**Vinsamlegast notið uppgefið netfang fyrir innsendar athugasemdir með tölvupósti.**
Þeir sem eigi gera athugasemdir innan tilskilins frests, teljast samþykkja tillöguna.

Reykjavík, 12. desember 2007
Skipulagsstjóri Reykjavíkur

BORGARTÚN 3 - 105 REYKJAVÍK - SÍMI 411 3000 - MYNDSENDIR 411 3090

# FASTEIGNIR

## Gnoðarvogur 78
104 Reykjavík
Glæsileg hæð í sundunum !

**Stærð: 125,2 fm**
**Fjöldi herbergja: 4**
**Byggingarár: 1960**
**Brunabótamat: 15.050.000**
**Bílskúr: Já**



**Opið Hús**





**Opið hús í dag kl. 19:30-20:00**

**Verð: 32.900.000**

Eldhús bjart og rúmgott með nýlegri hvítri innréttingu og góðum borðkrók. Hol með flísum á gólfi og góðum skápum. Rúmgóð stofa með parketi á gólfi og útgengi út á um 40fm suðursvalir með miklu útsýni. Möguleiki á að stækka íbúðina um svalir. Barnaherbergin eru tvö. Rúmgott hjónaherbergi með góðu skápaplássi. Ókláraðar framkvæmdir á baðherbergi sem þart að ljúka. Tengi fyrir þvottavél í eldhúsi og einnig sameiginlegt þvottahús í sameign.Góður bílskúr.Hús nýlega tekið í gegn. LAUS FLJÓTLEGA !

RE/MAX Þing



Bergrún Brá
Sölufulltrúi
**698 7352**
bergrunbra@remax.is



Hrönn
Sölufulltrúi
**692 3344**
hronn@remax.is



Bergur
Steingrímsson
Lögg. fasteignasali
bergurst@remax.is

**RE/MAX Þing - Háholt 13-15 - 270 Mosfellsbær - Sími: 4123300 - www.remax.is**

# FASTEIGNA-MARKAÐURINN

ÓÐINSGÖTU 4, SÍMI 570 4500, OPIÐ VIRKA DAGA KL. 9–17.
Netfang: fastmark@fastmark.is - www.fastmark.is
Jón Guðmundsson, sölustj. og lögg. fast.sali. Guðmundur Th. Jónsson, lögg. fast.sali.

## Meistaravellir

**3ja herb. íbúð til afhendingar við kaupsamning**



Frum

Góð 77 fm 3ja herb. íbúð á 2. hæð í góðu fjölbýli í vesturbæ Reykjavíkur auk 4,2 fm geymslu í kjallara. Rúmgóð stofa með útgangi á suðursvalir með útsýni yfir KR völlinn, 2 herbergi, eldhús með góðum borðkrók og baðherbergi. Möguleiki er að opna eldhúsið meira. Bílskúrsréttur.

**Íbúðin er laus til afh. við kaupsamning.**
***Nánari upplýsingar á skrifstofu.***

## STÝRIMAÐUR
### M/T KEILIR

Berg Shipping spf. leitar að 2. stýrimanni á olíuskipið M/T Keili. Helstu verkefni Keilis eru strandflutningar á Íslandi og í Noregi. Keilir er 4.342 BT.
Viðkomandi þarf að hafa 3. stigs skipstjórnarréttindi.
Nánari upplýsingar veitir Auðunn Birgisson í síma 5509900.
Umsóknum með upplýsingum um menntun og starfsreynslu skal skilað á póstfang audunn@odr.is fyrir 20. desember.

BERG Shipping spf. er færeyskt dótturfélag Olíudreifingar ehf.

BERG SHIPPING

## Smiðir

Erum með vana smiði sem óska eftir mikilli vinnu.
Upplýsingar í síma 840 1616
**Kraftafl ehf**

## PÍPARAR

Erum með vana pípara sem óska eftir mikilli vinnu
**Upplýsingar í síma 840 1616 Kraftafl ehf**

## Upprennandi í verslunarstörfum

Hans Petersen fagnar 100 ára afmæli um þessar mundir en hefur líklega aldrei verið yngri í anda. Vegna aukinna umsvifa leitum við að duglegu og ábyrgu og hressu fólki í verslanir okkar og á skrifstofu.

**Verslunarstjóri**
» Viðkomandi þarf að hafa reynslu af stjórnun, innkaupum, uppgjöri og ber almenna ábyrgð á verslun.

**Sölufólk í verslun**
» Við leitum að jákvæðum, ábyrgum einstaklingum sem þekkja vörur fyrirtækisins og eiga gott með samskipti við viðskiptavini.

**Móttökustjóri**
» Óskað er eftir ábyrgum, jákvæðum aðila sem á auðvelt með að setja sig inn í ólík mál og þekkir vörur fyrirtækisins.

**Bókari**
» Vanur bókari óskast í 60-100% starf. Gott starfsumhverfi, samkeppnishæf launakjör. Viðkomandi sér um tekju- og kostnaðarbókhald og afstemningar.

Vinsamlegast sendið upplýsingar merktar **"Starf-HP"** á kjartan@hanspetersen.is eða á HP Farsímalagerinn ehf., Miðhrauni 14, 210 Garðabæ.

**Umsóknarfrestur er til og með 20. desember 2007**

**HANS PETERSEN**
*Engu gleymt í 100 ár*

ATVINNA

## MÚRARAR

Erum með vana múrara á skrá sem eru klárir til vinnu.
**Kraftafl ehf S: 840-1616**

## Yfirvélstjóri hjá Brim hf

Yfirvélstjóri óskast á Árbak RE-205
Vélastærð 1470 kW, Lágmarksréttindi VS-I

Upplýsingar í síma 8434223 eða 8434222

RAFLOFT www.rafloft.is

Vegna aukinna umsvifa óskum við eftir að ráða rafiðnaðarmenn og vélfræðing til starfa sem fyrst.

umsóknir sendist á rafloft@rafloft.is - s. 8962660

Reykjavíkurborg
Velferðarsvið

## *Félagsleg heimaþjónusta*

**Þjónustumiðstöð Árbæjar og Grafarholts óskar eftir að ráða starfsmenn til að sinna félagslegri heimaþjónustu.**

**Helstu verkefni:**
- Félagslegur stuðningur
- Aðstoð vegna umönnunar barna og unglinga.
- Aðstoð við heimilshald og almenn þrif
- Aðstoð við athafnir daglegs lífs

**Menntunar- og hæfniskröfur:**
- Félagsliðamenntun eða reynsla af almennum heimilisþrifum/umönnun æskileg.
- Umsækjandi þarf að búa yfir hæfni í mannlegum samskiptum og geta starfað sjálfstætt.
- Ökuréttindi kostur.

Vinnutími er frá kl. 09.00 - 17.00 virka daga.

Nánari upplýsingar veitir Guðný Emilsdóttir deildarstjóri heimaþjónustu í síma 411 2732, netfang: palina.gudny.emilsdottir@reykjavik.is og Íris Kolbrún Bragadóttir í sima 411 2730, netfang: iris.kolbrun.bragadottir@reykjavik.is
Launakjör eru samkvæmt kjarasamningi Reykjavíkurborgar og Eflingar stéttarfélags.

**Umsóknum skal skilað í félagsmiðstöðina Hraunbæ 105 eða á ofangreind netföng fyrir 23. desember nk.**

Vakin er athygli á stefnu Reykjavíkurborgar um jafnan hlut kynja í störfum og að vinnustaðir borgarinnar endurspegli það margbreytilega samfélag sem borgin er. Atvinnuauglýsingar má einnig skoða á heimasíðu Reykjavíkurborgar www.reykjavik.is/storf. Hjá símaveri Reykjavíkurborgar, 411 1111 færð þú allar upplýsingar um þjónustu og starfsemi borgarinnar og samband við þá starfsmenn sem þú þarft að ná í.

# VANTAR ÞIG VINNU?

Óskum eftir að ráða verslunarstjóra, bókara og almennt starfsfólk í nýja verslun okkar í Smáralind.
Möguleiki á sveigjanlegum vinnutíma.

**Verslunarstjóri:**
Viðkomandi þarf að hafa reynslu af stjórnun, innkaupum og uppgjöri og ber almenna ábyrgð á verslun.

**Sölufólk:**
Óskað er eftir jákvæðum og ábyrgum einstaklingum sem þekkir vörur fyrirtækisins.

**Bókari:**
Vanur bókari í 60-100% starf. Í boði er gott starfsumhverfi og samkeppnishæf launakjör. Tekju- og kostnaðarbókhald, afstemningar.

Vinsamlegast sendið upplýsingar merktar „**FL-starf**" á kjartan@hanspetersen.is eða á HP Farsímalagerinn ehf., Miðhrauni 14, 210 Garðabæ.

**Umsóknarfrestur er til og með 20. desember 2007**

Farsímalagerinn.is

**ÞÚ GRÆÐIR EKKERT Á AÐ VERSLA ANNARS STAÐAR**
**Fjörður Hafnarfirði - Bankastræti 4 - Laugavegur 178**
**Miðhraun Garðabæ - Kringlan**
**www.farsimalagerinn.is - s: 412 1800**

# ÖRYGGISVÖRÐUR Í STAÐBUNDNA ÖRYGGISGÆSLU

► Við leitum að mönnum í staðbundna öryggisgæslu í fyrirtækjum borgarinnar. Umsækjendur þurfa að vera ábyrgir, geta unnið sjálfstætt og vera með hreinan feril. Bæði tímabundin störf og framtíðarstörf eru í boði.

► Upplýsingar um starfið veitir Magnús Reyr Agnarsson í síma 580 7000 eða á magnus@securitas.is. Umsóknir óskast fylltar út á securitas.is fyrir 14. desember nk.

SECURITAS Síðumúli 23 | 108 Reykjavík | 580 7000 | securitas.is



Innilegar þakkir til allra þeirra sem sýndu okkur samúð og hlýhug vegna andláts og útfarar elskulegs föður okkar, tengdaföður, afa og langafa,

**Eiríks A. Guðjónssonar**
frá Skjaldbjarnarvík.

Innilegar þakkir til starfsfólks Hlífar og öldrunardeildar Sjúkrahúss Ísafjarðar fyrir hlýhug og góða umönnun.

**Eyvindur P. Eiríksson**
**Guðjón Eiríksson** **Ragnheiður Jónsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



*Ástkær eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir og amma,*

**Gunnur Guðmundsdóttir**
(Gógó) frá Oddsflöt í Grunnavík,
Túngötu 18, Ísafirði,

lést á Fjórðungssjúkrahúsinu á Ísafirði laugardaginn 8. desember. Útförin fer fram frá Ísafjarðarkirkju laugardaginn 15. desember kl. 14.00.

**Ingi Einar Jóhannesson**
**Jóhannes Bekk Ingason** **Alda Svanhildur Gísladóttir**
**Elvar Guðmundur Ingason** **Dagný Selma Geirsdóttir**
**Brynjar Ingason** **Guðbjörg Ragnheiður Jónsdóttir**
**og ömmubörn.**



*Móðir okkar, tengdamóðir og amma,*

**María Sigurðardóttir**
viðskiptafræðingur,

verður jarðsungin frá Dómkirkjunni, föstudaginn 14. desember klukkan 15.00.

**Rannveig Rist** **Jón Heiðar Ríkharðsson**
**Guðbjörg Rist Jónsdóttir**
**María Rist Jónsdóttir**
**Hólmfríður Vigdís Rist Jónsdóttir**
**Bergljót Rist** **Sveinn Atli Gunnarsson**
**Hekla Rist**
**Kolka Rist**

**TÓNLISTARMAÐURINN FRANK SINATRA FÆDDIST ÞENNAN DAG ÁRIÐ 1915**

*„Rokk er ofbeldisfullt, ljótt og illgjarnt tjáningarform sem ég hef engan áhuga á.“*

***Frank Sinatra heillaði bæði konur og karla upp úr skónum með smjörblíðum söngvum fram á síðustu stundu. Hann lést í maí árið 1998.***



# tímamót

timamot@frettabladid.is

**ÞETTA GERÐIST:** 12.DESEMBER 1863

## *Edward Munch fæðist*



Norski listmálarinn Edward Munch fæddist þennan dag á litlum bóndabæ í nágrenni við Ósló. Munch er einn af mestu listamönnum expressjónismans.

Ferill hans spannar rúmlega sextíu ár og eftir hann liggja ótal verk, bæði grafík, teikningar og málverk. Raunsæi var einkennandi fyrir verk Munchs í fyrstu en síðan varð hann fyrir ákveðnum áhrifum af samtímalist í lok nítjándu aldar og meðal áhrifavalda má nefna franska málarann Paul Gauguin. Verkin eru full af táknum og leyndum skilaboðum með tilvísunum í æsku Munchs.

Þekktustu verk Edwards Munch eru meðal annars Ópið, Stúlkan á brúnni og Veika barnið. Verkið Ópið er til í nokkrum útgáfum og þeirri sem tilheyrir Þjóðlistasafni Norðmanna var stolið árið 1994 á meðan opnunarhátíð Vetrarólympíuleikanna þar í landi fór fram. Árið 2004 réðust vopnaðir menn inn á Munch-safnið í Ósló og hrifsuðu til sín verkið. Bæði verkin fundust aftur.

FÉLAG ÍSLENSKRA BIFREIÐAEIGENDA: SJÖTÍU OG FIMM ÁR FRÁ STOFNUN

# Framsýnt félag frá upphafi

„Félagið var stofnað í Eimskipafélagshúsinu að frumkvæði Helga Tómassonar, læknis á Kleppi, og Einars Péturssonar stórkaupmanns, sem var líka fyrsti formaður félagsins. Stofnfélagar voru þrjátíu og tveir en eru í dag um sextán þúsund,“ segir Stefán Ásgrímsson, upplýsingafulltrúi Félags íslenskra bifreiðaeigenda, FÍB, sem fagnar í ár 75 ára tímamótum.

„Þetta eru auðvitað betri borgarar sem stofna þetta, því þetta var í miðri kreppu og bílar ekki almenningseign á þessum tíma. Tilgangur félagsins við stofnun var að sameina menn sem höfðu áhuga á bifreiðaakstri og bifreiðanotkun og gæta sameiginlegra hagsmuna þeirra. Einnig að stuðla að því að öll umferð yrði sem öruggust og breiðust fyrir alla vegfarendur ,“ segir Stefán og bætir við að félagið hafi verið framsýnt frá fyrstu stundu. „ Eitt af markmiðum frá upphafi var að gera félögum kleift að ferðast með bíla sína til útlanda og það finnst mér ansi merkileg og framsýn hugsun miðað við tíðarandann,“ segir Stefán sem veit til þess að einhverjir félagar tóku sér far með skipi til Evrópu sem þá var ekki opin eins og hún er í dag.

Í dag eru meðlimir um sextán þúsund og Stefán segir markmiðin vera þau sömu í aðalatriðum. „Við búum í litlu landi með lélegar almenningssamgöngur og erum háð bílnum. Þess vegna er hann auðvelt skotmark fyrir skatt og ýmis gjöld. Þess vegna erum við vel vakandi meðal annars fyrir eldsneytisverði heima og á heimsmarkaði til að fylgjast með álagningu og öðru,“ útskýrir Stefán og nefnir ráðstefnu um umferðaröryggi í tilefni tímamótanna. „Fjöldi þeirra sem látast í umferðinni ár hvert á Íslandi jafngildir lítilli farþegaflugvél. Samt virðist ekkert breytast sama hve mikið er reynt. Þess vegna viljum við núna berjast fyrir betra vegakerfi til að stuðla að því að sá hluti umferðaröryggis sé í lagi og vona að það geti breytt einhverju til batnaðar,“ segir Stefán. **rh@frettabladid.is**




**UMFERÐARÖRYGGI OFARLEGA Í HUGA** Stefán Ásgrímsson hjá Félagi íslenskra bifreiðaeigenda segir helstu hagsmunamál félagsins þau sömu frá upphafi. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



*Elskulegur faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Ari Steinberg Árnason**
Lindasíðu 2, Akureyri,

lést í Sjúkrahúsinu á Akureyri 5. desember. Útför hans fer fram frá Akureyrarkirkju föstudaginn 14. desember kl. 13.30. Þeim sem vilja minnast hans er bent á að láta Heimahlynningu á Akureyri njóta þess.

**Guðrún Elísabet Aradóttir**
**Júlíus Fossberg Arason** **Fríður Leósdóttir**
**Ingunn Kristín Aradóttir** **Hinrik Karlsson**
**Jón Björn Arason** **Helga Guðjónsdóttir**
**Árni Arason** **Sveinbjörg Pálsdóttir**
**Rúnar Arason** **Dýrleif Skjóldal**
**afa- og langafabörn.**



*Elskulegur eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi, sonur, bróðir, mágur og tengdasonur,*

**Geir Helgi Geirsson**
yfirvélstjóri, Leirutanga 26, Mosfellsbæ,

sem lést 1. desember á líknardeild LSH í Kópavogi, verður jarðsunginn frá Neskirkju föstudaginn 14. desember kl. 13.00.

**Helga Guðjónsdóttir**
**Guðjón Reyr Þorsteinsson**
**Eybjörg Geirsdóttir** **Tómas Haukur Richardsson**
**Nína Björk Geirsdóttir** **Pétur Óskar Sigurðsson**
**Geir Jóhann Geirsson**
**Alexander Aron Tómasson**
**Eybjörg Sigurðardóttir**
**Nína Geirsdóttir**
**Þorvaldur Geirsson**
**Lovísa Geirsdóttir**
**Valgerður Geirsdóttir** **Viktor Arnar Ingólfsson**
**Guðjón Haraldsson** **Nína Schjetne**



*Elskulegur eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Lárus Gunnólfsson**
skipstjóri, Tröllateigi 20, Mosfellsbæ,

lést á heimili sínu laugardaginn 8. desember. Lárus verður jarðsunginn frá Fossvogskirkju fimmtudaginn 20. desember kl. 15.00.

**Guðríður Bjarnadóttir**
**Gunnólfur Lárusson** **Unnur Lilja Elíasdóttir**
**Örnólfur Lárusson** **Linda S. Aðalbjörnsdóttir**
**Bjarnólfur Lárusson** **Þóra Björg Clausen**
**afabörn og langafabarn.**



*Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Guðný Kristrún Níelsdóttir**
áður til heimilis á Stýrimannastíg 14, Reykjavík,

sem lést á hjúkrunarheimilinu Sóltúni þriðjudaginn 4. desember, verður jarðsungin frá Dómkirkjunni fimmtudaginn 13. desember kl. 15.00.
Þeim sem vilja minnast hinnar látnu er bent á KRAFT, félag ungs fólks sem greinst hefur með krabbamein og aðstandenda þeirra, s: 540 1990.

**Páll Stefánsson** **Halldóra Viktorsdóttir**
**Soffía Stefánsdóttir** **Georg Ólafsson**
**Hildur Stefánsdóttir** **Sigurgeir Kjartansson**
**börn og barnabörn.**



*Elskulegur faðir minn, tengdafaðir og afi,*

**Ragnar Halls Sæmundsson**
áður til heimilis að Hátúni 10b, Reykjavík,

andaðist að Dánarheimilinu Víðinesi 4. desember. Jarðarförin fer fram frá Fossvogskirkju föstudaginn 14. desember kl. 13.00.

**Fyrir mína hönd og annarra vandamanna,**

**Birna Hallbera Ragnarsdóttir.**



*Móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Brigitte Ágústsson**
Lindasíðu 2, Akureyri,

sem lést á dvalarheimilinu Hlíð, Akureyri, verður jarðsungin frá Akureyrarkirkju fimmtudaginn 13. desember kl. 13.30.

**Friðrik Halldórsson** **Sigrún Guðmundsdóttir**
**Pétur Halldórsson** **Þórunn Steingrímsdóttir**
**Eygló Halldórsdóttir** **Tryggvi Gunnarsson**
**Kári Halldórsson** **Guðrún Sigtryggsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið **timamot@frettabladid.is**.
Auglýsingar á að senda á **auglysingar@frettabladid.is** eða hringja í síma **550 5000**.

# ÉG ÆTLA AÐ FÁ BLAND Í POKA FYRIR 51 MILLJÓN

**Bónus-vinningur 51 milljón**

Bónuspotturinn í Víkingalottóinu stefnir nú í 51 milljón, sem er **Íslandsmet** og alltof mikið til að kaupa bland í poka fyrir! **Fáðu þér miða á næsta sölustað eða á lotto.is.**

VÍKINGA LOTTÓ

Alltaf á miðvikudögum!

**lotto.is**

Ekki missa af þessu!
Fáðu þér miða fyrir kl. 17.00 í dag.

ENNEMM / SIA / NM31257




## STUÐ MILLI STRÍÐA Diskahitarar og innkaupalistagerðartæki

**SIGRÚN ÓSK KRISTJÁNSDÓTTIR** BORÐAR AF KÖLDUM DISKI



Ég skemmti mér oft konunglega yfir því að skoða hina ýmsu bæklinga sem detta inn um lúguna hjá mér. Einu sinni höfðu Svensson-bæklingurinn og Sjónvarpsmarkaðurinn algjöra yfirburði þegar kom að því að bjóða bráðnauðsynlegan en jafnframt algjöran óþarfa á óviðjafnanlegu verði. En í neyslugeðveikinni virðist hafa skapast mun stærri markaður fyrir áleggsskurðarhnífa, eggjasuðutæki, hrísgrjónapotta og aðrar skyldar græjur.

Í vikunni fannst mér nýjum hápunkti náð þegar ég sá diskahitara auglýstan til sölu í einu blaðinu innan um myndavélar, sjónvarpsflakkara og grill (maður þarf náttúrlega að eiga steikarstein, gasgrill, George Foreman og raclette). Tvisvar hélt ég að ég hefði mislesið. En nei, svo gott var það ekki. Þarna var Íslendingum boðinn diskahitari á aðeins 3.995 krónur, 170 watta og með 1,5 metra langri rafmagnssnúru. Hitarinn ku verma diska, allt að átta í einu, upp að nákvæmlega sama hitastigi og veitingahús „eru að nota“. Yfirlagið er úr flaueli. Að hugsa sér að hingað til skuli ég hafa borðað matinn minn af ísköldum diskum. Ég vissi einfaldlega ekki betur.

En alltaf skulu Bandaríkjamenn eiga vinninginn þegar kemur að framboði á einskis nýtu drasli. Á www.skymall.com er að finna algjöra endaleysu af óþarfa. Þannig er hægt að kaupa tæki sem rífur af eldhúsrúllunni fyrir þig. Allt sem þú þarft að gera er að veifa höndinni framan við sérstakan skynjara og gefa með ákveðinni hreyfingu til kynna hvort þú viljir hálfa, eina eða jafnvel tvær þurrkur. Fyrir aðeins 10 þúsund krónur getur þú líka keypt tæki sem með aðstoð raddskynjara gerir þér kleift að skipuleggja matarinnkaupin. Blað og penni heyra fortíðinni til. Tækið þekkir heitið á 2.500 vörutegundum, þú segir því hvað þú ætlar að kaupa og prentar að því loknu út tilbúinn lista með öllu draslinu sem þú ætlar að versla í búðinni – í stafrófsröð. Hvar væri maður ef ekki væri fyrir tæknina?

## myndasögur

### Pondus

Eftir Frode Øverli




### Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




### Handan við hornið

Eftir Tony Lopes




### Kjölturakkar

Eftir Patrick McDonnell




### Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman





JÓLAMYNDIN Í ÁR!
STÓRSKEMMTILEG GAMANMYND FYRIR ALLA FJÖLSKYLDUNA!
SÝND MEÐ ÍSLENSKU OG ENSKU TALI.
ALVIN OG ÍKORNARNIR
Sony Ericsson
SMS LEIKUR
SENDU SMS JA ACV Á NÚMERIÐ 1900 OG ÞÚ GÆTIR UNNIÐ!
Vinningar eru bíómiðar fyrir tvo, DVD myndir, varningur tengdur myndinni og margt fleira!
9 HVER VINNUR!
Vinningar verða afhendir hjá BT Smáralind. Kópavogi. Með því að taka þátt ertu kominn í SMS klúbb. 99 kr/skeytið.
ALVIN OG ÍKORNARNIR
FRUMSÝND 14. DESEMBER
SMÁRABÍÓ
LAUGARÁSBÍÓ
ÁLFABAKKA SAMBÍÓIN
Háskólabíó
Borgarbíó

**Ath. kl. 20.**
*Óperudeild Söngskóla Sigurðar Demetz heldur tónleika í kvöld í Salt-félaginu, gamla Alliance-húsinu í Ánanaustum. Á efnisskrá verða aríur, dúettar og hópatriði úr óperum eftir Mozart, Händel, C. Franck og Gilbert og Sullivan. Þá verða einnig jólalög á dagskrá og sungið verður á þremur stöðum í húsinu. Stjórnandi óperudeildar er Keith Reed en píanóleikari verður Julian Hewlett. Boðið verður upp á heitan drykk og eru allir velkomnir.*

# menning

menning@frettabladid.is

## Síðasta söngvaskáldakvöldið í bili

Síðasta Söngvaskáldakvöld ársins er í kvöld á Domo við Ingólfsstræti og hefst kl. 20 í beinni útsendingu Kastljóss Ríkissjónvarpsins. Sérstakur gestur kvöldsins er Ragnheiður Gröndal. Hljómsveitin er skipuð Eyþóri Gunnarssyni hljómborðsleikara, Ómari Guðjónssyni gítarleikara, Valdimar Kolbeini Sigurjónssyni bassaleikara og Einari Scheving trommuleikara.

Syngjandi lagahöfundar geta nýtt þetta tækifæri til að koma fram með nýtt efni, 1-3 lög. Hægt er að skrá sig í síma 8976246 eða á eythor@mezzoforte.com.

Söngvaskáldakvöldin eru samstarfsverkefni FTT og FÍH. Æfing fer fram samdægurs á Domo. Að Söngvaskáldakvöldinu afloknu verður Jam-session en kl. 22.00 hefst dagskrá Jazzmúlans. Það eru ekki óskyldir aðilar sem þar koma fram: Haukur Gröndal og Óskar Guðjónsson, bræður Ragnheiðar og Ómars úr Söngvaskáldakvöldinu. Þeir njóta einnig krafta Valdimars Kolbeins bassaleikara, en bandaríski trommuleikarinn Scott MacLemore tekur við trommukjuðunum af Einari Scheving.

Söngvaskáldakvöldin hafa verið vinsæl sem af er vetri og með stjörnu eins og fröken Gröndal má búast við góðri aðsókn og því gott að mæta tímanlega í Ingólfsstrætið. - pbb



**RAGNHEIÐUR GRÖNDAL** Er trompið á söngvaskáldakvöldinu á Domo í kvöld.

### > Ekki missa af …

upplestrarkvöldi á Boston, Laugavegi 28, þar sem höfundarnir Valur Gunnarsson, Pétur Gunnarsson og Hjálmar Sveinsson lesa úr nýútkomnum bókum sínum.

Skyggnst verður inn í orð- og myndheima höfundanna í innilegu andrúmi aðventunnar. Öllum er hjartanlega velkomið að hlýða á og njóta stundarinnar auk þess sem færi gefst á að spjalla við höfundana.

Þetta er fyrsti lesturinn af þremur í þessari upplestrarröð á Boston, sem er til húsa á annarri hæð að Laugavegi 28b. Lesturinn hefst stundvíslega klukkan 20.00.


Uppáhaldsdagblað þjóðarinnar – takk fyrir okkur



77% velja Fréttablaðið sem miðil að sínu skapi

71% velur Morgunblaðið, 51% velur 24 stundir

Fréttablaðið | Morgunblaðið | 24 stundir

Fréttablaðið er langmest lesna dagblað landsins, það eina sem kemur út alla daga vikunnar. Þar má finna skýrar og greinargóðar fréttir og kjarnyrta þjóðfélagsumræðu. Fjölbreytt og spennandi sérblöð fylgja á hverjum degi, um menningu, viðskipti, íþróttir og dægurmál. Lesendur vita að hverju þeir ganga þegar þeir opna Fréttablaðið.

**Allt sem þú þarft – alla daga**



Samkvæmt Gæðakönnun Capacent 12.–29. október. 2007, allir 18–49 ára.

512 50 50 Auglýsingasími


# Tjarnarbíó endurbyggt

**Gamla íshúsið í Tjarnargötu í Reykjavík sem nú er þekkt undir nafninu Tjarnarbíó hefur um langt skeið verið í umsjón sjálfstæðra leikhópa. Þar hafa skólar og smærri leikhópar staðið fyrir leiksýningum.**

Sjálfstæðir leikhópar hafa um nokkurn tíma haft áhuga á að breyta húsinu, byggja við það glerbyggingu, koma útgöngum og brunavörnum í lag og gera það hentugra til sýningarhalds. Hafa þeir sótt slíkar breytingartillögur til eigandans en Reykjavíkurborg stendur um þessar mundir í rekstri á tveimur leikhúsum, Borgarleikhúsinu og gamla Iðnó. Leikhópunum barst liðstyrkur þegar Alþjóðlega kvikmyndahátíðin sótti að fá að nota húsið og með þá liðveislu tókst að sannfæra borgaryfirvöld um að leggja fram fé til að endurbyggja húsið.

Ekki hefur dregið úr sannfæringu að hagsmunaaðilar lögðu fram afar vel unnar tillögur: þar er sýnt fram á hagræðið af fjárfestingu í búnaði og innréttingum. Verður húsið byggt upp að nýju, rétt sextíu og fimm árum eftir að Bretar breyttu því. Þar verður leiksvæði á gólfi, áhorfendasvæði í brekku og færanleg á stórum gólfleti. Byggð verður ljósaaðstaða og jafnframt sýningartjald fyrir kvikmyndir. Þá er aðgengi bætt, salernin lagfærð og aðstaða baksviðs.

Húsið var byggt 1913 og var starfrækt sem íshús allt til 1942. Lega hússins réðist af nálægðinni við Tjörnina og var húsið eitt þriggja íshúsa á bakka Tjarnarinnar. Mönnum hrýs í dag hugur við þá tilhugsun að ís úr Tjörninni var notaður til að ísa matvæli en það var raunin í marga áratugi.

Þegar breski herinn kom hingað tók hann húsið í sína umsjá og breytti því í bíó. Var til þess tekið hvað hljómburður var góður í húsinu, en verkfræðingadeild breska hersins sá um að byggja í það innvols. Við lok stríðsins komst húsið undir sáttmálasjóð sem rak þar kvikmyndahús. Þar var fyrsta textaða myndin sýnd og var kvikmyndahúsið Tjarnarbíó starfandi allt til þess að Háskólabíó var risið.



**LEIKLIST** Tjarnarbíó verður endurbyggt með fé frá Reykvíkingum. Íshús var það í eina tíð en hefur hýst margs konar starfsemi, lengst af sem bíó og leikhús sem það verður nú um ókomna framtíð.

Íþrótta- og tómstundaráð Reykjavíkur fékk þá húsið til umráða og stóð til að reka þar menningarsetur fyrir ungt fólk. Raunin varð sú að þar fengu inni leikflokkar og er Gríma þeirra þekktastur. Kvikmyndaklúbbur menntaskólanna, seinna Fjalakötturinn, var þar með aðsetur, en á áttunda áratugnum tók Háskólinn það á leigu. Við brotthvarf hans var húsið gert upp að innan og fært í upprunalegt horf, því sviðið væri enn byggt fram í salinn. Var húsið í lengri tíma ófullnægjandi sem samkomuhús, salernisaðstaða er þar slæm, fordyri of lítið og aðgengi fatlaðra ekkert. Sá eigandinn sæng sína því uppreidda. Leggur borgarsjóður nú til þær 150 milljónir sem ætlanir gera ráð fyrir að þurfi til að koma húsinu í viðeigandi ástand og byggja við það.

Leikhúsfólk hefur bent á að nú fækkar leikhúsum í borginni: Loftkastalinn er hættur og verður húsið rifið. Austurbæjarbíó hefur ekki náð stöðu og munu eigendur áhugasamir um breyttan rekstur í því. Iðnó er óhagstætt nema leiksýningar þar séu fámennar, tekur bara 120 gesti í sæti. Þá eru Háskólabíó og Borgarleikhús eftir. Aðstaða til leiksýninga í borginni er því ekki mikil.

pbb@frettabladid.is




Fær fjölskylda þín **endurgreiðslu?**

**Skráðu fjölskylduna á spron.is fyrir áramót**

og þú gætir tryggt henni endurgreiðslu þessa árs!

75 ára | spron

# „Bíbí er brilljant!“

Katrín Jakobsdóttir og Gerður Kristný
Mannamál, Stöð 2

★★★★★
Anna Kristine / DV

„**Heillandi** … ein besta þroskasaga stelpu sem ég hef lesið.“
Gunnþórunn Guðmundsdóttir / Morgunblaðið

„**Mögnuð** … með bestu ævisögum sem ég hef lesið, ef ekki sú besta.“
Guðríður Haraldsdóttir / Vikan

„Ég spændi hana í mig … **hittir mann beint í hjartastað.**“
Sigrún Birna Björnsdóttir / Helgarútgáfan, RÚV

„Fantagóð tök á stíl og frásagnarhætti … **mjög vel heppnuð.**“
Páll Baldvin Baldvinsson / Kiljan, RÚV

„**Stórmerkileg saga** … Þær renna svo glæsilega saman, Vigdís og Bíbí, í þessari sögu.“
Katrín Jakobsdóttir / Mannamál, Stöð 2

„[Lesandi getur] ekki einu sinni hvílt sig á lestrinum, svo **spennandi** verður frásagan.“
Katrín Jakobsdóttir / Mannamál, Stöð 2

„Fólk fær mikinn kraft við að lesa þessa bók … **mögnuð.**“
Arnþrúður Karlsdóttir / Útvarp Saga



VIGDÍS GRÍMSDÓTTIR




FJÓRÐA PRENTUN væntanleg

ÍSLENSKU BÓKMENNTA VERÐLAUNIN
TILNEFNING 2007

JPV ÚTGÁFA
www.forlagid.is

# Jóel fær hrós

Diskur Jóels Pálssonar, Varp, sem kom út fyrr á þessu ári, fær góðar umsagnir í erlendum blöðum. Boris Rabinowitch hjá Politiken segir: „Íslenskur jass á í Jóel Pálssyni tónlistarmann af alþjóðlegum gæðum. Tónlistarmann sem vekur athygli manns með sínum tjáningarríka blæ. Og þar kemur til fraseringagáfa af sjaldgæfri snilli.“ Í hollenska tímaritinu Jazzsenso segir: „Kovermyndin þar sem Jóel Pálsson situr fyrir með gasgrímu og saxófón fær mann til að búast við mjög tilraunakenndum diski. Sérstaklega þar sem Hilmar Jensson leikur með, þekktur úr sínu brautryðjandi hlutverki í hljómsveit Jims Blacks, Alas No Axis, og eigin hljómsveit, Tyft. „Varp“ er þvert á móti nútímaafbrigði af gamla sálardjassinum með dáleiðandi, dragandi hryn, fínlegum gítarleik og áköfum saxófónsólóum. Tónlist herra Pálssonar og íslenska kvintettsins hans er glóandi og fersk. Hann kann að nota hefðina án þess að detta í klisjur. „Varp“ er góður diskur sem kemur sérstaklega á óvart.“ - pbb



**TÓNLIST** Jóel Pálsson.




# Höggstaður skálds og Höfuðlausn

Afskaplega falleg bók, vönduð og gefur hvergi höggstað á sér þótt hún leiti vísast höggstaðar á öðrum – skáldi sínu og lesanda – einlæg bók og rík af ferskum hugmyndum um lífið og skáldskapinn. Meitluð og margslungin ljóð með þroskuðu sjálfstæðu skáldamáli, næmri myndvísi og markvissri orðsendingu. Bók sem kemur við lesandann þar sem honum líkar snertingin – hrifnæm áminning um þau ósjálfsögðu verðmæti sem skáldskapurinn ver og skapar innan og handan eigin vébanda.

Ljóðin eru hvergi bundin í brag en samin við eigið lag með tónmiklum hljómi og taktvissri hrynjandi víðast, smekklega stuðluð og stíga formföstum skrefum frá erindi til erindis þótt hátturinn sé frjáls. Orðfærið er leikandi ljóðrænt, kvenlegt og tvíeggja, málfarið stílhreint og tært en meðvitað um eigin brellur og margsaga þegar eitthvað er um að villast – en hvarvetna vaka í ljóðunum vísanir og tvíræð tákn sem teygja sig á milli ljóða og flétta efnisþræðina saman við leyndardóma persónanna sem þar eiga sér bæði skjól og skotmark í æði mislyndum veðrum.

Persónur bókarinnar eru tvær í forgrunni, ljóðmælandinn „ég“ sem er ung skáldkona og „þú“ sem er „horfinn sjónum“ – leyndardómur og ráðgáta og karlkyns eins- og sjálfur dauðinn sem hann tilheyrir, ef til vill þó tvöfaldur í roðinu og treystir þá á lesandann að koma ekki upp um sig – en krefur jafnframt skáldkonuna um að hjúpa sig tveimur tungum og verja þannig akkilesarhælinn svo ekki verði banabiti beggja. „Þú“ er fylgisveinn holdlegrar feigðar og vonbiðill heilags anda, fallvölt efnisvera og þrá um ódauðleik handan grafar, minning um síendurtekið feigðarflan jarðvistar, tilbrigði við eilífðina og vantrúna á sjálfvirkt framhaldslíf.



**GERÐUR KRISTNÝ SKÁLDKONA**

Yrkisefni þessarar gagnyrtu ljóðabókar eru ást og dauði, sorg og söknuður, almætti og eilífðarmál, ótti og uggur, náttúra og eðli, konan í sögunni, karlinn í konunni, snöggi bletturinn og sektin, ljóðið og tálið – stóru aukaatriðin sem auka við tilgang ljóðs og lífs og láta reyna á hvar mörkin hverfa.

Ris bókarinnar eru öll ljóðin frá bls. 12–29; þar sem „þú“ stígur fyrirvaralaust útúr þokunni í örlagaríku messufalli (12) og hverfur tveimur ljóðum síðar í raunverulegum harmleik í læknum við hvammkot (14), þar sem miskunnarlaus móðir náttúra í dulbúningi fjallkonunnar forfærir þýskan ferðalang á tortryggum öræfum og rænir hann fjöri að launum (16), þar sem „þú“ í titilljóðinu Höggstað brennir allar brýr að baki „mér“ og berar snögga blettinn (21), þar sem fall er fararheill ljóðmælandans (24) þótt fákurinn fljúgi til hafnar strax í ljóðinu öndvert og hrasi þar til ólífis niður þrepaðan hrundranga (25), þar sem líknandi egilsdóttir (þjóðskálds frá borg) krefur karlinn um nýja höfuðlausn í nafni jafnréttis kynjanna undir alræði ástarinnar (26-27) sem blossar upp að nýju í tveimur yndislegum brunaljóðum undir lokin (42 og 43) og bókstaflega þreytir hólmgöngu við fegurð náttúrunnar þar sem ljóðið sjálft er beggja vopn og báðar sigra (halda haus).

Lyktir: Ljóð er andsvar lífleysis, skjöldur gegn sverði, verja gegn vá, kvk gegn kk – með táknrænu vaffi og „múkki“.

Skáldkonan býður skallagrímssyni sögunnar að „ljóða sig til lífs“ – ljóðin bjóða lesanda sínum sömu meðferð. **Sigurður Hróarsson**



**BÓKMENNTIR**
**Höggstaður**
Gerður Kristný
★★★★

Auglýsingasími
512 5050
– Mest lesið

# Sala hafin á óperuna La Traviata

Nú er lag að tryggja sér miða á eina dáðustu óperu allra tíma, La Traviata eftir Giuseppe Verdi, sem verður færð upp í Íslensku óperunni í febrúar á komandi ári. Miðasala er hafin í miðasölu Íslensku óperunnar og á www.opera.is.

Enn fremur hefur Íslenska óperan gefið út sérstök gjafakort á sýninguna, sem einnig má kaupa í miðasölu Óperunnar, en handhafar gjafakorta munu eiga víst sæti á þessa vinsælu sýningu. Ráðgerðar eru minnst tíu sýningar á óperunni á tímabilinu frá 8. febrúar og fram í miðjan mars.

Það er Sigrún Pálmadóttir sópransöngkona sem syngur hlutverk Violettu Valéry, en hún hefur slegið rækilega í gegn í Þýskalandi, meðal annars í hlutverki hinnar ógæfusömu Violettu, og þreytir hún nú frumraun sína í aðalhlutverki á sviði Íslensku óperunnar. Með hlutverk elskhuga hennar, Alfredo Germont, fer Jóhann Friðgeir Valdimarsson tenórsöngvari, en hann er íslenskum óperugestum að góðu kunnur sem einn fremsti tenórsöngvari landsins og starfar auk þess bæði austan hafs og vestan. Þá syngur Tómas Tómasson, bassa-barítónsöngvari, hlutverk föður Alfredo, Giorgio Germont, en hann starfar víða um heim við góðan orðstír. Leikstjóri er Jamie Hayes og hljómsveitarstjóri er tónlistarstjóri Íslensku óperunnar, Kurt Kopecky. - pbb



**TÓNLIST** Sigrún Pálmadóttir óperusöngkona fer með hlutverk hinnar óhamingjusömu gleðikonu, Violettu.

„MÖGNUÐ – EIN ÞÝÐINGARMESTA BÓK OKKAR TÍMA.“
Þórunn Sigurðardóttir, stjórnandi Listahátíðar / Samfélagið í nærmynd, RÚV

„Grimm og átakanleg frásögn af því hvernig venjulegum börnum er breytt í atvinnumorðingja.“
The Guardian UK

„ÞAÐ KOM MÉR Á ÓVART HVAÐ ÞETTA ER FALLEG SAGA ... ÞEGAR UPP ER STAÐIÐ SÝNIR HÚN MANNI HVAÐ MANNESKJAN ER BÓKSTAFLEGA ÓTRÚLEGA STERK.“
Birna Anna Björnsdóttir / Morgunblaðið

„MÉR FANNST ÞETTA VERA SÖNN FRÁSÖGN OG HÚN SNERTI MIG AÐ SAMA SKAPI MEIRA EN TIL AÐ MYNDA FLUGDREKAHLAUPARINN.“
Þráinn Bertelsson / Fréttablaðið




JPV ÚTGÁFA
www.forlagid.is



# HARÐIR PAKKAR FRÁ NÝHERJA





## Canon EOS 400 D

**18-55mm linsa - 1GB minniskort**

Myndavélin sem hefur slegið í gegn hjá áhugasömum ljósmyndurum. Yfirburða 10.1 milljón punkta CMOS myndflaga og innbyggður rykhreinsibúnaður færa þér aðalsmerki EOS sem felast í skörpum og hreinum myndum.

Verð: **84.900 kr.**



## Canon MP970

MP970 er toppurinn í fjölnota ljósmyndaprenturum og er hannaður fyrir áhuga- og atvinnuljósmyndara. Náðu hámarks gæðum með sjö blekhylkjum eða einfaldlega settu 35mm filmuna á stafrænt form.

Verð: **32.900 kr.**



## Canon DC220

DC220 er breiðtjaldsupptökuvél sem tekur beint á DVD auk þess að taka kyrrmyndir. 35x optical zoom linsa, framsýnir eiginleikar til að stjórna vélinni og þá er hægt að geyma allt að 108 mínútur af efni á einum Dual Layer disk.

Verð: **49.900 kr.**



## My Book 320 GB flakkari

Stílhreinn flakkari með 500GB hljóðlátum hörðum disk. Ekkert vesen, setur hann í samband og byrjar strax að setja kvikmyndirnar, tónlistina og ljósmyndirnar inn á hann. Hugbúnaður frá Google fylgir.

Verð: **18.900 kr.**



## Bose SoundDock Portable

SoundDock Portable ferðahljómtækið býr yfir öllum kostum SoundDock. Að auki færðu endingargóða lithium hleðslurafhlöðu sem gerir þér kleift að taka tækið með hvert sem er. Á SoundDock Portable er tengi þar sem hægt er að tengja annan búnað, s.s. tölvur og geislaspilara.Vögguna fyrir iPodinn er hægt að fella inn í tækið. Hægt að fá sérhannaða tösku til að auðvelda flutning.

Verð: **49.900 kr.**



## Canon Ixus70

Hönnun Ixus 70 er stórglæsileg. Búin leiðandi tækni frá Canon sem skilar afköstum er jafnast á við ómótstæðilegt útlit.

Verð: **29.900 kr.**



## Lenovo ThinkPad R61

Traustar, krafmiklar og góðar fartölvur sem endast og endast.

Verð: **159.900 kr.**



**NÝHERJI**

Nýherji hf. | Borgartúni 37 | 105 Reykjavík | Sími 569 7700 | www.nyherji.is

# Fólk

folk@frettabladid.is



**> VISSIR ÞÚ?**

Spjallþáttadrottningin Oprah Winfrey átti að heita Orpah í höfuðið á mágkonu Rutar í biblíunni. Nafnið var hins vegar stafað vitlaust á fæðingarvottorðinu og festist við stúlkuna.

# Guðmundur rekinn í gríni

„Þetta kallar maður vini sína," segir Guðmundur R. Gíslason, forseti bæjarstjórnar í Fjarðabyggð og söngvari í gleðisveitinni Sú Ellen. Félagar hans í hljómsveitinni tilkynntu honum með SMS-skeyti aðfaranótt sunnudags að hann væri rekinn úr sveitinni. Þetta kom söngvaranum í opna skjöldu og enginn félaganna svaraði skilaboðum hans þegar hann reyndi að fá útskýringar á brottrekstrinum. Guðmundur bloggaði sjálfur um brottreksturinn og í kjölfarið var mikil umræða í gangi á netinu. Það var svo ekki fyrr en í gær að í ljós koma að um hrekk var að ræða.

„Þeir höfðu nú reyndar ekki samband fyrr en allt var orðið vitlaust og þá höfðu þeir haft fregnir af því að ég væri að undirbúa gagnsókn," segir Guðmundur og viðurkennir að hljómsveitin hafi nú alltaf verið bölvað hrekkjulómafélag.

Sú Ellen hefur ekki haft sig mikið í frammi að undanförnu, komið fram á hátíðarstundum tvisvar til þrisvar á ári en Guðmundur segir að þetta eigi eflaust eftir að verða til þess að hljómsveitarmeðlimir verði kallaðir saman von bráðar. „Ég get ekki beðið eftir að hitta þá," lýsir Guðmundur yfir en hann hafði fengið þó nokkuð af skilaboðum, átti ófá ósvöruð símtöl og bæði vinir og kunningjar höfðu lýst yfir undrun sinni með þennan ráðahag og líkt þessu við að Ronnie Wood hefði upp á sitt einsdæmi rekið Mick Jagger úr Rolling Stones. **- fgg**



**REKINN Í GRÍNI** Guðmundur Gíslason var rekinn en síðar kom í ljós að um hrekk var að ræða.



**SÚ ELLEN** Mikið hrekkjalómafélag.

# *Misskilin frímerki*

Pósturinn gaf út jólafrímerki í ár líkt og áður en nú ber svo við að þau eru hringlaga í stað þess að fera ferhyrnd enda þemað laufabrauð. Það er þó ekki eina nýjungin því frímerkin eru auk þess sjálflímandi. Einhver misbrestur virðist þó vera á því að Íslendingar átti sig á þessari byltingu því sumir þeirra sleikja bakhlið límmiðans af ákafa en án árangurs. Nokkrir hafa hreinlega gefist upp og leyst málið með því að líma frímerkið fast á umslagið með límbandi.

„Það hefur verið töluverður misskilningur í gangi," segir Ágústa Hrund Steinarsdóttir, forstöðumaður markaðsdeildar Póstsins. „Fólk virðist ekki vera að kveikja á því að frímerkin séu sjálflímandi. Þau eru á ferköntuðum spjöldum en fólk á að taka hringinn af spjaldinu og líma hann svo beint á umslagið. Við héldum að þetta væri augljóst en það er greinilega ekki svo."

Ágústa segir að þegar hafi borist töluvert af fyrirspurnum um hvers vegna frímerkin virki ekki sem skyldi enda jólavertíðin í fullum gangi hjá Póstinum. Það er vonandi að misskilningurinn sé hér með úr sögunni og að Íslendingar geti notið þess að eyða munnvatninu í annað en frímerkjasleikingar í desembermánuði. **- sók**



**NÝTT FRÍMERKI** Ágústa Hrund Steinarsdóttir hjá Póstinum segir að töluvert margir reyni að sleikja nýja jólafrímerkið sem er límmiði og því sjálflímandi.


**Veltisagir**



MAKITA LF1000.
Öflug og lipur veltisög.
Frábært verð.

ÞÓR HF
REYKJAVÍK - AKUREYRI

ÁRMÚLA 11 | Sími 568-1500 | Lónsbakka | Sími 461-1070 | www.thor.is





# Upp á topp á 20 sekúndum

**Lyfturnar í háhýsinu við Smáratorg verða þær hraðskreiðustu á landinu. Bjössi í World Class mælir með því að fólk taki stigana og ætlar að standa fyrir keppni í stigahlaupi fljótlega á nýju ári.**

„Ég hef allavega aðeins farið stigana fram að þessu og það er virkilega erfitt að jogga þetta upp á 15. hæð. Það liggur við að stigarnir séu ígildi upphitunar," segir Björn Leifsson, eigandi World Class, sem opnar glænýja stöð á 15. hæð í háhýsinu við Smáratorg. Stöðin mun opna með pomp og prakt hinn 4. janúar næstkomandi og mælir Björn með því að sem flestir gestir stöðvarinnar taki stigann til að komast að henni, en lyfturnar í byggingunni verða þær hraðskreiðustu á landinu. Alls munu verða fimm lyftur í húsinu, þar af fjórar sem taka 13 manns og ein sem getur borið 16 manns.

„Þessar lyftur fara fjóra metra á sekúndu. Ég held að ég geti fullyrt að engin önnur lyfta á Íslandi fari hraðar en tvo metra á sekúndu," segir Eiríkur Karlsson, framkvæmdastjóri Kono á Íslandi, sem framleiðir lyfturnar. Turninn er 77,9 metrar á hæð og 20 hæðir, sem þýðir að lyfteferðin frá jarðhæð og upp á efstu hæð mun taka tæplega 20 sekúndur.

Til samanburðar má nefna að hraðskreiðustu lyftur sem framleiddar hafa verið fóru 13 metra á sekúndu. Þær voru þó fljótlega lagðar af þar sem í ljós kom að líkaminn þolir ekki slíkan hraða. „Hámarkshraðinn í dag er á bilinu 7-9 metrar á sekúndu," segir Eiríkur, en slíkar lyftur eru tíðar í háhýsum New York og annara vestrænna stórborga. Eiríkur segir að þeir sem eru gjarnir á að fá hellu fyrir eyrun séu líklegir til að finna fyrir einhverjum óþægindum í Smáraturninum. „En lyftuferðin verður þó með öllu skaðlaus," ítrekar Eiríkur.

Bjössi í World Class hefur ákveðið að standa fyrir keppni í stigahlaupi fljótlega á nýju ári. „Þá verður öllum frjálst að taka þátt, hvort sem þeir eru meðlimir World Class eða ekki," segir Björn, sem sjálfur hefur aðeins reynslu af stigunum, allavega enn sem komið er.

Og Bjössi viðurkennir að þar sem hann sé ein helsta táknmynd líkamsræktar á Íslandi sé líklegt að áframhald verði á þeim samgöngumáta – hann geti með engu móti stuðst við lyfturnar í turninum með góðri samvisku.

„Ég kannski leyfi mér að nota þær við og við þegar ég fer niður," segir hann og hlær.

**vignir@frettabladid.is**



**SMÁRATURNINN** Er 77,9 metrar á hæð og telur 20 hæðir. Fimm lyftur verða í húsinu sem bera samtals um 70 manns. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



**BJÖRN LEIFSSON** Segir stigaganginn upp á 15. hæð jafnast á við fína upphitun.

# Gunnar Bjarni spilar tökulög

Gunnar Bjarni Ragnarsson, gítarleikari Jet Black Joe, er þessa dagana að undirbúa tónleika með nýrri tökulagahljómsveit sem gengur undir vinnuheitinu Deep Black Zeppelin.

„Ég hef aldrei gert þetta áður. Þetta er mikil áskorun og mun meira skapandi en ég átti von á," segir Gunnar Bjarni um nýju sveitina. Hann segist lengi hafa hlustað á hinar fornfrægu sveitir Deep Purple, Black Sabbath og Led Zeppelin, sem nafn hljómsveitarinnar vísar til. „Þetta eru frumkvöðlahljómsveitir í rokkinu. Mér hefur alltaf fundist þetta seventís-tímabil mjög skemmtilegt fyrir gítarrokkið. Svo fengum við líka ungan söngvara (Brynjar Örn Gunnarsson) sem tekur Zeppelin svona rosalega flott. Ég hélt að svona söngvari væri ekki til hérna og ég er viss um að hann á eftir að koma á óvart."

Zeppelin hélt einmitt endurkomutónleika í London fyrir skömmu og segist Gunnar Bjarni ákveðinn í að sjá þá ákveði þeir að halda áfram. „Það er skemmtilegt að þeir eru að spila núna og ef The Cult hitar upp fyrir þá væri það náttúrulega snilld. Þetta er eitthvað sem maður reynir ekki að missa af."

Jet Black Joe spilar í Laugardalshöll á næsta ári og hlakkar Gunnar Bjarni mikið til. „Það verður líka mjög skemmtilegt verkefni og ég hlakka til að spila með Gospelkórnum. Það verður ný upplifun og fólk virðist vera mjög spennt fyrir þessu."

Fyrstu tónleikar Deep Black Zeppelin verða á Gauki á Stöng nítjánda desember. **- fb**



**GUNNAR BJARNI** Gunnar Bjarni Ragnarsson er að undirbúa tónleika með hljómsveitinni Deep Black Zeppelin. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

# Þekktar konur í dagatalsbók



KOMU Í PARTÍ Kolbrún Halldórsdóttir og Áslaug Jónsdóttir létu sig ekki vanta í glamúrpartí Sölku.

„Sjálfstraustið býr í brjósti okkar, ekki í brjóstunum á okkur," skrifar rithöfundurinn og fyrrverandi alþingiskonan Guðrún Helgadóttir í stórskemmtilegri dagatalsbók sem Salka gaf út á dögunum. Bókin er sérhönnuð fyrir konur og hefur fengið heitið „Konur eiga orðið allan ársins hring". Um 80 íslenskar konur komu að vinnslu bókarinnar og síður hennar prýða mismunandi gullkorn úr öllum áttum. Meðal landsþekktra kvenna sem eiga stuttar hugleiðingar í bókinni eru stjórnmálakonurnar Svandís Svavarsdóttir, Katrín Jakobsdóttir og Oddný Sturludóttir, rithöfundarnir Guðrún Eva Mínervudóttir, Vigdís Grímsdóttir, Marta María Jónasdóttir og Þóra Sigurðardóttir, mæðgurnar Védís Hervör Árnadóttir og Bryndís Guðmundsdóttir og matgæðingurinn Sólveig Eiríksdóttir. Síðastliðinn föstudag var haldið mikið „glamúr- og gleðipartí" hjá Sölku þar sem útgáfu bókarinnar var fagnað.

Upphafið að gerð bókarinnar var á síðasta ári þegar Salka hóf að senda keðjupóst til kvenna og biðja þær um að setja hugleiðingar sínar á blað. Keðjan slitnaði ekki, hinar ýmsu pælingar hrönnuðust upp og afraksturinn má sjá í bókinni. Nú hefur verið opnuð heimasíða á slóðinni www.konureigaordid.is en þar geta konur komið hugleiðingum sínum á framfæri og hugsanlega verið með í næstu bók. Hluti af ágóðanum af sölu bókarinnar rennur til rannsókna á þunglyndi kvenna.

- sók



FRÍÐUR HÓPUR Hugrún, Soffía, Sigrún og Svanfríður.



FAGRIR OG HÁRPRÚÐIR Ómari Ragnarssyni og Gísla Einarssyni fannst liggja beint við að halda sameiginlegt útgáfuteiti og nefna það Hár og fegurð 2007.



MARGIR GESTIR Gestirnir í teiti Ómars og Gísla kunnu vel að meta veitingarnar; kakó, kleinur og randalínur.

# Hár og fegurð Gísla Einars og Ómars

Sjónvarps- og fréttamennirnir Ómar Ragnarsson og Gísli Einarsson héldu útgáfuteiti fyrir samstarfsmenn sína í Útvarpshúsinu í Efstaleiti í gær. Yfirskriftin var Hár og fegurð 2007 og boðið var upp á þjóðlegar veitingar eins og gestgjafanna tveggja er von og vísa; kakó, kleinur og randalínur. Tilefnið var útgáfa DVD-diska með efni úr þáttum þeirra félaga, annars vegar Út og suður og hins vegar Stiklum.

Fjölmargir lögðu leið sína niður á hið svokallaða Markúsartorg Útvarpshússins til þess að samgleðjast Ómari og Gísla. Hljómsveitin Hundur í óskilum söng fyrir viðstadda og gerði mikla lukku.

Reikna má með því að margir fagni útgáfu diskanna enda seldist síðasti diskurinn af Út og suður upp fyrir síðustu jól og Stiklur Ómars hafa löngum átt miklum vinsældum að fagna meðal landsmanna.

- sók



HEKLA Laugavegi 172-174 · sími 590 5000 · www.hekla.is · hekla@hekla.is

## FRÉTTIR AF FÓLKI

Óprúttnir þjófar brutust inn á heimili leikkonunnar **Charlize Theron** í Hollywood. Ekki er vitað hvað þeir tóku eða hvort Theron hafi verið heima hjá sér þegar innbrotið átti sér stað. Theron er ekki eina stjarnan í Hollywood sem hefur lent í innbrotsþjófum á árinu því Faith Hill, Tim McGraw og John Taylor úr Duran Duran hafa einnig lent í klónum á þeim.



Breska söngkonan **Amy Winehouse** er staðráðin í því að spila á Grammy-verðlaunahátíðinni þrátt fyrir að hafa verið handtekin í Noregi með marijúana í fórum sínum. Winehouse hlaut sex tilnefningar til Grammy-verðlaunanna í síðustu viku, þar á meðal fyrir bestu plötuna og sem besti nýliðinn. Svo gæti farið að vegna handtökunnar fái hún ekki að stíga fæti inn í Bandaríkjanna og missi því af verðlaunaathöfninni í febrúar á næsta ári.



Átta lög af nýjustu plötu **Radiohead**, In Rainbows, verða í endurhljóðblönduðum útgáfum á nýrri plötu sem kemur út 10. janúar. Platan heitir Rainydayz og stendur plötusnúðurinn og upptökustjórinn Aplive maðurinn á bak við hana. Á meðal þeirra sem syngja á plötunni verða Del Tha Funkee Homosapien, Too Short og Zion.



Hjartaknúsarinn **George Clooney** ætlar að heimsækja Darfur-hérað í annað sinn í næsta mánuði. „Ég er ekki stjórnmálamaður. Með því að fara þangað vil ég draga athygli að svæðinu," sagði Clooney, sem er 46 ára. „Við ætlum að fara langt inn í Darfur-hérað, reyna að taka myndir í flóttamannabúðunum og ræða við fólkið sem býr þar. Ef þú sérð frægt fólk í ljótum aðstæðum þá horfir fólk á það."








## > Tromsö vill fá Hannes

Norska blaðið Aftonbladet greindi frá því í gær að norska úrvalsdeildarfélagið Tromsö hefði gert tilboð í framherjann Hannes Þorstein Sigurðsson sem leikur með Viking í sömu deild. Tilboðinu var hafnað og Tromsö hefur ekki ákveðið hvort það geri annað tilboð í Hannes en mun halda viðræðum við Viking áfram. Talið er að Hannes eigi erfiða baráttu fram undan um sæti í liði Viking og því er líklegra en ekki að félagið sé tilbúið að selja hann.



# sport

sport@frettabladid.is

**JÓN HALLDÓR EÐVALDSSON HJÁ KEFLAVÍK:** BESTI ÞJÁLFARI 1. TIL 9. UMFERÐAR MÆTIR Í DHL-HÖLLINA Í KVÖLD

## *Búið að vera sérstaklega erfitt fyrir þjálfarann*

Jón Halldór Eðvaldsson, þjálfari Keflavíkur, var valinn besti þjálfarinn í 1. til 9. umferðar Iceland Express-deildar karla. Fram undan er síðan toppslagur við KR í DHL-höllinni í kvöld.

Jón Halldór hefur gert frábæra hluti með Keflavíkurliðið sem hefur orðið fyrir hverju áfallinu á fætur öðru. „Það er gaman að fá viðurkenningu fyrir það sem vel er gert. Þetta er búið að vera rosalega erfitt og þá sérstaklega fyrir þjálfarann. Ég hef verið að reyna að púsla þessu saman og fá allt til að stíga upp og gera góða hluti. Það er erfitt og sérstaklega í ljósi þess að við erum búin að missa fjóra af byrjunarliðsmönnunum síðan í fyrra,“ segir Jón Halldór, sem stýrði Keflavíkurliðinu til sigurs í 8 af 9 fyrstu leikjunum.

Hver er helsti munurinn á Keflavíkurliðinu frá því í fyrra? „Ég fæ meira frá fleirum. Ingibjörg er með betri tölur en í fyrra, Hrönn hefur komið sterk inn og Marín er að skila fínum tölum. Svo fengum við Pálínu sem er gríðarlegur styrkur fyrir okkar lið og hún hefur spilað frábærlega. Kara er ótrúlegur gríslingur, er eins og lítill ísbjörn inni á vellinum og gerir allt fyrir okkur,“ segir Jón Halldór og hann er í skýjunum með bandaríska leikmanninn sinn. „Það er lykilatriði að hafa fengið sama leikmanninn aftur, hún þekkir liðið vel og hún er líka sigurvegari. Hún drífur þær áfram með sér,“ segir Jón Halldór. Hann segir Kesha Watson skilja hlutverkið sitt vel. „Við höfum náð mjög vel saman, ég og hún. Þegar við töluðum saman áður en hún fór í vor þá talaði hún um að hún ætlaði að koma aftur og klára það sem hún kom til Íslands að gera,“ segir Jón Halldór. Liðið mætir KR í kvöld sem er í öðru sæti, tveimur stigum á eftir Keflavík og taplaust á heimavelli sínum.

„Þetta verður uppgjör. KR-stelpurnar hafa verið gríðarlega sterkar það sem af er móti og ég sagði það líka fyrir mótið að þær ættu eftir að koma á óvart,“ segir Jón Halldór.





**EKKI ÁNÆGÐUR** Mirko Slomka, þjálfari Schalke 04. NORDICPHOTOS/GETTY

Schalke-menn í ruglinu:

## Gómaðir á næturklúbbi

**FÓTBOLTI Schalke 04 hefur tekið þá Mladen Krstajic og Ivan Rakitic út úr hópnum fyrir leikinn á móti Rosenborg í Meistaradeildinni í kvöld.**

**Leikmennirnir sáust í næturklúbbi í Duisburg aðfaranótt sunnudagsins en Jermaine Jones, sem var með þeim, hlaut aðeins sekt. Mirko Slomka, þjálfari liðsins, varð alveg brjálaður þegar hann sá myndir af þeim félögum úti á lífinu eftir 2-2 jafnteflisleik við Eintracht Frankfurt.**

**Þá voru aðeins þrír dagar í stærsta leik tímabilsins til þessa en Schalke er í harðri baráttu við norska liðið um sæti í sextán liða úrslitum. Krstajic er 33 ára Serbi og lykilmaður í vörn liðsins en Rakitic er 19 ára miðjumaður frá Króatíu sem hefur spilað alla leiki liðsins í Meistaradeildinni í ár.** - óój

# Nær Roma fram hefndum?

**Lokaumferð riðlakeppni Meistaradeildar Evrópu fer fram í kvöld. Enn eru tvö laus sæti í sextán liða úrslitunum. Rangers, Lyon, PSV og Fenerbahce berjast um þau en Roma og Manchester United spila upp á stoltið á Ítalíu.**

**FÓTBOLTI** Lokaumferð riðla E, F, G og H í riðlakeppni Meistaradeildar Evrópu fer fram í kvöld og enn eru tvö sæti laus í sextán liða úrslitum keppninnar. Baráttan stendur á milli Rangers og Lyon í E-riðli og PSV og Fenerbahce í G-riðli, en Barcelona, Roma, Manchester United, Inter, Arsenal og Sevilla hafa þegar tryggt sér sæti í sextán liða úrslitunum.

Sannkallaður úrslitaleikur fer fram í E-riðli þegar Rangers fær Lyon í heimsókn á Ibrox-vellinum í Glasgow. Liðin eru jöfn í 2.-3. sæti með sjö stig en Rangers stendur betur að vígi eftir að hafa unnið fyrri leik liðanna með miklum yfirburðum, 0-3, og nægir því jafntefli í leiknum.

**Lyon verður að vinna**

Franska liðið verður því að vinna leikinn til þess að komast áfram, en hvorugt liðið á möguleika á að ná Eiði Smára og félögum í Barcelona sem er með ellefu stig á toppnum og mætir botnliði riðilsins, Stuttgart, í kvöld.

Spilað verður upp á stoltið í lokaumferð F-riðils þar sem Manchester United og Roma eru þegar komin áfram, en liðin eigast einmitt við í lokaumferðinni.

Bæði lið eru líkleg til þess að gefa ungum leikmönnum tækifæri til að spreyta sig í leiknum, en það þarf líklega ekki að minna neinn Rómverja á hvað gerðist í átta liða úrslitum keppninnar í fyrra, þegar United niðurlægði Roma 7-1 í seinni leik liðanna eftir að Roma hafði unnið fyrri leikinn 2-1.

Ítalirnir hyggja því eflaust á hefndir. Vinni United hins vegar verður liðið aðeins það fjórða í sögu Meistaradeildarinnar til þess að vinna alla leiki sína í riðlakeppninni.



**MIKILVÆGUR** Wayne Rooney verður fyrirliði hjá fremur ungu og óreyndu United-liði sem mætir Roma í Meistaradeildinni í kvöld. NORDIC PHOTOS/GETTY IMAGES

Í hinum leik riðilsins eigast við Sporting og Dinamo Kiev, en úkraínska liðið er enn án stiga í riðlinum og það er því ekki seinna vænna að bæta úr því í Portúgal í kvöld.

Baráttan í G-riðli stendur á milli Fenerbahce og PSV en bæði lið eiga heimaleik í lokaumferðinni. Staða Fenerbahce er mun ákjósanlegri þar sem liðið mætir botnliði CSKA Moskvu á meðan PSV spilar gegn toppliði Inter sem er þegar búið að vinna riðilinn.

**PSV þarf að leggja Inter að velli**

Enn fremur hefur Fenerbahce einu stigi meira en PSV og betri árangur úr innbyrðisleikjum liðanna, þannig að PSV verður að sigra Inter og þarf á sama tíma að treysta á að CSKA Moskva nái í það minnsta jafntefli gegn Fenerbahce í Tyrklandi.

Í H-riðli hafa Arsenal og Sevilla þegar tryggt sér sæti í sextán liða úrslitum en ekki er ljóst hvort liðið vinnur riðilinn.

Eins og stendur er Sevilla á toppnum með tólf stig og á útileik gegn Slaviu Prag og Arsenal er með tíu stig og mætir Steaua Bucharest á Emirates-vellinum.

omar@frettabladid.is

**LEIKIR KVÖLDSINS.**

| | | |
|---|---|---|
| Rangers-Lyon | Sýn | kl. 19.45 |
| Barcelona-Stuttgart | | kl. 19.45 |
| Roma-Man. Utd. | Sýn Extra 2 | kl. 19.45 |
| Sporting-Dinamo Kiev | | kl. 19.45 |
| PSV-Inter | Sýn Extra | kl. 19.45 |
| Fenerbahce-CSKA Moskva | | kl. 19.45 |
| Arsenal-Steaua | | kl. 19.45 |
| Slavia-Sevilla | | kl. 19.45 |



**HÖFUNDURINN** Víðir Sigurðsson hefur gefið út Íslenska knattspyrnu í meira en aldarfjórðung. FRÉTTABLAÐIÐ/VÖLUNDUR

Íslensk knattspyrna 2007:

## 27. bókin er komin út

**FÓTBOLTI** Bókin Íslensk knattspyrna 2007 er komin út hjá bókaútgáfunni Tindi og er þetta 27. bókin í röðinni.

Víðir Sigurðsson, íþróttafréttamaður á Morgunblaðinu, er höfundur bókarinnar eins og allar götur síðan 1982 en hann kom ekki að fyrstu bókinni árið 1981.

Bókin er 224 síður í stóru broti og prýdd rúmlega 300 myndum af leikmönnum og liðum úr öllum deildum og öllum aldursflokkum. Ítarleg umfjöllun er um hverja umferð í Landsbankadeildum karla og kvenna og 1. deild karla og eins er umfjöllun um 2. og 3. deild karla, 1. deild kvenna og utandeildakeppnina.

Fjögur stór viðtöl eru í bókinni; við Sigurbjörn Hreiðarsson, fyrirliða Íslandsmeistara Vals, við Katrínu Jónsdóttur, fyrirliða Íslandsmeistara Vals og kvennalandsliðsins, við Rúnar Kristinsson, nýráðinn yfirmann knattspyrnumála hjá KR, og við Ólaf Jóhannesson, nýráðinn þjálfara karlalandsliðs Íslands.

Í bókinni er að finna öll úrslit í öllum leikjum á vegum KSÍ á árinu 2007, en Bókaútgáfan Tindur og KSÍ hafa samvinnu um birtingu þeirra. - óój



# Getur ekki beðið um betri liðsfélaga

**Kesha Watson þakkar félögum sínum í Keflavíkurliðinu fyrir að trúa á sig og treysta sér. Hún er besti leikmaður fyrstu níu umferðanna í Iceland Express deild-kvenna en Keflavík nældi í 5 af 7 verðlaunum í boði.**

**KÖRFUBOLTI** Körfuknattleikssambandið afhenti í gær verðlaun fyrir bestu frammistöðuna í 1. til 9. umferð Iceland Express-deildar kvenna.

Þetta er sú fyrsta af þremur verðlaunaafhendingum vetrarins og það er óhætt að segja að Keflavík hafi tekið til sín sviðsljósið en þangað fóru fimm af sjö verðlaunum, þar af var Kesha Watson kosinn besti leikmaðurinn og Jón Halldór Eðvaldsson besti þjálfarinn. Jón Halldór er ánægður með sínar stelpur. „Þetta er mikil viðurkenning fyrir liðið mitt en ekki bara fyrir þessa þrjá leikmenn. Þær væru ekki að spila svona vel nema að hinar væru svona góðar,“ segir Jón.

Kesha Watson hefur spilað frábærlega í vetur og bætt sig í nánast allri tölfræðinni frá því í fyrra. „Ég er rosalega þakklát fyrir að fá þessa viðurkenningu og hún er mér mikils virði,“ sagði Kesha eftir að hafa verið valin best.

„Við höfum byrjað tímabilið mjög vel og vonandi náum við að fylgja eftir þessari góðu byrjun. Við erum allar með eitt markmið og á sömu blaðsíðunni. Við skoðum silfrin frá því í fyrra á hverjum degi og það er hvatning fyrir okkur allar,“ segir Kesha sem vill samt ekki gera of mikið úr sínum afrekum.



**FIMM TIL KEFLAVÍKUR** Kesha Watson, Pálína Gunnlaugsdóttir og Margrét Kara Sturludóttir með verðlaun sín ásamt Jóni Halldóri Eðvaldssyni. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

### Stelpurnar setja mikið traust á mig

„Þetta snýst ekki um mig heldur Kef og það sem liðið okkar getur afrekað saman. Stelpurnar í liðinu setja mikið traust á mig og þær trúa á mig og ég einbeiti mér að því að spila eins vel og ég get,“ segir Kesha hógvær að vanda. Það er engin hógværð yfir tölunum hennar en Kesha var með 30,2 stig, 77,7 fráköst og 6,3 stoðsendingar að meðaltali í fyrstu 9 umferðunum. Hún var auk þessi í 2. sæti í skotnýtingu og með bestu vítanýtinguna.

Kesha hrósar mikið Margréti Köru Sturludóttur og Pálínu Gunnlaugsdóttur sem spila við hlið hennar í Keflavíkurliðinu og voru líka valdar í úrvalsliðið.

„Þær eru báðar frábærir leikmenn og eru ótrúlegir frákastarar. Þær eru báðar mjög góðir varnarmenn og það er ekki hægt að biðja um betri liðsfélaga. Þær koma báðar með mjög mikið fyrir þetta lið og ég veit ekki hvað við myndum gera án þeirra. Þær spila eins og þær séu 193 eða hærri og hafa risastórt hjarta,“ segir Kesha um þær Köru og Pálínu en báðar eru þær á lista yfir frákasthæstu leikmenn þótt að þær séu ekki með hávöxnustu leikmönnum deildarinnar.Kara hefur sýnt ótrúlega fjölhæfni í vetur, er með 11,8 stig, 11,1 frákast og 4,2 stosðendingar að meðaltali í leik og er sem dæmi meðal sex efstu í fjórum af fimm stærstu tölfræðiþáttunum.



**BEST** Kesha Watson hefur spilað frábærlega með Keflavík. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Pálína hefur aukið meðalskor sitt um rúm 3 stig í leik og er með 13 stig og 5,7 fráköst að meðaltali.

Keflavík hefur glímt við meiðsli í vetur og Kesha sjálf missti úr þrjá leiki vegna meiðsla.

„Stelpurnar hvöttu mig áfram og sögðu mér að vera þolinmóða og taka enga óþarfa áhættu því þær vildu hafa mig með í allan vetur. Ég er þakklát fyrir þeirra stuðning,“ segir Kesha sem er komin aftur af stað ólíkt Bryndísi Guðmundsdóttur sem sleit krossbönd og verður ekki meira með.

„Við söknum B (Bryndísar) mikið því hún var stór hluti af okkar liði. Liðið hefur samt þroskast mikið á einu ári og nú eru allir leikmenn tilbúnir ef það þarf að leita til þeirra. Við pössum líka upp á hver aðra eins og við séum í sömu fjölskyldu,” segir Watson og hún segir Keflavíkurliðið vera með stórt hjarta. „Hæð vinnur aldrei stórt hjarta,“ segir Kesha og það fer ekki framhjá neinum sem umgengst þennan frábæra leikmann að þar fer bæði mikill leiðtogi og mikill sigurvegari.

Auk Keshu, Köru og Pálínu voru þær Monique Martin úr KR og Kristrún Sigurjónsdóttir úr Haukum í úrvalsliðinu. Martin er stigahæsti leikmaður deildarinnar með 35,7 stig í leik og í 2. sæti í fráköstum með 17,6 að meðaltali. Kristrún hefur tekið við mikilli ábyrgð í Haukaliðinu og var með 17,6 stig, 6,8 fráköst og 2,8 stoðsendingar að meðaltali í fyrstu níu umferðunum.

**ooj@frettabladid.is**



**VERÐLAUNAHAFARARNIR** Þessi sex stóðu sig best í fyrsta hluta. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR



**ÞJÁLFARINN** Kenneth Webb hefur gert góða hluti með Skallagrímsliðið. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

Þjálfari Skallagríms:

## Enn liðtækur í boltanum

**KÖRFUBOLTI** Kenneth Webb, þjálfari Skallagríms í Iceland Express-deild karla, lék fimmtán ár sem atvinnumaður í Bandaríkjunum, Venesúela, Katar og Portúgal en hann var valinn af New Jersey Nets í sama nýliðavali og Pétur Guðmundsson árið 1981.

Webb hefur verið að leika sér með b-liði Skallagríms í 2. deildinni í vetur og hann hefur engu gleymt þótt hann sé orðinn 48 ára gamall.

Webb skoraði þannig 32 stig í 86-85 sigri á Haukum í byrjun mánaðarins þar sem þessi tveggja metra maður setti meðal annars niður fjórar þriggja stiga körfur.

**- óój**

Dwyane Wade hjá Miami:

## Farinn að spila sinn besta leik

**KÖRFUBOLTI** Dwyane Wade, leikmaður Miami Heat í NBA-deildinni, er allur að koma til eftir að hafa misst úr marga mánuði vegna axlarmeiðsla.

Wade missti af sjö fyrstu leikjum Miami í vetur og fór síðan rólega af stað þegar hann hóf að spila á ný. Hann hefur hins vegar spilað eins og hann getur best í síðustu þremur leikjum.

Wade var með 31 stig og 6 stoðsendingar í 117-113 sigri á Phoenix og 33 stig og 10 stoðsendingar í röð þar á undan, 100-94 sigri á Clippers og 113-120 tapi fyrir Golden State.

Wade var með 20,1 stig og 5,1 stoðsendingu að meðaltali í nóvember en hefur hækkað það meðaltal upp í 26,2 stig og 8,0 stoðsendingar í desember.

**- óój**



Hin fallna NFL-stjarna, Michael Vick, fékk þyngri dóm heldur en vitorðsmenn hans í hundaatinu:

# Lygarnar þyngdu dóm Vicks í 23 mánuði

**NFL** Fyrrum leikstjórnandi Atlanta Falcons, Michael Vick, hefur verið dæmdur í 23 mánaða fangelsi fyrir aðild sína að ólöglegu hundaati sem fram fór á landareign hans. Vick gat fengið allt að fimm ára dóm fyrir brotið en almennt var talið að hann fengi 12-18 mánaða dóm.

Þetta er þyngri dómur en félagar hans sem kærðir voru fengu en ástæðan sem dómarinn gaf fyrir refsingunni var sú staðreynd að Vick laug um aðild sína í málinu í upphafi. Hann játaði síðar og fór svo sjálfviljugur í fangelsi áður en búið var að dæma hann í von um að fá vægari dóm hjá hinum harða dómara, Henry Hudson.

„Ég er ekki fullviss um að þú sért tilbúinn að axla ábyrgð á gjörðum þínum,“ sagði Hudson við Vick sem mætti í dómsal í svart-hvít röndóttum fangelsisbúning en hann hefur setið inni síðan 19. nóvember.

Dómarinn var alls ekki mildur í garð Vicks þó svo hann hefði snemma játað á sig sök í málinu, hefði síðan beðist afsökunar opinberlega og að lokum farið sjálfviljugur í steininn. Það sem stóð upp úr hjá dómaranum var að Vick hefði logið að sér í upphafi. Því er dómurinn mikið áfall fyrir Vick.

Vick og félagar hans ræktuðu hunda á landareign Vicks til þess eins að láta þá berjast í hundaati. Hundar sem stóðu sig ekki voru teknir af lífi á grimmilegan hátt. Meðal annars með rafmagni, ofbeldi eða hreinlega drekkt. Dómarinn sagði að Vick hefði tekið beinni þátt í þessum athöfnum en hann hefði látið uppi.

Vick tók dómnum af auðmýkt, sagðist ekki eiga neinar afsakanir og baðst að lokum aftur afsökunar.

**- hbg**



**MICHAEL VICK** Leikur ekki amerískan fótbolta næstu árin þar sem hann verður bak við lás og slá. NORDIC PHOTOS/GETTY IMAGES

Loftpressur

Mikið úrval loftpressa fyrir iðnfyrirtæki, iðnaðarmenn og í bílskúrinn. Hagstætt verð.



ÞÓR HF
REYKJAVÍK - AKUREYRI

ÁRMÚLA 11 | Sími 568-1500 | Lónsbakka | Sími 461-1070 | www.thor.is

# NÝ VERSLUN Í REYKJANESBÆ

OPNUM KL 12:00

TÖLVULISTINN Í REYKJANESBÆ ER FLUTTUR FYRIR HORNIÐ Í NÝJA STÆRRI OG GLÆSILEGRI VERSLUN AÐ HAFNARGÖTU 90. AF ÞVÍ TILEFNI VERÐA FRÁBÆR OPNUNARTILBOÐ SEM GILDA TIL OG MEÐ LAUGARDEGINUM 15. DESEMBER, HLÖKKUM TIL AÐ SJÁ ÞIG!

NÚ ER AUÐVELT AÐ GERA ÓSKALISTANN, HAKAÐU VIÐ ÞAÐ SEM ÞIG LANGAR Í JÓLAGJÖF



FRÁ 3.547 KR Á MÁNUÐI

## ACE OPNUNARTILBOÐ

2.66GHz Intel Core 2 Duo E6750 örgjörvi með 4MB flýtiminni 2GB Dual DDR2 667MHz minni • 500GB SATA II harður diskur 18xDVD±RW DL skrifari • 20" LCD Acer 2051W Gamer skjár 256MB GeForce8 NX8600GT viftulaust skjákort • 2.1 hátalarakerfi Lyklaborð og mús • Windows Vista Home Premium

**VERÐ 109.900**



FRÁ 2.347 KR Á MÁNUÐI

## ACER ASPIRE 5315 FARTÖLVA

1.73GHz Intel Celeron M 530 örgjörvi með 1MB flýtiminni 2GB DUAL DDR2 667MHz minni • 120GB SATA harður diskur 8xDVD±RW DL skrifari • 15.4" WXGA CrystalBrite skjár 128MB Intel GMA X3100 skjákort • 5 in1 kortalesari Gigabit netkort • Vefmyndavél • Windows Vista Home Premium

**VERÐ 69.900**




5 ÁR ÁBYRGÐ

## 500GB HARÐUR DISKUR

500GB SATA2 Special Edition harðdiskur frá Western Digital sem er með 7200RPM, 16MB buffer og Fluid Dynamic Bearing tækni sem skilar mun hljóðlátari og endingarbetri hörðum diskum. Western Digital eru mest seldu hörðu diskanir í dag

AÐEINS 1 STK Á MANN

**VERÐ 7.990**




## 1GB 667MHZ VINNSLUMINNI

Viðskiptavinum Tölvulistans í Reykjanesbæ býðst Corsair 1GB 667MHz DDR2 Value Select vinnsluminni á frábæru opnunartilboði Lífstíðarábyrgð er á öllum minnum frá Corsair. Margverðlaunað og 100% áreiðanlegt vinnsluminni

**VERÐ 2.490**








TÖLVULISTINN ER FLUTTUR Í NÝJA OG GLÆSILEGA VERSLUN AÐ HAFNARGÖTU 90 Í REYKJANESBÆ. AF ÞVÍ TILEFNI ERU NÚ FRÁBÆR OPNUNARTILBOÐ. HLÖKKUM TIL AÐ SJÁ ÞIG!!

Öll verð og tilboð eru birt með fyrirvara um breytingar, innsláttarvillur og myndabrengl. Tilboðin gilda til og með laugardeginum 15 desember 2007 *Upphæðin er meðalgreiðsla á mánuði og er miðað við 48 mánaðarlegar jafnar afborganir. 3% stimpil og lántöku-gjald ásamt vöxtum er innifalið. Vextir eru samkvæmt ákvörðun TL á hverjum tíma og eru núna 19,5%.

# TÖLVULISTINN ALLTAF BETRA VERÐ

**REYKJAVÍK** • NÓATÚNI 17 • S: 414 1700 | **AKUREYRI** • STRANDGÖTU 9 • S: 414 1730 | **EGILSSTAÐIR** • MIÐVANGI 2-4 • S: 414 1735
**REYKJANESBÆR** • HAFNARGÖTU 90 • S: 414 1740 | **KÓPAVOGUR** • HLÍÐASMÁRA 10 • S: 414 1760 | **AKRANES** • SMIÐJUVÖLLUM 32 • S: 414 1765

# ÚRSLIT

## *Meistaradeild Evrópu:*

### A-RIÐILL:

**Porto-Besiktas 2-0**
1-0 Lucho Gonzalez (44.), 2-0 Ricardo Quaresma (62.).

**Marseille-Liverpool 0-4**
0-1 Steven Gerrard (4.), 0-2 Fernando Torres (11.), 0-3 Dirk Kuyt (48.), 0-4 Ryan Babel (90+1).

**LOKASTAÐAN:**

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Porto | 6 | 3 | 2 | 1 | 8:7 | 11 |
| **Liverpool** | **6** | **3** | **1** | **2** | **18:5** | **7** |
| Marseille | 6 | 2 | 1 | 3 | 6:8 | 7 |
| **Besiktas** | **6** | **2** | **0** | **4** | **4:15** | **6** |

### B-RIÐILL:

**Chelsea-Valencia 0-0**

**Schalke-Rosenborg 3-1**
1-0 Gerald Asamoah (12.), 2-0 Rafinha (19.), 2-1 Yssof Koné (23.), 3-1 Kevin Kuranyi (36.).

**LOKASTAÐAN:**

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Chelsea | 6 | 3 | 3 | 0 | 9:2 | 12 |
| **Schalke** | **6** | **2** | **2** | **2** | **5:4** | **8** |
| Rosenborg | 6 | 2 | 1 | 3 | 6:10 | 7 |
| **Valencia** | **6** | **1** | **2** | **3** | **2:6** | **5** |

### C-RIÐILL:

**Olympiakos-Werder Bremen 3-0**
1-0 Ieroklis Stoltidis (12.), 2-0 Darko Kovacevic (70.), 3-0 Ieroklis Stoltidis (74.).

**Real Madrid-Lazio 3-1**
1-0 Julio Baptista (13.), 2-0 Raúl (15.), 3-0 Robinho (36.), 3-1 Goran Pandev (80.)

**LOKASTAÐAN:**

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Real Madrid | 6 | 3 | 2 | 1 | 13:9 | 11 |
| Olympiakos | 6 | 3 | 2 | 1 | 11:7 | 11 |
| W.Bremen | 6 | 2 | 0 | 4 | 8:13 | 6 |
| Lazio | 6 | 1 | 2 | 3 | 8:11 | 5 |

## *N1-deild karla:*

**Afturelding-Valur 25-25 (12-14)**
**Mörk Aftureldingar (skot):** Einar Örn Guðmundsson 7/2 (11/2), Davíð Ágústsson 6 (7), Haukur Sigurvinsson 3 (4), Reynir Ingi Árnason 2 (2), Daníel Jónsson 2 (3), Magnús Einarsson 2 (8), Jón Andri Helgason 1 (2), Hrafn Ingvarsson 1 (3), Hilmar Stefánsson 1/1 (7/3).
**Varin skot:** Davíð Hlíðdal Svansson 22/2 (47/2) 47%.
**Hraðaupphlaup:** 2 (Reynir Ingi 2).
**Fiskuð víti:** 5 (Magnús 3, Einar Örn, Davíð).
**Utan vallar:** 2 mínútur
**Mörk Vals (skot):** Ernir Hrafn Arnarsson 7 (16), Baldvin Þorsteinsson 4 (7/2), Fannar Þór Friðgeirsson 4 (8), Sigfús Páll Sigfússon 3 (10), Gunnar Harðarson 2 (2), Kristján Þór Karlsson 2 (3), Elvar Friðriksson 2 (4), Arnór Malquist Gunnarsson 1 (3).
**Varin skot:** Ólafur Haukur Gíslason 21/2 (46/5) 46%.
**Hraðaupphlaup:** 5 (Baldvin 3, Arnór, Fannar Þór).
**Fiskuð víti:** 2 (Arnór, Ernir Hrafn).
**Utan vallar:** 8 mínútur

## *N1-deild kvenna:*

**HK-FH 26-26**

Enskir og ítalskir fjölmiðlar:

# Capello líklega ráðinn þjálfari

**FÓTBOLTI** Fabio Capello, fyrrverandi stjóri Real Madrid, þykir nú líklegastur til þess að hreppa þjálfarastarfið hjá enska landsliðinu samkvæmt enskum og ítölskum fjölmiðlum í gær. Sonur Capello, sem vinnur sem lögfræðingur og ráðgjafi föður síns, staðfesti í gær að Capello eldri væri tilbúinn að funda með enska knattspyrnusambandinu.

„Starf þjálfara enska landsliðsins er mjög sérstakt og ef enska knattspyrnusambandið vill tala við þig, þá hlustarðu. Við höfum ekkert heyrt enn þá en bíðum spenntir,“ sagði sonur Capello í viðtali við Sky Sports-fréttastofuna.

Ítalskir fjölmiðlar tóku umræðuna skrefinu lengra í gær og voru hugsanleg launakjör Capello til umræðu í dagblaðinu Corriere dello Sport og einnig voru þar Alan Shearer og Gianfranco Zola nefndir sem hluti af líklegu þjálfarateymi Capellos. - óþ

Afturelding og Valur gerðu jafntefli í spennandi leik:

# Valsmenn miklir klaufar

**HANDBOLTI** Afturelding og Valur gerðu jafntefli, 25-25, í ótrúlegum leik í N1 deild karla að Varmá í gærkvöldi. Afturelding jafnaði leikinn þegar nokkrar sekúndur lifðu leiks, en heimamenn voru á tímabili sex mörkum undir í seinni hálfleik.

Jafnræði var með liðunum framan af leik og hálfleikstölur, 12-14, fyrir Val. Í stöðunni 18-18 kom hins vegar afar slæmur kafli hjá Aftureldingu og Valsmenn gengu á lagið og skoruðu sex mörk í röð og breyttu stöðunni í 18-24. Heimamenn voru ekki af baki dottnir og svöruðu með því að skora einnig sex mörk í röð og jafna leikinn að nýju, 24-24, þegar fjórar mínútur lifðu leiks. Valsmenn komust svo yfir 24-25 en Haukur Sigurvinsson jafnaði leikinn þegar 6 sekúndur voru til leiksloka.

Bjarki Sigurðsson, þjálfari Aftureldingar, var í skýjunum með strákana sína í leikslok. „Við sýndum frábæran karakter hérna í kvöld. Við sýndum það og höfum verið að sýna það að við höfum fullt að gera í þessi lið,“ sagði Bjarki og telur lið sitt eiga mikið inni. Starfsbróðir Bjarka hjá Val, Óskar Bjarni Óskarsson, var allt annað en sáttur og gat ekki leynt vonbrigðum sínum í leikslok.

„Þetta var algjör aumingjaskapur hjá okkur og hrikalegur skandall að við værum ekki löngu búnir að klára leikinn. Við vorum komnir með sex marka forystu og missum hana niður í eitt mark á lokakaflanum og svo niður í svekkjandi jafntefli og við getum sjálfum okkur um kennt,“ sagði Óskar Bjarni hundfúll. - óþ



**SÓTT AÐ MARKI** Ernir Hrafn Arnarson mætti á sinn gamla heimavöll í gær og varð að sætta sig við að fara heim aftur með aðeins eitt stig. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Liverpool komst upp úr holunni

**Liverpool var í vondum málum í riðlakeppni Meistaradeildarinnar á dögunum en liðið sýndi stórbrotna frammistöðu í síðustu leikjum, vann þá sannfærandi og komst í sextán liða úrslit. Marseille var engin fyrirstaða í gær. Olympiakos fór illa með Bremen og komst í sextán liða úrslit líkt og þýska liðið Schalke.**

**FÓTBOLTI** Það var mikil spenna fyrir leiki gærkvöldsins í Meistaradeildinni og þá ekki síst fyrir leikina í A-riðli. Þar átti Liverpool það á hættu að falla úr keppni næði liðið ekki hagstæðum úrslitum á útivelli gegn Marseille. Í B-riðli var síðan uppgjör hjá Rosenborg og Schalke um annað sætið og í C-riðli börðust Olympiakos og Werder Bremen um að komast áfram.

Leikur Liverpool og Marseille byrjaði með miklum látum og eftir aðeins rúmlega tveggja mínútna leik fiskaði Steven Gerrard vítaspyrnu fyrir Liverpool sem mörgum fannst vera á gráu svæði. Gerrard tók spyrnuna sjálfur en hún var varin. Fyrirliði Liverpool var þó heppinn, fékk frákastið og skoraði örugglega í tómt markið.

Markið gaf Liverpool mikinn kraft og rúmum sex mínútum síðar kom Spánverjinn Fernando Torres liðinu í 2-0 með stórkostlegu marki. Hann fékk þá sendingu frá Harry Kewell í teiginn og sólaði síðan varnarmenn franska liðsins upp úr skónum áður en hann lagði boltann listilega í fjærhornið. Stórkostlegt mark og Liverpool á hraðleið í sextán liða úrslitin.

Eric Gerets, þjálfari Marseille, brást við stöðunni með skiptingu en hún skilaði engu þar sem Liverpool leiddi með tveim mörkum í leikhléinu. Hans menn ætluðu klárlega að sækja grimmt í síðari hálfleik en þeim var refsað eftir örfáar sekúndur í síðari hálfleik þegar Hollendingurinn Dirk Kuyt kom Liverpool í 3-0 eftir laglega stungusendingu frá Harry Kewell, sem átti góðan leik.

Eftir þriðja markið dó nánast leikurinn. Liverpool lagðist aftar og varðist fimlega öllum sóknaraðgerðum franska liðsins, sem fékk varla færi allan leikinn. Varamaðurinn Ryan Babel fullkomnaði niðurlægingu Marseille síðan í uppbótartíma með fjórða markinu. Liverpool þar með komið í sextán liða úrslit en liðið sýndi frábæran karakter í síðustu leikjum eftir að hafa verið komið ofan í djúpa holu.





**GULL AF MARKI** Fenando Torres skorar hér glæsimark sitt gegn Marseille í gær og á stóru myndinni fagnar hann markinu. NORDIC PHOTOS/GETTY IMAGES/AFP

### Aldrei möguleiki hjá Rosenborg

Fastlega var búist við því að það yrði á brattann að sækja hjá norska liðinu Rosenborg gegn Schalke í Þýskalandi enda nokkuð síðan norsku deildinni lauk. Enda kom á daginn að þýska liðið var talsvert sterkara. Schalke komst fljótlega í 2-0 og þótt Koné gæfi Rosenborg von með því að minnka muninn kom Kevin Kuranyi Schalke í 3-1 fyrir hlé og ballið búið.

Gríska liðið Olympiakos fékk flugstart í upphafi lelks gegn Bremen er Stoltidis kom því yfir á 12. mínútu með marki sem Lomano Lua Lua lagði upp fyrir hann en marki Stoltidis skildi liðin að í leikhléi og verk að vinna hjá þýska liðinu. Grikkirnir gerði svo út um bardagann á fjögurra mínútna kafla í síðari hálfleik er Stoltidis skoraði öðru sinni, sem og Darko Kovacevic.

henry@frettabladid.is





**Í SEXTÁN LIÐA ÚRSLIT** Gerald Asamoah fagnar hér marki sínu gegn Rosenborg en Schalke komst áfram með öruggum sigri á Norðmönnunum. Til vinstri er síðan Raúl Gonzalez sem skoraði enn eitt Evrópumarkið fyrir Real Madrid. NORDIC PHOTOS/GETTY IMAGES


Rafstöðvar
Bensín- og díselrafstöðvar
í stærðum 2,5 kW -4,2 kW.
HAGSTÆTT VERÐ

ÞÓR HF
REYKJAVÍK - AKUREYRI
HYUNDAI
ÁRMÚLA 11 | Sími 568-1500 | Lónsbakka | Sími 461-1070 | www.thor.is

Það gengur hvorki né rekur hjá Íslandsmeisturum Stjörnunnar í N1-deild kvenna:

# Frábær sigur hjá Haukum í Mýrinni

**HANDBOLTI** Stjarnan tapaði sínum öðrum leik í röð með einu marki þegar Stjörnustúlkur fengu Hauka í heimsókn í Mýrina. Eftir að Haukar leiddu með sjö mörkum í fyrri hálfleik, 13-20, kom Stjarnan til baka í þeim seinni og var nálægt því að stela sigrinum. Haukakonur héldu hins vegar haus og lönduðu mikilvægum sigri, 28-29.

Það er ekki á hverjum degi að hinn magnaði markvörður Stjörnunnar, Florentina Stanciu, fær á sig tuttugu mörk í einum hálfleik. Það varð þó raunin í fyrri hálfleiknum þar sem Stjarnan var gjörsamlega heillum horfin.

Í stöðunni 5-5 skildu leiðir er Haukar tóku öll völd á vellinum. Haukar voru sjö mörkum yfir í hálfleik, 13-20, fyrir Hauka.

Sagan var önnur í seinni hálfleik. Vörn Stjörnunnar hrökk þá í gang og Florentina varði allt sem á markið kom. Sóknarleikurinn fór líka í gang þótt markamaskínan Rakel Dögg Bragadóttir hefði hægt um sig. Elísabet Gunnarsdóttir var öflug þegar Stjarnan skoraði ellefu mörk gegn fjórum í seinni hálfleik og jafnaði leikinn, 24-24, og komst síðan yfir, 25-24.

Lokaspretturinn var æsispennandi og Haukar voru ekkert á því að gefa Stjörnunni sigurinn. Þær náðu aftur forskotinu, 27-28, og Harpa Melsted nýtti svo alla sína reynslu í að fiska víti þegar ein mínúta var eftir. Nína Björnsdóttir, sem hafði klúðrað tveimur vítum í röð, fékk fullt traust þjálfara síns til að taka vítið, sem hún skoraði úr og kláraði leikinn.

„Þetta var nákvæmlega það sem hefur vantað hjá okkur. Við höfum verið inni í leikjum og jafnvel yfir í vetur en oft ekki náð að klára þá. Í dag sýndum við mikinn karakter og kláruðum leikinn,“ sagði Harpa Melsted, reynsluboltinn í liði Hauka.

Aðalsteinn Eyjólfsson, þjálfari Stjörnunnar, var eðlilega ekkert kátur í leikslok. „Þegar við mætum ekki tilbúin í leikinn og fáum á okkur tuttugu mörk í einum hálfleik þá fer þetta svona. Það var bara einbeitingarleysi í okkar leik og svona gerist bara ef þú mætir ekki 100% tilbúinn.“ - tom



**BARÁTTA** Haukastúlkan Inga Fríða Tryggvadóttir reynir hér að brjóta sér leið framhjá Stjörnustúlkunni Rakel Dögg Bragadóttur í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

## ÚRSLIT

*N1-deild kvenna:*

**Stjarnan-Haukar 28-29**

**Mörk Stjörnunnar (skot):** Elísabet Gunnarsdóttir 6 (7), Ásta Agnarsdóttir 6 (9), Arna Gunnarsdóttir 4/4 (4/4), Alina Petrache 4/1 (8/2), Birgit Engl 3 (5), Sólveig Lára Kjernested 2 (3), Rakel Dögg Bragadóttir 2 (7/1), Harpa Eyjólfsdóttir 1 (2), Ásdís Sigurðardóttir 1 (4).
**Varin skot:** Florentina Stanciu 22/3 (43/4) 51%, Helga Jónsdóttir (8/3) 0%.
**Hraðaupphlaup:** 8 (Elísabet 3, Ásta 2, Birgit 2, Sólveig)
**Fiskuð víti:** 7 (Elísabet 2, Birgit 2, Sólveig 2, Alina)
**Utan vallar:** 2 mínútur
**Mörk Hauka (skot):** Nína Björnsdóttir 7/5 (14/7), Harpa Melsted 6 (8), Arna Þráinsdóttir 5 (8), Sandra Stojkovic 5 (12), Ramune Pekarskyte 4 (7), Inga Fríða Tryggvadóttir 2 (3).
**Varin skot:** Laima Miliaukskaite 17/2 (45/7) 37%.
**Hraðaupphlaup:** 7 (Arna 2, Nína, Ramune, Sandra, Inga Fríða, Harpa)
**Fiskuð víti:** 7 (Harpa 4, Ramune, Inga Fríða, Arna)
**Utan vallar:** 2 mínútur

**Fylkir-Valur 22-27**

**Mörk Fylkis:** Natasha Damljanovic 13, Elizabeta Kowal 4, Sunna María Einarsdóttir 3, Sunna Jónsdóttir 1, Ingibjörg Karlsdóttir 1.
**Mörk Vals:** Eva Barna 7, Dagný Skúladóttir 7, Hafrún Kristjánsdóttir 5, Guðrún Drífa Hólmgeirsdóttir 3, Kristín Guðmundsdóttir 2, Hildigunnur Einarsdóttir 1, Katrín Andrésdóttir 1, Nora Valovics 1.

**Akureyri-Fram 18-26**

**Mörk Akureyri**: Lilja Þórisdóttir 4, Arna Valgerður Erlingsdóttir 4, Þórsteina Sigurbjörnsdóttir 2, Monika Rutkowska 2, Inga Dís Sigurðardóttir 2, Anna Morales 1, Auður Ómarsdóttir 1, Ester Óskarsdóttir 1, Emma Sardarsdóttir 1.
**Mörk Fram:** Ásta Birna Gunnarsdóttir 8, Anett Köbli 6, Sigurbjörg Jóhannsdóttir 3, Eva Hrund Harðardóttir 2, Karen Knútsdóttir 2, Stella Sigurðardóttir 2, Anna Friðriksdóttir 1, Sara Sigurðardóttir 1, Þórey Rósa Stefánsdóttir 1.



**ÓSÁTTUR** Massimo Moratti er ekki ánægður með að Mourinho sé orðaður við Inter og telur það móðgandi fyrir núverandi stjóra þess. NORDICPHOTOS/GETTY

Massimo Moratti, forseti Inter:

## Inter er ekki á eftir Mourinho

**FÓTBOLTI** Massimo Morratti, forseti Inter, sá ástæðu til þess að gefa út yfirlýsingu á opinberri heimasíðu liðsins þar sem hann neitar sögusögnum um að Inter vilji ráða José Mourinho sem knattspyrnustjóra hjá liðinu.

„Eftir það sem hefur verið prentað undanfarið um José Mourinho og Inter sér herra Moratti ástæðu til þess að taka það skýrt fram að hvorki hefur farið fram fundur á milli hans og José Mourinho né heldur stendur til að þeir hittist. Þessar sögusagnir eru tómt þvaður, byggjast ekki á neinum staðreyndum og eru móðgun við Inter og núverandi knattspyrnustjóra liðsins,“ segir meðal annars í yfirlýsingunni. - óþ




## > Mira Sorvino

Mira er fædd í New Jersey árið 1967. Hún er dóttir leikarans Paul Sorvino sem þekktur er fyrir að túlka ítalska mafíóasa. Mira var mikill námsmaður og naut þess að lesa bækur. Hún fór í kínversku við Harvard og útskrifaðist með hæstu einkunn. Faðir hennar vildi ekki að dóttirin fetaði í fótspor hans en eftir háskóla flutti Mira til New York og var fljótlega komin með hlutverk í sjónvarpi. Mira leikur í Triumph of Love á Stöð 2 Bíó.



# dagskrá

## VIÐ TÆKIÐ FREYR BJARNASON SVAF HNEFALEIKABARDAGA AF SÉR

# Endursýndur Mayweather alveg nóg

Ég dáist að þeim sem nenntu að vaka til klukkan fimm aðfaranótt sunnudags til að fylgjast með hnefaleikabardaganum á milli Floyd Mayweather og Ricky Hatton.

Vissulega var búið að byggja upp töluverða spennu í kringum bardagann. Sýnt hafði verið linnulítið frá undirbúningi þeirra tveggja á Sýn auk þess sem blaðamannafundurinn þar sem þeir hittust var nokkuð hressilegur. Einnig eru bardagar í þessum þyngdarflokki töluvert skemmtilegri áhorfs heldur en þungavigtarbardagar þar sem boxararnir hreyfast varla, nema rétt til að ýta frá sér einu og einu höggi.

Þrátt fyrir þetta fannst mér ekki þess virði að vaka alla nóttina fyrir þennan eina bardaga og lét ég mér nægja að horfa á endursýninguna daginn eftir, algjörlega útsofinn. Það dugði mér algjörlega því þótt ég hefði skömmu áður heyrt úrslitin í útvarpsfréttunum gat maður alveg skemmt sér yfir látunum. Bæði var gaman að sjá þá Hatton og Mayweather skiptast á höggum, þótt Mayweather hafi haft töluverða yfirburði, og að heyra Bubba og Ómar skiptast á því að æpa hvor ofan í annan. Stemningin á pöllunum var einnig eins og á fótboltaleik á Englandi, sem gæddi útsendinguna miklu lífi.

Vissulega getur verið stemning að horfa á efni í beinni útsendingu að nóttu til en oftast nær er það bara ekki þess virði. Kannski er ég bara orðinn of gamall eða latur en endursýningarnar daginn eftir duga mér alveg hundrað prósent.



**MAYWEATHER** Floyd Mayweather fagnar sigri sínum á Englendingnum Ricky Hatton.

## EKKI MISSA AF



▶ **22.25** Kiljan SJÓNVARPIÐ



▶ **22.30** Oprah STÖÐ 2



▶ **22.00** Garden State STÖÐ 2 BÍÓ



▶ **21.15** E-Ring SIRKUS



▶ **20.30** Giada´s Everyday Italian SKJÁREINN

## SJÓNVARPIÐ

**16.35 Leiðarljós**
**17.20 Táknmálsfréttir**
**17.30 Fréttahaukar** (6:6) e.
**18.00 Disneystundin**
**18.01 Herkúles** (40:56)
**18.22 Fínni kostur** (12:21)
**18.45 Jóladagatal Sjónvarpsins - Jól á leið til jarðar**
**18.54 Víkingalottó**
**19.00 Fréttir**
**19.30 Veður**
**19.35 Kastljós**
**20.05 Bráðavaktin** (22:23) Bandarísk þáttaröð sem gerist á bráðamóttöku sjúkrahúss í stórborg. Atriði í þáttunum eru ekki við hæfi barna.
**20.55 Liljur** (5:8) Nýr breskur myndaflokkur. Þetta er þroskasaga þriggja kaþólskra systra í Liverpool sem hafa misst mömmu sína og feta sig áfram í lífinu.
**22.00 Tíufréttir**
▶**22.25 Kiljan** Bókmenntaþáttur í umsjón Egils Helgasonar. Kolbrún Bergþórsdóttir og Páll Baldvin Baldvinsson eru álitsgjafar þáttarins.
**23.10 Grieg-hátíð í Björgvin** (Grieg-galla) Sellóleikarinn Truls Mörk og píanóleikarinn Leif Ove Andsnes flytja verk eftir Edvard Grieg ásamt fiðluleikaranum Julian Rachlin, sópransöngkonunni Kerstin Avemo og píanóleikaranum Håvard Gimse á tónleikum í Grieg-salnum í Björgvin í maí síðastliðnum.
**00.10 Kastljós**
**00.35 Dagskrárlok**

## STÖÐ 2 BÍÓ

**06.00 Pieces of April**
**08.00 Indecent Proposal (e)**
**10.00 Triumph of Love**
**12.00 My Boss´s Daughter**
**14.00 Indecent Proposal (e)**
**16.00 Triumph of Love**
**18.00 My Boss´s Daughter**
**20.00 Pieces of April** Átakanleg kvikmynd með Katie Holmes í aðalhlutverki. April Burns var til stöðugra vandræða þegar hún var yngri og foreldrar hennar eru fyrir löngu búnir að gefast upp á henni.
▶**22.00 Garden State**
**00.00 Straight Into Darkness**
**04.00 Garden State**

## STÖÐ 2

**07.00 Stubbarnir**
**07.25 Jesús og Jósefína** (12.24) (e)
**07.45 Kalli kanína og félagar**
**08.10 Oprah**
**08.55 Í fínu formi**
**09.10 The Bold and the Beautiful**
**09.30 Wings of Love** (83.120)
**10.15 Commander In Chief** (10.18)
**11.15 Veggfóður** (11.20)
**12.00 Hádegisfréttir**
**12.45 Nágrannar**
**13.10 Það var lagið** (e)
**14.20 Extreme Makeover: Home Edition** (26.32)
**15.55 A.T.O.M.**
**16.18 Batman**
**16.38 Könnuðurinn Dóra**
**17.03 Jesús og Jósefína** (12.24) (e)
**17.28 The Bold and the Beautiful**
**17.53 Nágrannar**
**18.18 Ísland í dag og veður**
**18.30 Fréttir**
**18.50 Ísland í dag**
**19.25 The Simpsons** (5.22) (e)
**19.50 Næturvaktin** (3.13) Öll serían endursýnd frá mánudegi til fimmtudags.
**20.20 Örlagadagurinn** (28.30) Viðmælandi Sirrýjar er Einar Már Guðmundsson rithöfundur.
**20.55 Grey´s Anatomy** (7.22) Fjórða sería þessa vinsælata dramaþáttar í heimi.
**21.45 The Closer** (3.15) Þriðja sería þessa geysisterka spennuþáttar, sem orðinn er langvinsælasti þátturinn sem sýndur er á kapalstöð í Bandaríkjunum.
▶**22.30 Oprah** (Big Wake-Up Call For Women With Dr. Christiane Northrup) Oprah fjallar um kynskiptar fjölskyldur og ræðir við fólk sem gengið hefur í gegnum kynjaskiptingu án þess að hafa slitið hjónabandið.
**23.15 Stelpurnar**
**23.40 Kompás** Endursýndur þáttur frá því í gær.
**00.15 Silent Witness** (5.10) Bönnuð börnum.
**01.10 The Thin Red Line**
**03.55 Grey´s Anatomy** (7.22)
**04.40 The Closer** (3.15)
**05.25 Fréttir og Ísland í dag**
**06.45 Tónlistarmyndbönd frá PoppTíVí**

## SÝN besta sætið

**07.00 Meistaradeildin**
**07.40 Meistaradeildin**
**08.20 Meistaradeildin**
**09.00 Meistaradeildin**
**09.40 Meistaradeildin**
**10.20 Boca Juniors - Etoile Sportive** Heimsmeistarakeppni félagsliða. Beint.
**15.00 Meistaradeild Evrópu** Endursýning
**16.40 Meistaradeildin**
**17.20 Boca Juniors - Etoile Sportive** Útsending frá því fyrr um daginn.
**19.00 Meistaradeildin** Hitað upp fyrir leiki kvöldsins í Meistaradeild Evrópu.
**19.30 Rangers - Lyon Meistaradeild Evrópu** Bein útsending frá leik Glasgow Rangers og Lyon í Meistaradeild Evrópu. Sýn Extra PSV - Inter og á Sýn Extra 2 Roma - Man. Udt.
**21.40 Meistaramörkin** Öll mörkin og öll helstu atvikin úr leikjum kvöldsins
**22.20 PSV - Inter. Meistaradeild Evrópu**
**00.10 Roma - Man. Utd. Meistaradeild Evrópu**
**02.00 Meistaradeildin**

## SÝN2

**16.50 Blackburn - West Ham** Útsending frá leik Blackburn og West Ham sem fór fram sunnudaginn 9. desember.
**18.30 Premier League World** Nýr þáttur þar sem enska úrvalsdeildin er skoðuð frá ýmsum óvæntum hliðum. Leikmenn heimsóttir, gömlu stjörnurnar leitaðar uppi og svipmyndir af æðinu fyrir enska boltanum um heim allan.
**19.00 Coca Cola mörkin**
**19.30 English Premier League 2007/08** Ný og hraðari útgáfa af þessum vinsæla þætti þar sem öll mörkin og helstu atvik umferðarinnar eru sýnd frá öllum mögulegum sjónarhornum. Viðbrögð þjálfara, stuðningsmanna og sérfræðinga.
**20.30 4 4 2** Þáttur sem er ekkert minna en bylting í umfjöllun um enska boltann á Íslandi. Tvíeykið Heimir Karlsson og Guðni Bergsson stendur vaktina ásamt vel völdum sparkspekingum, og saman skoða þeir allt sem tengist leikjum dagsins á skemmtilegan og nákvæman hátt.
**21.55 Leikur vikunnar**
**23.35 Aston Villa - Portsmouth** Útsending frá leik Aston Villa og Portsmouth sem fór fram laugardaginn 8. desember.

## SKJÁREINN

**07.30 Allt í drasli** (e)
**08.00 Dr. Phil** (e)
**08.45 Vörutorg**
**15.15 Vörutorg**
**16.15 World Cup of Pool 2007** (e)
**17.15 Dýravinir** (e)
**17.45 Dr. Phil**
**18.30 The Drew Carey Show** (e)
**19.00 Innlit / útlit** (e)
**20.00 Less Than Perfect** (9.11) Bandarísk gamansería sem gerist á fréttastofu bandarískrar sjónvarpsstöðvar. Claude Casey hefur unnið sig upp metorðastigann en það eru ekki allir á fréttastofunni hrifnir af henni.
▶**20.30 Giada´s Everyday Italian** (16.26) Það er komið að jólaveislunni og Giada matreiðir uppáhalds meðlætið sitt með aðstoð frænku sinnar. F
**21.00 America's Next Top Model** (12.13) Bandarísk raunveruleikasería þar sem Tyra Banks leitar að næstu ofurfyrirsætu. Fyrirsæturnar fjórar sem eftir eru eru komnar til Beijing í Kína. Þær fá það verkefni að breyta hefðbundnum kínverskum kjól og aðlaga hann að sínum eigin stíl. Tyra Banks stýrir myndatökunni og síðan kemur í ljós hvaða þrjár stúlkur komast í úrslitaþáttinn.
**22.00 How to Look Good Naked - Lokaþáttur** Í lokaþættinum kynnumst við Michelle. Hún er tveggja barna móðir sem hatar líkama sinn og hefur ekkert jákvætt að segja um sjálfa sig. Hún var eitt sinn sjálfsörugg og hafði ekkert á móti því að flagga flottum kroppinum en nú finnst henni allt ómögulegt.
**22.50 The Drew Carey Show**
**23.20 Heroes** (e)
**00.20 State of Mind** (e)
**01.10 NÁTTHRAFNAR**
**01.11 C.S.I. Miami**
**02.00 Ripley's Believe it or not!**
**02.45 Trailer Park Boys**
**03.10 Vörutorg**
**04.10 Óstöðvandi tónlist**

## SJÓNVARP NORÐURLANDS

**12.15 Samantekt helstu frétta vikunnar á N4**. Endursýnt á klukkutíma fresti til 10.15 á sunnudag.

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

KLASSÍSKAR BARNABÆKUR

Fimm á flótta




ÆVINTÝRA höllin
Kíkí ...

Hér kemur meira af **Fimm-bókunum** og **Ævintýra-bókunum**.

Nú koma út tvær nýjar sögur … og sem fyrr dregur til spennandi tíðinda hjá unga fólkinu. En börnin eru snarráð og kjarkmikil og fullfær um að ráða fram úr óvæntum ævintýrum.

Endurútgáfa bókaflokkanna hófst 2005.

Þessar skemmtilegu og spennandi sögur hins kunna höfundar **Enid Blyton** fjalla um nokkur börn og vini þeirra úr dýraríkinu sem lenda í ótrúlegustu ævintýrum.

Enid Blyton

ÚTKALL
Sími 562 2600

Næst

## Í KVÖLD

### SÝN KL. 19.30
### Rangers - Lyon



Það er komið að úrslitastundu í riðlakeppni Meistaradeildar Evrópu en í kvöld skýrist endanlega hvaða lið komast í 16 liða úrslitin. Á Sýn mun skoska liðið Rangers taka á móti franska liðinu Lyon í hreinum úrslitaleik um það hvort liðið fylgir AC Milan upp úr E-riðli. Á sama tíma verður sýnt beint á Sýn Extra frá viðureign PSV og Inter Milan og á Sýn Extra 2 frá leik Roma og Manchester United.

## VIÐ MÆLUM MEÐ
### How to Look Good Naked
### Skjár einn kl. 22.00

Komið er að lokaþættinum en þar kynnumst við Michelle. Hún er tveggja barna móðir sem hatar líkama sinn og hefur ekkert jákvætt að segja um sjálfa sig. Hún var eitt sinn sjálfsörugg og hafði ekkert á móti því að flagga flottum kroppnum en nú finnst henni allt ómögulegt. Tekst Gok að losa hana við neikvæðnina og fá hana til að fækka fötum fyrir framan aðra?



## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.45** Veðurfregnir
**06.50** Bæn
**07.00** Fréttir
**07.05** Morgunvaktin
**07.30** Fréttayfirlit
**08.00** Morgunfréttir
**09.00** Fréttir
**09.05** Okkar á milli
**09.45** Morgunleikfimi
**10.13** Brot af eilífðinni
**11.03** Samfélagið í nærmynd
**12.00** Fréttayfirlit
**12.03** Hádegisútvarp
**12.20** Hádegisfréttir
**12.45** Veðurfregnir
**13.00** Vítt og breitt
**14.03** Tónar að nóni
**15.03** Útvarpssagan: Skáldað í skörðin
**15.30** Dr. RÚV
**16.00** Síðdegisfréttir
**16.10** Veðurfregnir
**16.13** Hlaupanótan
**17.03** Víðsjá
**18.00** Kvöldfréttir
**18.25** Spegillinn
**19.00** Endurómur úr Evrópu
**20.00** Leynifélagið
**20.30** Stefnumót
**21.10** Út um græna grundu
**22.15** Vindur, vindur, ljá mér lið
**23.00** Gárur
**00.10** Útvarpað á samtengdum rásum

**FM 90,9** Talstöðin **FM 99,4** Útvarp Saga **FM 98,9** Bylgjan **FM 95,7 FM957** / Topp tónlistarstöðin **FM 102,2** Útvarp Latibær / Fjölskyldu útvarp **FM 102,9** Lindin / Kristilegt efni **FM 96,7** Létt Bylgjan / Tónlist og afþreying **FM 105,5** Útvarp Boðun / Kristilegt efni **FM 88,5** XA-Radíó / 12 spora efni **FM 97,7** X-ið / Enginn viðbjóður

## SIRKUS

**15.25 Þristurinn**
**16.00 Hollyoaks** (77.260)
**16.30 Hollyoaks** (78.260)
**17.00 Hollywood Uncensored**
**17.30 Janice Dickinson Modelling Agency**
**18.15 E-Ring (20.22)**
**19.00 Hollyoaks** (77.260)
**19.30 Hollyoaks** (78.260)
**20.00 Hollywood Uncensored** Hvað gerist á bak við tjöldin í Hollywood.
**20.30 Janice Dickinson Modelling Agency** Janice Dickinson vakti athygli og umtal þegar fyrsta sería raunveruleikaþáttar hennar var sýnd hér á landi en hún er hvergi nærri hætt. 2006.
**21.15 E-Ring** (20.22) Spennuþáttur úr smiðju Jerry Bruckheimer með Dennis Hopper og Benjamin Bratt í aðalhlutverkum.
**22.00 NCIS** (15.24) Fjórða þáttaröð eins vinsælasta spennuþáttar í Bandaríkjunum.
**22.45 Þristurinn**
**23.20 Arrested Development 3** Óborganlegir gamanþættir með mörgum af helstu gamanleikurum heims. Þættirnir fjalla um rugluðustu fjölskyldu Bandaríkjanna og þó víðar væri leitað. Þú veist aldrei á hverju þú átt von frá þessum hóp. 2005.
**23.45 Tru Calling** (5.6) Dularfullir og spennandi þættir.
**00.30 Totally Frank**
**00.55 The Starlet** (6.6)
**01.40 Tónlistarmyndbönd frá Popp TV**

## INN

**20.00 Mörður** Mörður Árnason litar pólitíska landslagið eins og honum einum er lagið.
**20.30 Randver** Randver Þorláksson tekur tali fólk sem er áhrifavaldar í íslensku lista- og menningarlífi.
**21.00 Reynslunni ríkari** Ásdís Olsen og Elísabet Jökulsdóttir rithöfundur í spjalli sem enginn má missa af.

## DR 1

**11.00** TV Avisen **11.10** Kontant **11.35** Aftenshowet **12.00** Aftenshowet 2. del **12.30** Dødens detektiver **12.50** Ha' det godt **13.20** Rig ved et tilfælde **13.50** Nyheder på tegnsprog **14.00** TV Avisen med Vejret **14.10** Dawson's Creek **15.00** Flemmings Helte **15.15** Skum TV **15.30** Robotboy **15.45** Max **16.15** Den lille Julemand **16.30** Jul i Svinget **17.00** Aftenshowet **17.30** TV Avisen med Sport **18.00** Aftenshowet med Vejret **18.30** Hvad er det værd **19.00** Søren Ryge præstenterer **19.30** Når storken svigter - fem år efter **20.00** TV Avisen **20.25** Penge **20.50** SportNyt **21.00** Kriminalkommissær Barnaby **22.40** Onsdags Lotto **22.45** OBS **22.50** Lær - på livet løs **23.20** Flemmings Helte **5.00** Anton

## NRK 1

**11.40** Bombenes bakmenn **12.40** 4•4•2: Bakrommet: Fotballmagasin **13.10** Tom og Jerry **13.15** Presidenten **14.05** Hemmelig agent på moped **14.25** Forelsket **14.45** Kårni og Børni **14.55** Absalons hemmelighet **15.25** Fabrikken **16.00** NRK nyheter **16.10** Oddasat - Nyheter på samisk **16.25** Typisk norsk **16.55** Nyheter på tegnspråk **17.00** Barnas superjul **17.30** KatjaKaj og BenteBent **17.40** Distriktsnyheter **18.00** Dagsrevyen **18.30** Forbrukerinspektørene **18.55** Dyrisk **19.25** Redaksjon EN **19.55** Distriktsnyheter **20.00** Dagsrevyen 21 **20.30** Vikinglotto **20.35** Cracker spesial **21.35** Migrapolis: Herlig **22.00** Kveldsnytt **22.15** Keno **22.20** Gretne gamle menn ved juletider **23.20** The Wire **0.15** Kulturnytt

## SVT 1

**11.05** På spåret **12.50** Matiné: Anna Karenina **14.30** Andra Avenyn **15.00** Rapport **15.10** Gomorron Sverige **16.00** Vrakletarna **16.30** Krokodill **17.00** Bolibompa **17.10** Pozzie **17.15** Mod **17.20** Voffy **17.30** Julkalendern: En riktig jul **17.45** Hjärnkontoret **18.00** Bobster **18.30** Rapport med A-ekonomi **19.00** Uppdrag granskning **20.00** Ståupp **20.25** Grotesco **20.55** Centralskolan **21.00** Studio 60 on the Sunset Strip **21.35** The Newsroom **22.00** Rapport **22.10** Kulturnyheterna **22.20** En spricka i kristallen **23.20** Entourage **23.50** Sändningar från SVT24




## GAMLA MYNDIN



*„Ég man ekkert eftir þessu en þetta hefur ábyggilega verið samkvæmt nýjustu tísku. Ég var með skegg mjög lengi, áratugum saman, og gleraugu þangað til ég lét laga í mér sjónina. Það er mikil blessun að vera laus við þau.“*

Þráinn Bertelsson rithöfundur.

# Tók eina af myndum ársins

Ljósmynd Leós Stefánssonar af bandarísku hljómsveitinni Of Montreal er ein af fjórutíu flottustu hljómsveitamyndum ársins samkvæmt tónlistarsíðunni Pitchforkmedia.com.

„Ég er ofboðslega ánægður með þetta. Þetta er vissulega mikill heiður og gaman að vera í þessum hópi,“ segir Leó. „Ég vissi ekki að þeir ætluðu að hafa þennan lið, enda er þetta í fyrsta skipti sem þeir velja myndir ársins. Ég hef reyndar unnið talsvert fyrir þá og þannig lagað kemur þetta ekki á óvart.“

Myndin var tekin í Hafnarhúsinu eftir tónleika sveitarinnar á Iceland Airwaves-hátíðinni í október. „Það var dálítið erfitt að ná þeim saman. Þau voru dálítið stressuð fyrir „giggið“ en eftir það náði ég að plata þau í þetta.“

Leó byrjaði að starfa fyrir Pitchforkmedia á Airwaves-hátíðinni í fyrra eftir að hafa hitt starfsmann síðunnar fyrir tilviljun á blaðamannamiðstöð hátíðarinnar. Síðan þá hefur hann myndað þó nokkra tónleika, þar á meðal hjá Sykurmolunum og Sufjan Stevens.

Auk þess að taka myndir af tónlistarfólki starfar Leó hjá Stúdentablaðinu og einnig hefur hann myndað fyrir Grapewine. Næsta haust tekur síðan við ljósmyndanám í Gautaborg en samhliða því vonast hann til að geta haldið áfram að mynda fyrir Pitchfork. - fb



**OF MONTREAL** Ljósmynd Leós af hljómsveitinni Of Montreal telst vera ein af myndum ársins.



**LEÓ STEFÁNSSON** Leó segir það mikinn heiður að eiga eina af fjörutíu bestu myndum ársins. FRÉTTABLAÐIÐ/VÖLUNDUR



**LÁRÉTT** 2. niður 6. frá 8. skordýr 9. hjör 11. berist til 12. hangsa 14. hvetji 16. bor 17. tímabil 18. loka 20. tvíhljóði 21. einsöngur.

**LÓÐRÉTT** 1. dans 3. tveir eins 4. land 5. net 7. litur 10. eldsneyti 13. dýrahljóð 15. innyfli 16. fæða 19. ætíð.

**LAUSN**

**LÁRÉTT:** 2. ofan, 6. af, 8. fló, 9. löm, 11. bt, 12. slóra, 14. brýni, 16. al, 17. tíð, 18. lás, 20. au, 21. aría.

**LÓÐRÉTT:** 1. vals, 3. ff, 4. albania, 5. nót, 7. fölblár, 10. mór, 13. rýt, 15. iður, 16. ala, 19. sl.

## VEISTU SVARIÐ

Svör við spurningum á bls. 8

1. Natascha Kampusch
2. Fimm
3. Karl Hákonarson




Sigga & Timo
GULLSMIÐI
STRANDGATA 19 · SÍMI 565 4854
WWW.SIGGAOGTIMO.IS


HELGI BJÖRNSSON: RAPPAÐI MEÐ LENINGRAD COWBOYS

# Helgi Björns með Paris Hilton í mat í Berlín

Leikhússtjórinn Helgi Björnsson varð óvænt leyniatriði í teiti sem haldið var eftir afhendingu evrópsku kvikmyndaverðlaunanna í Arena-höllinni í Berlín um þarsíðustu helgi. Helgi var drifinn upp á svið undir taktfastri tónlist hinnar goðsagnakenndu rokkhljómsveitar Leningrad Cowboys við mikil fagnaðarlæti stórstjarnanna í evrópskri kvikmyndagerð. „Söngvarinn var kominn út á mitt gólf og þegar hann var á leiðinni aftur upp á svið dreif hann mig með sér,“ segir Helgi en sveitin var þá í fullum gangi að leika stuðlagið góðkunna Sweet Home Alabama.

Helga var síðan afhendur míkrafónn en var ekki með texta lagsins á hraðbergi. Að hætti sjóaðs skemmtikrafts dó söngvarinn hins vegar ekki ráðalaus og rappaði á ensku um nauðsyn þess að skemmta sér sjálfur sem átti vel við í teiti hjá bestu skemmtikröftum álfunnar. „Þetta var nú bara spunnið á staðnum og þó ég segi sjálfur frá þá varð allt brjálað í salnum þegar öllu var lokið,“ segir Helgi og hljómsveitarmeðlimirnir sjálfir voru honum ákaflega þakklátir þegar gestirnir voru farnir til síns heima og þökkuðu honum kærlega fyrir að hafa bjargað partíinu. „Þetta sannar nú bara hið fornkveðna að þessi fimm orð „eru ekki allir í stuði“ virka alltaf, sama á hvaða tungu þau eru sungin.“

Söngvarinn var nýkominn til Berlínar þegar Fréttablaðið ræddi við hann í gær, eftir að hafa sungið á velheppnuðum jólatónleikum Björgvins Halldórssonar í Laugardalshöll um helgina. Og þótt verksvið hans hjá þýska leikhúsinu Admirals Palast sé aðallega að sjá um rekstur þess þá var hann að undirbúa veitingastaðinn sem rekinn er samfara því fyrir komu Paris Hilton. S

tjarnan umdeilda kemur til Berlínar í dag og ætlar að kynna nýjan drykk á veitingastaðnum sem hefur slegið í gegn að undanförnu hjá Berlínarbúum. Helgi vildi ekki gera mikið úr komu þessarar umdeildu stjörnu en sagðist þó vera öllu vanur, ekki væri langt síðan hann ásamt öryggisvörðum hefðu komið Katie Holmes, eiginkonu Tom Cruise, undan brjáluðum paparözzum. „Og ætli það verði ekki eitthvað svipað upp á teningnum núna,“ segir Helgi og hlær.

freyrgigja@frettabladid.is



**Á SVIÐINU MEÐ LENINGRAD COWBOYS** Helgi Björnsson rappaði undir taktfastri tónlist Leningrad Cowboys við mikinn fögnuð viðstaddra í Berlín á dögunum. MYND/ÞORFINNUR ÓMARSSON



**BORÐAR HJÁ HELGA** Paris Hilton er væntanleg á veitingastað leikhúss Helga Björnssonar í Berlín í dag. Búast má við miklum fjölmiðlasirkus þegar fyrirsætan og leikkonan mætir á svæðið.

## FRÉTTIR AF FÓLKI

Jóladagatal Norræna hússins hefur mælst vel fyrir en í hverju hádegi fram til jóla er gluggi opnaður og einn okkar ágætustu listamanna stígur fram. **Megas** var fyrir helgi og þótt bannað sé að opna gluggana getur Fréttablaðið ekki stillt sig um að hvísla því að 18. desember mun sjálfur **Mugison** troða upp og einnig er **Egill Ólafsson** á dagskrá.



Ljóst er að Íslendingar ætla að taka bókinni um Breiðavíkurmálið, Breiðavíkurdreng eftir **Pál Rúnar Elísson** og **Bárð Ragnar Jónsson**, betur en kvikmyndinni sem þó hlaut Edduverðlaun. Haft var eftir **Ara Alexander** kvikmyndagerðarmanni í Mogga fyrir skemmstu að aðsókn hefði verið undir frostmarki en bókin er hins vegar uppseld hjá útgefanda og von á endurprentun eftir helgi.



Útvarpsmaðurinn **Ólafur Páll Gunnarsson** og umboðsmaðurinn **Kári Sturluson** voru meðal fárra Íslendinga sem fóru á endurkomutónleika Led Zeppelin í London á mánudagskvöld. Kári varð sér úti um tvo miða á síðustu stundu í gegnum umboðsmann söngvarans, Roberts Plant, sem söng á Íslandi á hans vegum fyrir skemmstu, og bauð Óla Palla með sér. Miðar á tónleikana seldust á svörtum markaði á yfir milljón krónur svo ljóst má vera að miklir kærleikar eru þeirra í millum. - jbg/hdm










Gnoðarvogi 44, s. 588 8686.
Opið 10-18:15 laugardaga 11-14.

Glæný smálúða, stórlúða, skötuselur, stór Humar, pillaður humar, hörpuskel




# Enskumælandi elska Yrsu

„Við erum í skýjunum með það hvernig Þriðja táknið fer af stað í hinum enskumælandi heimi. Viðtökurnar í Bandaríkjunum hafa verið framar vonum og nú virðist það sama ætla að gerast í Bretlandi,“ segir Pétur Már Ólafsson hjá bókaforlaginu Veröld.

Enn berast fregnir af sigrum Yrsu Sigurðardóttur, svonefndri glæpasagnadrottningu. Mark Billingham, einhver helsti glæpasagnahöfundur Bretlands, var beðinn um að tilnefna uppáhaldsbækur sínar til sérstakrar uppstillingar í bókaverslunum Borders í Bretlandi á nýju ári. Billingham valdi meðal annars Þriðja táknið eftir Yrsu. Hann segir meðal annars um bókina að Arnaldur Indriðason hafi vakið mikla athygli á íslenskum glæpasögum þegar hann vann Gullrýtinginn fyrir nokkrum árum en Þriðja táknið sé önnur metsölubók frá Íslandi sem verðskuldi að slá í gegn. „Myrk, djúp og ísköld eins og íslenskur fjörður; þetta er glæsileg og gefandi frumraun um forna leyndardóma og afar nútímalegt morð.“

Pétur segir að menn þurfi ekki annað en gúgla Billingham til að komast að því að hann sé enginn meðaljón heldur einn þeirra stóru. Þriðja táknið er væntanlegt á markað í innbundinni útgáfu í Bretlandi eftir áramót en kom út í október í Bandaríkjunum þar sem hún hefur fengið góða dóma.

„Það er gríðarlega þýðingarmikið að fá svo jákvæða umsögn hjá jafn virtum glæpasagnahöfundi og Mark Billingham. Þá er líka sérlega ánægjulegt að Yrsa skuli hafa náð inn á metsölulista í Þýskalandi í vikunni með Sér grefur gröf,“ segir Pétur Már. - jbg



**YRSA SIGURÐARDÓTTIR** Stöðugar fréttir berast nú af velgengni þessarar íslensku drottningar glæpasögunnar.



TILBOÐ

79.900-

**MIRAI** 32" LCD háskerpusjónvarp

1366x766 háskerpu upplausn / Skerpa: 1500:1

# HARÐIR
## jólapakkar




189.900-

**Panasonic** 42" PV70 PLASMA

Glæsilegt tæki af nýjustu kynslóðinni frá Panasonic
sem fékk nýlega hin eftirsóttu EISA* verðlaun fyrir besta
plasma sjónvarpið.
HDTV Ready / Upplausn1024x768 / Skerpa: 10.000:1



69.900-

**ACER** Extensa 4220 - fartölva

Intel Celeron 1.73Ghz, 1GB DDR2 vinnsluminni
80GB harður diskur, 14.1" skjár, Windows Vista



16.900-

**SAROTECH** DVP-370 - Flakkari

Horfðu á bíómyndirnar beint úr flakkaranum
Styður allt að 500GB harða diska - diskur ekki innifalinn



Verð frá:
5.900-

**Panasonic** þráðlausir símar

Panasonic símar í miklu úrvali!

svar:) tækni

WWW.SVAR.IS - SÍÐUMÚLA 37 - SÍMI 510 6000

# FRÉTTABLAÐIÐ

**SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS:** 512 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 512 5313, fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is
**DREIFING:** dreifing@posthusid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **Veffang:** visir.is

**VIÐ SEGJUM FRÉTTIR** **SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 512 5000**



SÉRBLAÐ FYLGIR
Europris
FRÁBÆR TILBOÐ!




**BAKÞANKAR**

Þórhildar Elínar Elínardóttur


## *Baráttan um biblíusögurnar*

Tilvalin leið til sjálfsvorkunnar er að rifja upp mistök foreldra sinna. Þrátt fyrir að þau hafi trúlega barist um á hæl og hnakka við að vera bestu uppalendur í heimi er hægt að vera furðu naskur á allskyns óréttlæti sem maður var látinn þola sem barn. Til dæmis árið þegar ég var tíu ára og fékk nærbol í sumargjöf á meðan vinkonurnar fengu ný sippubönd. Það var sár lífsreynsla. Eða að ég var gerð ábyrg fyrir öllum rifrildum og aldrei frekjudollan hún systir mín tveggja ára. Móðir mín uppgötvaði reyndar fljótt leið til að kljást við átakanlegar upprifjanir dætranna. Hún andvarpar mæðulega, horfir annars hugar út um gluggann og hvetur okkur eindregið til að bæta þessu í svörtu bókina. Málið afgreitt og kræsileg sjálfsmeðaumkun farin til spillis.

**ÞÓTT** ég fái grátlega sjaldan tækifæri til að nudda mömmu upp úr harmi æsku minnar get ég fullyrt að hefði kennslu í biblíusögum verið úthýst úr skólanum hefði uppfræðslan orðið æði götótt. Þrátt fyrir að foreldrar mínir væru kristilegir og kærleiksríkir og legðu mikla áherslu á gæskufulla innrætingu þá snerist bóklesturinn frekar um Línu Langsokk en Jesú Krist.

**HEFÐU** biblíusögurnar átt að afgreiðast heima myndi ég ekki hafa haldgóða hugmynd um sonarfórn guðs og manns, fagnaðarerindið eða píslarsöguna. Þekkti þaðan af síður tilvist kraftaverka af ýmsum stærðum og gerðum sem þó eru nauðsynleg bæði hversdags og spari. Og hefði ekki fengið þessi ágætu tækifæri til að hækka meðaleinkunnina með góðri frammistöðu í auðlesnum biblíusögum.

**AF** ótta við að vera ekki nógu umburðarlynd virðist umræðan stundum snúast um það hvernig hægt er að láta í minni pokann til að styggja engan. Kristin fræði eru ríkur hluti af menningu okkar, sögu og bókmenntum. Hugmyndir um að banna biblíusögur í barnaskólum vegna þess að vantrúarhitinn ber fáeina einstaklinga ofurliði, er eins og að vilja banna kjötbollur í mötuneytinu vegna þess að Gudda í bókhaldinu er grænmetisæta.

**EF** okkur er svo annt um orðsporið sem frjálslynd þjóð að við erum sem lauf í vindi í orðræðunni, munum við enda úti í móa. Fræðsla og boðun er ekki það sama og biblíusögurnar eru námsgögn í arfleifð kristinnar þjóðar.

**GÓÐAN DAG!**

**Í dag er miðvikudagurinn 12. desember, 346. dagur ársins.**

| | Sólarupprás | Hádegi | Sólarlag |
|---|---|---|---|
| Reykjavík | 11.10 | 13.21 | 15.32 |
| Akureyri | 11.24 | 13.06 | 14.48 |

*Heimild: Almanak Háskólans*


www.toyota.is




**Hraðþjónusta Toyota Kópavogi** - svo þú getir tekið því rólega

Núna er rétti tíminn til að græja bílinn fyrir veturinn. Láttu fagmenn Toyota skipta um olíu, mæla frostlöginn, skipta út lélegum eða ónýtum perum og sjá um annað sem betur mætti fara í bílnum. Bjóðum hágæða rafgeyma fyrir flestar tegundir bíla – frí ísetning og þriggja ára ábyrgð.




Hraðþjónusta Toyota - ekið inn að ofanverðu, Dalbrekkumegin

**Tilboð út desember:**
15% afsláttur af þurrkublöðum og Optibright-perum en þær gefa helmingi meiri birtu en venjulegar perur.

**Andaðu rólega og láttu okkur spara þér tíma – komdu í Hraðþjónustu Toyota Kópavogi og við sinnum bílnum þínum hratt og örugglega.**

TODAY TOMORROW TOYOTA

Toyota Kópavogi
Nýbýlavegi 2
Kópavogur
Sími: 570-5070
www.toyota.is